


skoðun 16

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur








# FRÉTTABLAÐIÐ



Föstudagur
8. október 2010
236. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI


# Vilja rukka netnotendur

**STEF vill leggja aukagjöld á nettengingar til að sporna við ólöglegu niðurhali á tónlist. Gjöldin rynnu til höfundarrétthafa og veittu notendum aðgang að tónlist á lögmætan hátt. Óréttlátt segir verkefnastjóri SAFT.**

**TÆKNI** Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) vill sporna við ólöglegu niðurhali á tónlist hér á landi með því að leggja meðal annars gjöld á nettengingar. Gjöldin myndu gefa notendum aðgang að tónlist á netinu með löglegum hætti og fara í sameiginlegan sjóð sem yrði síðan útdeilt til höfundarréttarhafa.

Hugmyndirnar voru kynntar á fundi sem haldinn var í lok síðasta mánaðar. Þar voru viðstaddir fulltrúar þeirra sem koma að útgáfu og dreifingu tónlistar, höfundarrétthafa og fjarskiptafyrirtækja. Eiríkur Tómasson, framkvæmdastjóri STEFs, kynnti hugmyndina á fundinum, þar sem meðal annars kom fram að lögreglueftirlit með ólöglegu niðurhali tónlistar væri bæði kostnaðarsamt og tímafrekt. Að hans mati bæri fjarskiptafyrirtækjum siðferðisleg skylda til þess að aðstoða rétthafa við að fá endurgjald fyrir afnot af verkum sínum. Viðræðurnar væru þó á frumstigi, sem og útfærsla hugmyndarinnar.

„Við sem tókum þátt í þessum viðræðum viljum gera þetta á sem einfaldastan hátt, þannig að almenningi verði tryggt að njóta tónlistar á löglegan hátt,“ segir Eiríkur. Hugmyndin gangi út á hóflegt gjald sem notendum bæri að greiða og myndu þeir þar með fá heimild til að nálgast tónlist á lögmætan hátt á netinu í gegnum sérstakt vefsvæði.

Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri Samfélags, fjölskyldu og tækni (SAFT), telur að aukagjöld ofan á nettengingar séu óréttlát gagnvart þeim sem ekki séu að hala niður tónlist ólöglega.

„Ég er ekki viss um að þetta eigi eftir að fá góðan hljómgrunn,“ segir Guðberg. „Við vitum samkvæmt okkar rannsóknum að meirihluti fólks er að hlaða niður efni af netinu og það hlutfall mun ekkert minnka.“

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, tekur undir orð Guðbergs og telur vænlegra til árangurs að hafa áhrif á hegðun notenda.

„Það er auðvitað ekki hlutverk fjarskiptafyrirtækja að vera löggæsluaðili í þessu samhengi. Við getum ekki borið ábyrgð á því sem fólk segir í símana sína eða hvað það gerir á internetinu,“ segir Hrannar. „Eina varanlega lausnin er að stuðla að breyttri hegðun með samstilltu átaki og það er vel mögulegt.“

**sunna@frettabladid.is**

### Höfundagjöld á vörum

| Vara | Höfundagjöld |
|---|---|
| Segulbönd | 35-175 krónur |
| Myndbönd | 11-500 krónur |
| Geisladiskar, -2 GB | 17 krónur |
| Geisladiskar, +2 GB | 50 krónur |
| Tölvur með brennara | 1% af verði |
| Segulbandstæki | 4% af verði |
| Geisladiskabrennarar | 4% af verði |
| MP3-spilarar (iPod) | 4% af verði |
| Mynduppptökutæki | 2% af verði |
| Útvarp með segulbandi | 2% af verði |

**Samkvæmt reglugerð menntamálaráðuneytis frá árinu 2001**

## Tantrað í Grafarvogi
*Magdalena Hansen rekur Tantra Temple í Grafarvogi og segir Íslendinga lokaða.*
**fólk 30**



## Góður sigur á Skotum
*Íslenska U-21 landsliðið vann nauman en góðan sigur á Skotum í gær.*
**sport 32**

## Geðhjálp í 30 ár
*Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn verður haldinn á sunnudaginn.*
**sérblað geðhjálpar 2**



fyrir allar dætur
ömmur - mömmur - systur - vinkonur ...
Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini
Söfnunarmarkmið 50.000 slaufur
10 20 30 40 50 þúsund

## veðrið í dag




**BREYTILEG ÁTT** Í verður fremur hægur vindur, 3-8 m/s. N- og NA-til verður léttskýjað en súld eða rigning SA-til framan af degi. Annars staðar bjart með köflum en gæti dropað aðeins NV-lands.

**VEÐUR 4**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ALLT Á FULLT** Svo virtist sem Halldór Ásgrímsson væri mættur í gær til að fá peninga í bankanum. Við nánari skoðun kom í ljós að þar var bara á ferð Pálmi Gestsson sem var ásamt félögum sínum í Spaugstofunni að taka upp fyrsta þáttinn sinn fyrir Stöð 2. Þátturinn verður í opinni dagskrá annað kvöld.

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir:

## Ilmvatn úr Eyjafjallajökli

**FÓLK** Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, oftast kennd við tískuvörumerkið Gyðju, hyggst setja á markað nýtt íslenskt ilmvatn undir nafninu EFJ Eyjafjallajökull.



SIGRÚN LILJA GUÐJÓNSDÓTTIR

Ilmvatnið verður unnið úr vatni frá jöklinum en það er framleitt í Suður-Frakklandi.

Sigrún Lilja segir mikla vinnu liggja þarna að baki, hún hafi reynt fjölda prufa á sér og vinum sínum til að finna rétta ilminn. „Það er svona sítruskeimur af því,“ segir Sigrún í samtali við Fréttablaðið.

Hún segir það lengi hafa verið á stefnuskránni hjá sér að gera eigið ilmvatn og efast ekki um að íslenskur ilmur eigi erindi á ilmvatnsmarkaðinn.

**- fgg / sjá síðu 38**

Heilbrigðisráðherra segir ekki hægt að dreifa tækni og sérfræðingum um landið:

# Bíður tillagna forstöðumanna

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það eru sívaxandi kröfur um ákveðna tækni og ákveðna færni og kunnáttu í læknisþjónustu en það er ekki hægt að dreifa þessu um allt land heldur verður að koma henni fyrir á fáum stöðum, til dæmis höfuðborgarsvæðinu og Akureyri,“ segir Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra.

Hann segir niðurskurð á smærri heilbrigðisstofnunum afar erfiðan. Óskað hafi verið eftir tillögum frá forstöðumönnum og farið verði yfir niðurskurðaráformin í framhaldinu. Ekki megi gera lítið úr því að þetta sé mikið atvinnumál úti á landsbyggðinni.

Guðbjartur segir breytingar á fyrirhuguðum niðurskurði eins og að hræra í potti, eftir sem áður þurfi að skera niður um 4,8 milljarða í heilbrigðiskerfinu.

Guðbjartur segir að í niðurskurðartillögunum sé forgangsraðað eins og gert hafi verið og áherslan á að byggja upp fá en öflug sjúkrahús og byggja upp heilsugæsluna til að taka við þeim málum sem hún geti ráðið við. Sérstaklega þurfi að efla heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu, sem hafi ekki verið byggð jafn markvisst upp og á landsbyggðinni.

Fjölmennir borgarafundir voru víða um land í gær þar sem fyrirhuguðum niðurskurði var harðlega mótmælt.

**- bj / sjá síðu 2**









**SPURNING DAGSINS**



*Aðalsteinn, er þetta ekki brennheitt efni?*

„Alveg sjóðandi. Þetta rýkur út.“

Aðalsteinn Júlíus Magnússon og félagar hjá hlusta.is bjóða viðskiptavinum að sækja margar af perlum íslenskra bókmennta á netið. Brennu-Njálssaga er vinsælasta nýjungin þeirra.

Fjölmennt víða um land á borgarafundum um niðurskurð í heilbrigðisþjónustu:

# Þingmenn lofa að vinda ofan af niðurskurðinum

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er varla hægt að ætlast til þess að eitt prósent af íbúum landsins taki á sig sig tólf til þrettán prósent af niðurskurðinum í heilbrigðiskerfinu,“ sagði Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri í Norðurþingi, eftir um þrettán hundruð manna borgarfund á Húsavík í gær.

Fundurinn í gær var sá fjölmennasti á Húsavík fyrr og síðar. Sjö af tíu þingmönnum kjördæmisins mættu á fundinn. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga að skera niður um fjórtíu prósent. „En það gleðilega er að það var ekki betur að heyra en þingmenn kjördæmisins ætli að vinda ofan af þeim boðskap sem við höfum fengið,“ segir Bergur.

Reyknesingar fjölmenntu á borgarafund í Stapa til að mótmæla fjórðungs niðurskurði hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Í Vestmannaeyjum mætti fjöldi íbúa á opinn fund til að mótmæla fyrirhuguðum niðurskurði þar. Myndaði fólk hring í kringum sjúkrahúsið.

Stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Austurlands komu saman á skyndifund í gær. Sagt er allt nítíu manns þar geti misst vinnuna.

Á Ísafirði var einnig borgarafundur í gærkvöldi en honum lauk ekki áður en Fréttablaðið fór í prentun.

Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra var boðinn á þrjá þessara funda. Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarkona ráðherrans, segir hann ekki hafa viljað gera upp á milli staðanna og því mætt á engan fundanna. - gar



**KREFJAST ÞJÓNUSTU HEIMA** Starfsmenn Heilbrigðistofnunar Suðurnesja settu svip á mótmæli gegn niðurskurði í heilbrigðisþjónustu á svæðinu. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Ljósmyndakeppni lýkur í dag:

## Forsíðan bíður sigurvegarans

**MENNING** Afar góð viðbrögð voru í gær við áskorun Fréttablaðsins til lesenda um að senda inn myndir í ljósmyndasamkeppni blaðsins.

Keppnin hófst í gær og lýkur á hádegi í dag. Þema keppninnar er Fólk að hausti. Til mikils er að vinna fyrir sigurvegarann því myndin sem hlýtur fyrstu verðlaun mun prýða forsíðu helgarblaðs Fréttablaðsins á morgun. Þess utan fær höfundur sigurmyndarinnar gjafabréf fyrir tvo á á einhvern af áfangastöðum Iceland Express í Evrópu. Önnur og þriðju verðlaun eru gjafakort í Þjóðleikhúsið. Myndir á að senda á netfangið ljosmyndakeppni@frettabladid.is. - gar

Lóð undir mosku í Reykjavík:

## Mikill vilji hjá skipulagsráði

**SKIPULAGSMÁL** **Mikill vilji er hjá skipulagsráði Reykjavíkur að ganga frá úthlutun lóðar undir mosku og menningarsetur Félags íslenskra múslima. Það segir Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs, í samtali við Fréttablaðið.**



PÁLL HJALTASON

**Eins og fram hefur komið, hefur félagið beðið í um áratug eftir að fá lóð, en nú hillir undir að biðinni muni ljúka.**

**Páll segir að hann hafi áhuga á að ljúka málinu sem fyrst.**

**„Það verða á henni einhverjar kvaðir eftir því hvar hún verður, svo þetta falli inn í aðstæður og svo fá þeir bara úthlutað lóð eins og hver annar til að hefjast handa.“** - þj



**ALI ZERBOUT** Eftirlýstur vegna tilraunar til manndráps.



**ROBERT DARIUSZ SOBIECKI** Eftirlýstur vegna nauðgunar.



**PAP OUSMAN KWEKO SECKA** Eftirlýstur vegna nauðgunar og misneytingar.



**THOMAS DOVYDAITIS** Eftirlýstur vegna líkamsárásar og ráns.

# Eftirlýstir af Interpol fyrir glæpi hérlendis

**Fjórir menn eru eftirlýstir af Interpol vegna glæpa sem þeir frömdu hér á landi. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa stungið af þegar átti að færa þá fyrir dómara eða eftir að þeir höfðu hlotið dóma hér. Brotin eru mismunandi en öll gróf.**

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir erlendir karlmenn eru eftirlýstir af alþjóðalögreglunni Interpol fyrir alvarleg brot sem þeir hafa framið hér á landi. Hinn fimmti, sem eftirlýstur var til skamms tíma, hefur nú verið handtekinn og situr í fangelsi í Líbanon. Mennirnir hafa allir verið eftirlýstir um árabil.

Í Venezúela situr svo í fangelsi Steingrímur Þór Ólafsson sem handtekinn var ytra í kjölfar eftirlýsingar Interpol fyrir íslensk lögregluyfirvöld vegna rannsóknar lögreglu á fjársvikamáli.

Smári Sigurðsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá alþjóðadeild ríkislögreglustjóra segir að reglulega þurfi að svara fyrirspurnum frá lögregluyfirvöldum ytra hvort vilji sé til þess hjá lögreglu hér að hinn eftirlýsti sé áfram á listanum.

Sá sem situr inni í Líbanon, Moh D Bashar Najeh Suleiman Almasid, var dæmdur hér árið 2006 í tveggja ára fangelsi í Hæstarétti fyrir að vera með til söludreifingar nær 250 grömm af amfetamíni og samtals 656 amfetamín- og e-töflur, sem hann faldi í holu í baðherbergisvegg á veitingastað sem hann rak þá í Hafnarstræti í Reykjavík, Purple onion. Maðurinn stakk af áður en til afplánunar kom.

Þá er litháískur karlmaður, Robert Dariusz Sobiecki, eftirlýstur. Hann var dæmdur í Hæstarétti í þriggja ára fangelsi fyrir að nauðga konu inni á kvennasalerni á Hótel Sögu í mars árið 2007. Hann hvarf úr landi áður en afplánun hófst.

Annar maður frá Litháen, Thomas Dovydaitis, er eftirlýstur fyrir líkamsárás og rán hér, í félagi við annan mann. Þeir réðust á karlmann í húsasundi við Laugaveg kýldu hann í andlitið og rændu hann síðan. Maðurinn slasaðist mikið við árásina.

Sá sem nú er eftirlýstur stakk af úr landi en félagi hans var dæmdur í tveggja ára fangelsi hér.

Þá er 45 ára karlmaður frá Alsír, Ali Zerbout, eftirlýstur fyrir tilraun til manndráps á bílastæði í Reykjavík. Hann var dæmdur í Hæstarétti í sex ára fangelsi fyrir að stinga hálffertugan mann tvívegis með hnífi þannig að hann hlaut djúp lífshættuleg stungusár á höfði og líkama. Árásarmaðurinn lét sig hverfa þegar átti að ákæra hann.

Loks er eftirlýstur maður frá Gana, Pap Ousman Kweko Secka. Hann átti yfir höfði sér tvær ákærur frá ríkissaksóknara. Hann var ákærður fyrir nauðgun annars vegar og misneytingu hins vegar. Maðurinn hvarf af landi brott áður en málin voru þingfest í héraðsdómi en hann hafði búið hér árum saman.

jss@frettabladid.is

Aukið álag á Hæstarétt:

## Fjölga dómurum úr 9 í 15

**ALÞINGI** **Fjölga þarf hæstaréttardómurum að mati Ögmundar Jónassonar dómsmálaráðherra. Þetta kom fram í svari Ögmundar við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær.**

**Fimm hæstaréttardómarar þurfa að sitja í landsdómi og því ljóst að álag muni aukast verulega á Hæstarétti á meðan landsdómur vinnur sín störf. Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, lagði til að hæstaréttardómurum yrði fjölgað úr níu í fimmtán. Svo myndu þeim fækka aftur niður í níu eftir því sem hæstaréttardómarar færu á eftirlaun. Gerði hún ráð fyrir að þetta myndi gerast á um tíu árum.**

**Ögmundur hefur óskað eftir greinargerð frá forseta Hæstaréttar og segir málið síðan verða skoðað út frá þeim forsendum.**

Hefur áhyggjur af þinghúsinu:

## Skemmdirnar óafturkræfar

**MÓTMÆLI** „Ég er ekki viss um að fólk átti sig á því að það er verið að eyðileggja varanlega Alþingshúsið, sem er þjóðargersemi,“ segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis.



ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR

Hún segir háþrýstiþvott sem grípa þurfi til vegna matvæla sem kastað sé á þinghúsið ganga afar nærri íslenska grágrýtinu sem húsið var hlaðið úr árið 1881. Steininn molni undan þvottinum, og ekki sé hægt að gera við þann skaða á friðlýstu húsinu.

„Það er sjálfsagt að mótmæla, en þetta hús er okkar sameign, og ég bið fólk um að virða það og láta húsið í friði,“ segir Ásta. - bj






Telur handvömm Alþingis geta leitt til þess að ákæran hafi fallið niður:

# Segir ekki farið að lögum

**LANDSDÓMUR** Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, hefur gert athugasemdir við afgreiðslu Alþingis á kæru á hendur honum fyrir landsdómi. Í bréfi frá verjanda hans segir að svo virðist sem Alþingi hafi látið málið niður falla með því að ljúka ekki afgreiðslu þess áður en þingi var slitið.

Alþingi ákvað hinn 29. september síðastliðinn að höfða bæri mál á hendur Geir fyrir landsdómi. Í lögum um landsdóm segir að ákvörðun um málshöfðun skuli taka með þingsályktun. Jafnframt því kjósi Alþingi saksóknara, varasaksóknara og þingnefnd til að fylgja málinu eftir.

Andri Árnason, verjandi Geirs, sendi forseta Alþingis bréf á miðvikudag þar sem dregið var í efa að rétt hafi verið að þessum málum staðið. Andri segir það sinn skilning að þingið hefði átt að kjósa saksóknara og þingnefnd samhliða kosningu um ákæru. Það hefði ekki verið gert, heldur hefði þingi verið slitið í kjölfar atkvæðagreiðslu um ákærur á hendur fyrrverandi ráðherrum. Til stendur að kjósa saksóknara á þingfundi eftir helgi.



GEIR H. HAARDE

Þar sem þingið kaus ekki saksóknara og eftirlitsnefnd áður en því var slitið er rétt að velta því upp hvort málið hafi hlotið fullnaðarafgreiðslu hjá Alþingi áður en þingi var slitið og nýtt þing kom saman, segir Andri í samtali við Fréttablaðið. Samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis falla niður í lok þings þau mál sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu.

Bregðist þingið ekki við þessu með einhverjum hætti verður væntanlega látið reyna á þetta atriði fyrir landsdómi, komi hann saman, segir Andri. Þá verði dómurinn að taka afstöðu til þess hvort saksóknarinn teljist löglega kjörinn eða ekki. Sé hann ekki löglega kjörinn verði að fella málið niður.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, kynnti erindið í forsætisnefnd í gær. Í samtali við Fréttablaðið sagði hún að verið væri að fara yfir það á þinginu, en ekki væri búið að taka afstöðu til þeirra álitaefna sem þar komi fram. - bj




Staðalbúnaður m.a. Bluetooth búnaður, Fosgate hljómflutningskerfi, aldrif 4WD og 17" álfelgur

**Verð 4.990.000 kr.**

Mitsubishi ASX Invite

## MITSUBISHI ASX ER KOMINN - FRUMSÝNING Á MORGUN

Mitsubishi ASX er passlegur á svo marga vegu. Hann er rúmgóður án þess að vera of fyrirferðarmikill. Nýja ClearTec dísilvélin er aflmikil en um leið einstaklega sparneytin og losar aðeins 150g af $CO^2$ á hverja 100 km. Mitsubishi ASX er nettur og fallegur að utan sem innan og hið afburðagóða Rockford Fosgate hljómflutningskerfi fylgir hverjum bíl sem staðalbúnaður. Ef þú elskar lífið, þá elskar þú Mitsubishi ASX. Komdu og reynsluaktu!

**ALLT AÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ MEÐ BÍLAÁBYRGÐ HEKLU**

Opið virka daga frá kl. 10–18 og á laugardögum frá kl. 12–16

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

## GENGIÐ 07.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 110,35 | 110,87 |
| Sterlingspund | 175,86 | 176,72 |
| Evra | 154,09 | 154,95 |
| Dönsk króna | 20,664 | 20,784 |
| Norsk króna | 19,097 | 19,209 |
| Sænsk króna | 16,531 | 16,627 |
| Japanskt jen | 1,3377 | 1,3455 |
| SDR | 173,34 | 174,38 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,1918

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðstoðarseðlabankastjóri segir skref í afnámi gjaldeyrishafta í undirbúningi:

# Höft eru gróðrarstía lögbrota

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn mun á næstu mánuðum ráðfæra sig við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, aðra ráðgjafa og stjórnvöld um endurskoðun á áætlun um afnám gjaldeyrishafta, að sögn Arnórs Sighvatssonar aðstoðarseðlabankastjóra. Hann segir gjaldeyrishöft brengla efnahagslega hvata, leiða til þess að viðskiptatækifæri glatast og vera gróðrarstíu lögbrota.

Arnór hélt erindi í gær á fundi eignastýringarfyrirtækisins Íslensk verðbréf en þar fjallaði hann um leiðina úr höftunum.

Arnór benti á að óstöðugt skammtímafjármagn, krónueignir í eigu erlendra fjárfesta, skapi ákveðna hættu þegar næstu skref hafta verði afnumin.

„Meðal þess sem kemur til álita er að efna til útboða þar sem erlendum aðilum sem eiga krónueignir gefst kostur á að skipta á þeim og skuldabréfum í erlendum gjaldmiðli, sem gengið geta kaupum og sölum án takmarkana,“ sagði Arnór, en bætti við að sömuleiðis komi til greina að leggja á stiglækkandi útgönguskatt, samhliða eða síðar. Þá megi leita leiða til að beina fjármagninu í innlenda langtímafjárfestingu. - jab



**ARNÓR** Semja verður um krónueignir erlendra aðila sem festust hér við innleiðingu gjaldeyrishafta áður en þau verða afnumin, segir aðstoðarseðlabankastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bandarísk þingnefnd:

# Gagnrýnir öryggisfyrirtækin

**BANDARÍKIN, AP Bandarísk þingnefnd gagnrýnir harðlega verktakafyrirtæki sem sinnt hafa öryggisgæslu fyrir bandaríska stofnanir í Afganistans.**

**Í skýrslu hermálanefndar öldungadeildar þingsins segir að verktakafyrirtækin kanni oft ekki bakgrunn heimamanna sem þau ráði til starfa. Oft séu þetta langreyndir stríðsjálkar í nánum tengslum við uppreisnarsveitir sem berjist gegn afgönsku stjórninni og erlenda fjölþjóðaliðinu.** - gb

Hönnuður var sýknaður:

# Regnhlífar voru ekki hættulegar

**DÓMSMÁL Hönnuður hefur verið sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur af broti á vopnalögum.**

**Manninum var gefið að sök að hafa í júlí 2009 flutt til landsins og haft í vörslu sinni allt til fimmtudagsins 3. september 2009, fjögur hnúajárn sem hann nýtti sem handföng á fjórar regnhlífar.**

**Lögregla hafði farið í verslun sem maðurinn rekur í tengslum við verkstæði sitt og lagt hald á regnhlífar, sem hann hafði hannað með handföngum í líki hnúajárna. Dómari handlék eina þeirra og taldi ekki að hætta gæti stafað af henni.** - jss

Ofbeldismaður áfram inni:

# Barði konu og hrinti fötluðum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhald til 1. nóvember yfir manni sem er grunaður um að hafa gengið í skrokk á fyrrverandi sambýliskonu sinni og stórslasað hana.

Maðurinn ruddist inn á heimili konunnar í Hveragerði og barði hana í höfuðið, að líkindum með hnúajárni. Talið er hending að hann hafi ekki orðið konunni ekki að bana.

Samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Suðurlands er maðurinn einnig grunaður um að hafa hrint fötluðum manni af reiðhjóli og ráðist á hann með þeim afleiðingum að maðurinn mjaðmagrindarbrotnaði. - jss

## ALÞINGI

### Jóhanna með lögregluvernd

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur haft lögregluvernd síðan mótmælin á Austurvelli hófust síðastliðinn föstudag. Það mun vera lögreglumaður frá Ríkislögreglustjóra sem fylgir forsætisráðherranum.

# Svandís áfrýjar dómi vegna óskýrra laga

**Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segist áfrýja dómi um skipulagsmál í Flóanum til að fá skorið úr um hverjir megi koma að kostnaði sveitarfélaga við skipulagsgerð. Skipulagsmál Flóahrepps eru í biðstöðu á meðan.**

**VIRKJANIR** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur áfrýjað dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem synjun hennar á þeim hluta aðalskipulags Flóahrepps er varðar Urriðafossvirkjun var ógilt. Hún segir ástæðuna vera þá að hún vilji skýrari leiðsögn um það hver megi koma að kostnaði við skipulagsgerð.

Forsaga málsins er sú að Flóahreppur og Landsvirkjun gerðu árið 2007 með sér samkomulag sem fól meðal annars í sér að Landsvirkjun skyldi kosta skipulagsgerð vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Urriðafoss.

Eftir nokkurt þóf, þar sem samningnum var meðal annars breytt eftir kærumál, barst skipulagstillagan umhverfisráðuneytinu í mars 2009, en í janúar síðastliðnum neitaði ráðherra að staðfesta skipulagið því hún efaðist um lögmæti aðkomu Landsvirkjunar.

Flóahreppur kærði synjunina og héraðsdómur ógilti hana á þeim grundvelli að lög bönnuðu ekki að framkvæmdaraðili greiddi fyrir kostnað vegna skipulagsvinnu.

Svandís segir í samtali við Fréttablaðið að dómurinn hafi hins vegar ekki verið nógu skýr og því hafi hún áfrýjað. „Þetta er skilið eftir opið, en ekki bara hvað varðar þessa löggjöf.“

Tryggja þurfi að rekstrargrunnur sveitarfélaga komi úr almennum sjóðum svo almannahagsmunum sé ekki ógnað með þrýstingi frá kostendum.

Athygli vekur að í nýjum skipulagslögum, sem samþykkt voru í síðasta mánuði og taka gildi í upphafi næsta árs, segir að ef þörf sé á sveitarstjórn megi innheimta gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna framkvæmda.

Svandís segir að þó að ný lög séu skýrari tiltaki þau ekki frekar en héraðsdómur með tæmandi hætti hverjir megi koma að málum.

„Það er grein í nýju lögunum þar sem gert er ráð fyrir að gera megi samning við þriðja aðila um aðkomu að kostnaði. En með hvaða hætti það er gert og hvernig það er útfært er ekki skýrt.“ Á meðan er skipulagsmál Flóahrepps í biðstöðu.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri segir í samtali við Fréttablaðið að nóg sé komið. „Við erum búin að bíða allt of lengi og bíðum enn og í mínum huga er þetta sóun á tíma og peningum.“

thorgils@frettabladid.is



**FRÁ URRIÐAFOSSI** Virkjunaráætlanir Landsvirkjunar eru í biðstöðu á meðan Flóahreppur og umhverfisráðuneytið eigast við fyrir dómstólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

### 130 MW virkjun

Virkjun við Urriðafoss verður 130 MW að afli að því er segir á heimasíðu Landsvirkjunar. Inntakslón virkjunarinnar, Heiðarlón, verður um níu ferkílómetrar og myndað með stíflu í Þjórsá við Heiðartanga og stíflugörðum upp eftir vesturbakka árinnar.

AGS og Alþjóðabankinn:

# Spenna vegna gjaldmiðlastríðs

**BANDARÍKIN, AP** Þriggja daga sameiginlegur ársfundur Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem hefst í Washington í dag, virðist ætla að markast af spennu vegna gjaldmiðlastríðs sem virðist vera í uppsiglingu.

Bandaríkjadalur féll enn í verði í gær gagnvart evrunni, og hefur ekki veri lægri í átta mánuði. Jafnframt juku Bandaríkjamenn þrýsting sinn á kínversk stjórnvöld um að leyfa kínverska júaninu að styrkjast.

Robert Zoellick, bankastjóri Alþjóðabankans, sagði þessa alþjóðlegu spennu geta dregið úr trausti fjárfesta á gjaldmiðlana. Slíkt kæmi á versta tíma, því einmitt nú þyrfti efnahagslíf heimsins á því að halda að vöxtur hlypi í einkageirann.

Fáir hagfræðingar virðast búast við miklum tíðindum af ársfundinum nú um helgina. - gb

Hæstiréttur þyngir dóm:

# Dæmdur fyrir umboðssvik

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur þyngt dóm yfir karlmanni um sjötugt vegna umboðssvika.**

**Hann var dæmdur til að sæta fangelsi í átta mánuði. Þar af eru fimm mánuðir skilorðsbundnir.**

**Dóminn hlaut maðurinn, sem hefur starfað sem lögmaður, fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína sem þinglýstur eigandi að sumarhúsalóð í Grímsnesi sem hann seldi hjónum í ágúst 1988. Rúmum nítján árum síðar seldi hann lóðina í heimildarleysi með afsali dagsettu í maí 2007. Hjónin voru þá skilin en lóðin kom í hlut konunnar.**

**Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi manninn í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá á skilorði.** - jss






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝINDI** Helgarspáin er óvenju góð miðað við árstíma – í það minnsta hvað hitatölur varðar. Horfur eru á hægum vindi, lítilli úrkomu og allt að 15°C hita inn til landsins S- og V-til. Allra syðst verður hins vegar strekkingur og bætir heldur í vind til sunnudags.



**Á MORGUN** Hægviðri en strekkingur syðst.

**SUNNUDAGUR** Stíf A-átt syðst, annars hægari.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 13° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 20° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 22° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 13° |
| París | 23° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# Allir dömukjólar með 20% afslætti*




*Gildir til 10. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að mótmæli við Austurvöll muni leiða til pólitískra breytinga á næstunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 63,3 |
| Nei | 36,7 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að hætta við fyrirhugaðan niðurskurð í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni?*

Segðu þína skoðun á visir.is. visir

Skilanefnd Landsbankans staðfestir að Malcolm Walker hafi áhuga á Iceland Foods:

# Walker ekki einn um að vilja kaupa Iceland

**VIÐSKIPTI** Malcolm Walker, forstjóri og stofnandi lágvöruverðskeðjunnar Iceland Foods, hefur sýnt áhuga á að kaupa fyrirtækið. Þetta staðfestir Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar Landsbankans.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Walker hefði fyrir fjórum mánuðum lagt fram tilboð í fyrirtækið upp á einn milljarð breskra punda.

Páll segir málefni félagsins enn til meðferðar í bankanum og því ekki tímabært að taka afstöðu til áhuga manna á því. Iceland Foods sé sterkt og gott félag og eðlilegt að margir sýni því áhuga.

Páll bendir á að eignarhlutur skilanefndar í Iceland Foods flokkist ekki með dótturfélögum og öðrum eignum, eins og fram kom í Fréttablaðinu, heldur með útlánum og kröfum auk skuldabréfa og hlutabréfa. Heildarvirði þeirra eigna nemur 469 milljörðum króna. Þar af er virði hlutabréfa og skuldabréfa 87 milljarðar. Ályktanir um hækkandi endurheimtur vegna lágs bókfærðs verðs séu því á misskilningi byggðar, að hans sögn.

Tilboð Walkers í Iceland Foods endurspeglar eftir sem áður að verslunin er með verðmætustu eignum gamla Landsbankans, tæpur fimmtungur miðað við núverandi eignamat, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. **- jab**

### Nýtt tilboð upp á 246 milljarða króna

Erlendur fjárfestingarsjóður vill bjóða 1,4 milljarða punda, jafnvirði 246 milljarða króna, í hlut Landsbankans í Iceland Foods, að því er Stöð 2 greindi frá í gærkvöld. Bjóðandinn er ónafngreindur erlendur fjárfestingarsjóður. Lárentsínus Kristjánsson, formaður skilanefndar Landsbankans, sagði við Stöð 2 að mikill áhugi væri á Iceland Foods og að öll tilboð í eignir bankans væru skoðuð.

„Hins vegar þarf að gæta þess að beita þeim aðferðum við sölu, sérstaklega svona verðmætra eigna, sem eru til þess fallnar að tryggja að sem hæst verð fáist fyrir eignirnar og að sem flestir áhugasamir komi að slíku ferli,“ sagði Lárentsínus við fréttastofu Stöðvar 2. **- gar**

Deilan um landtökubyggðir:

## Samkomulag talið í sjónmáli

**ÍSRAEL, AP** Palestínumenn hafa fallist á tillögu Bandaríkjanna um að Ísraelar framlengi framkvæmdabann á landtökubyggðum um tvo mánuði, gegn því að þessir tveir mánuðir verði notaðir til þess að komast að samkomulagi um legu landamæra Ísraels og væntanlegs Palestínuríkis.



**BENJAMÍN NETANJAHÚ**

Dugi þessir tveir mánuðir ekki til að ná samkomulagi er hugmyndin sú að framkvæmdabannið verði aftur framlengt.

Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hefur sömuleiðis gefið til kynna einhvern sáttavilja í þessu máli. Hann hefur meðal annars ákveðið að ríkisstjórnin kjósi í næstu viku um breytingar á orðalagi í hollustueiði sem innflytjendur, aðrir en gyðingar, þurfa að sverja sæki þeir um ríkisborgararétt. **- gb**

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Fiskverð lækkað

Á fundi Úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna var ákveðið að lækka verð á slægðum og óslægðum þorski, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seldur til skyldra aðila, um átta prósent. Jafnframt var ákveðið að lækka verð á slægðri og óslægðri ýsu um tíu prósent.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Innbrotsþjófar í Grafarvogi

Tveir karlmenn voru handteknir í Grafarholti í fyrradag. Í íbúð þeirra fannst þýfi en mennirnir, sem eru um tvítugt, hafa játað á sig nokkur innbrot. Þeir hafa áður komið við sögu hjá lögreglu.

# Rannsókn sérstaks sögð ónýt markleysa

**Verjendur Exeter-manna telja að sérstakur saksóknari hafi ekki haft heimild til að rannsaka málið. Þar til í sumar hafi hann bara mátt rannsaka mál tengd setningu neyðarlaganna. Exeter-málið hafi enga vitræna tengingu við hana.**

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari hafði ekki heimild samkvæmt lögum til að rannsaka málefni Byrs og því ber að vísa svokölluðu Exeter-máli frá dómi. Þetta er samhljóða niðurstaða verjenda sakborninganna þriggja í málinu.

Þessi röksemd kemur fram í greinargerðum verjendanna, sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Þeir vísa í upprunaleg lög um sérstakan saksóknara sem tóku gildi haustið 2008. Þar segir að sérstakur saksóknari skuli „rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar atburða er leiddu til setningar [neyðarlaganna].“

Verjendurnir fullyrða allir að meint brot sem til rannsóknar eru í Exeter-málinu tengist á engan hátt atburðum sem leiddu til setningar neyðarlaganna, enda hafi Byr staðið vel á þessum tíma og ekkert hafi bent til þess að bankinn riðaði til falls.

Málið snýst um rúmlega milljarðs lán sem Byr veitti til félagsins Exeter Holdings í árslok 2008 til kaupa á stofnfjárbréfum í Byr af MP banka og stjórnarmönnum sparisjóðsins.

„Það ætti að vera óumdeilt að atvik sem lýst er í ákæru gerðust eftir setningu neyðarlaganna. Þau hafa enga vitræna tengingu við þau atvik sem urðu tilefni til setningar neyðarlaganna,“ segir Ólafur Eiríksson, verjandi Jóns Þorsteins Jónssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Byrs.

Settur ríkissaksóknari hefði því með réttu átt að ákveða hver skyldi fara með málið. „Ekki verður séð af gögnum málsins að ríkissaksóknari hafi tekið ákvörðun um að mál þetta ætti undir embætti sérstaks saksóknara og hefir hann að því er virðist að sjálfsdáðum ákveðið að málið ætti undir hann. Rannsókn hans er því ónýt og marklaus,“ segir Reynir Karlsson, verjandi Ragnars Z. Guðjónssonar, fyrrverandi sparisjóðsstjóra.

„Með því að embættið hefur þrátt fyrir þetta annast alla rannsókn málsins frá upphafi, án þess að hafa til þess vald, er sú svokallaða rannsókn sem fram hefur farið markleysa – nullitet – og að engu hafandi,“ segir Ragnar H. Hall, verjandi Styrmis Þórs Bragasonar, fyrrverandi forstjóra MP banka.

Lögum um embætti sérstaks saksóknara var breytt í sumar, eftir að rannsókn á Exeter-málinu var lokið, og orðalag þeirra gert almennara. Nú skal hann rannsaka grun um refsiverða háttsemi sem tengst hefur starfsemi fjármálafyrirtækja.

stigur@frettabladid.is



**FYRIR DÓMI** Sakborningarnir þrír mættu allir fyrir dóminn við þingfestingu ákærunnar. Þeir neituðu sök. Hér sjást Styrmir og Jón Þorsteinn ásamt verjendunum þremur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI** Ólafur Þór Hauksson sinnir nú störfum sínum samkvæmt almennt orðaðri lögum en áður.



**VILLIBRÁÐ** Rjúpnaveiðitíminn hefst í lok október. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Átján dagar til að veiða rjúpu:

## Áfram bann á rjúpusölu

**VEIÐI Áfram verður bannað að selja rjúpu og rjúpuafurðir í ár, en veiðitímabilið hefst í lok október og lýkur 5. desember.**

**Á því tímabili verður heimilt að stunda veiðar á föstudögum, laugardögum og sunnudögum og verða veiðidagar því átján talsins.**

**Í tilkynningu frá umhverfisráðuneytinu segir að Náttúrufræðistofnun Íslands telji að meira hafi verið veitt af rjúpu í fyrra en áætlanir gerðu ráð fyrir.**

**Eru veiðimenn því hvattir til að stunda hófsamar veiðar, til að ekki verði farið yfir markið á ný og stofninn nái sér á strik. - þj**

Hæstiréttur úrskurðar:

## Þyngdi dóm yfir markverði

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands þyngdi dóm yfir Ólafi Gottskálkssyni, fyrrverandi landsliðsmarkverði í knattspyrnu, í gær en hann hlaut tíu mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að ryðjast inn á heimili manns, misþyrma honum og hafa tölvu á brott með sér.

Hæstiréttur þyngdi refsinguna um tvo mánuði og því skal Ólafur afplána árslanga refsivist. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að Ólafur framdi brotið í félagi við annan mann og að brotið var til þess fallið að vekja ótta hjá brotaþola. Var ráðið af gögnum málsins að brotavilji Ólafs hefði verið einbeittur.






# Egill Árnason™

## VIÐ ERUM FLUTT!

**Við tökum vel á móti þér í nýju versluninni okkar að Suðurlandsbraut 20.**

## FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ!

| | |
|---|---|
| **Eikarparket** frá | kr. **4.990 m²** |
| **Flísar** frá | kr. **2.792 m²** |
| **Þiljur** frá | kr. **1.990 m²** |




Egill Árnason Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað heitir lögfræðingur Myndstefs?*

**2.** *Um hvern fjallar bókin 10 10 10 sem kemur út á sunnudag?*

**3.** *Hvað íslenska knattspyrnulið þjálfar Guðjón Þórðarson?*

**SVÖR:**

**1.** *Knútur Bruun.* **2.** *Loga Geirsson.* **3.** *BÍ/Bolungarvík.*

Forsætisráðherra Ungverjalands ómyrkur í máli um umhverfisslysið:

# Eiturleðjan komin út í Dóná

**UNGVERJALAND, AP** Rauða eiturleðjan sem slapp úr úrgangslóni við súrálverksmiðju í Ungverjalandi hefur borist út í Dóná. Vonast er til að leðjan þynnist nægilega út í vatnsmiklu fljótinu svo skaðinn verði ekki mikill.

Leðjan rann úr lóninu á mánudag og olli gríðarlegu tjóni á fjörutíu ferkílómetra svæði, en hefur síðan verið að berst niður eftir ám og vatnaleiðum frá þessu svæði í áttina til Dónar, sem er næstlengsta fljót Evrópu.

„Öllu lífi í ánni Marcal hefur verið útrýmt,“ segir Tibor Dobson, talsmaður almannavarna í Ungverjalandi. Hann sagði björgunarfólk enn vinna hörðum höndum að því að dæla bæði gifsefnum og ediksýru út í ána Raba þar sem hún rennur út í Dóná, í því skyni að draga úr skaðsemi leðjunnar og minnka tjónið.

Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, sagði slysið ekki eiga sér nein fordæmi í sögu Ungverjalands.

„Ef þetta hefði gerst að næturlagi hefðu allir hér látið lífið,“ sagði hann þegar hann kom til Kolontar í gær. „Þetta er svo mikið ábyrgðarleysi að yfir það er ekki hægt að finna nein orð.“ **- gb**



**EKKERT LÍF EFTIR Í ÁNNI** Áin Marcal varð illa úti á löngum kafla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óbreyttir vextir í Evrópu:

# Stýrivextir eru enn mjög lágir

**EFNAHAGSMÁL** Evrópski seðlabankinn og Englandsbanki héldu báðir stýrivöxtum óbreyttum í gær.

Stýrivextir á evrusvæðinu standa í 1,0 prósentum og hafa þeir aldrei verið lægri. Í Bretlandi hefur vaxtastigið verið óbreytt í 0,5 prósentum í eitt og hálft ár og mánuði betur. Vaxtastig sem þetta hafði ekki sést í mörg hundruð ár. Howard Archer, hagfræðingur hjá greiningarfyrirtækinu IHS Global Insight, sagði í samtali við AFP-fréttastofuna í gær ákvörðunina í takt við væntingar. **- jab**

# Fleira en samspil gjaldmiðla skapar jarðveg fyrir kreppu

**Seðlabankastjóri Kína fundaði í gær með seðlabankastjóra Íslands og ráðherrum. Hann segir Kínverja vilja stuðla að heilbrigðum og viðvarandi hagvexti í heiminum, en horfa verði á fleiri þætti en gjaldeyrismál.**

**EFNAHAGSMÁL** Horfa þarf til fleiri þátta en gengis gjaldmiðla til að tryggja að ekki verði til jarðvegur fyrir aðra fjármálakreppu á borð við þá sem reið yfir heiminn 2008 og 2009. Þetta kom fram í máli Zhou Xiaochuan, seðlabankastjóra Kína, sem var í heimsókn hér á landi í gær.

Zhou Xiaochuan kom til landsins á miðvikudag en hélt í gær til Bandaríkjanna á ársfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Auk þess að funda með Má Guðmundssyni seðlabankastjóra hitti hann fjármálaráðherra landsins og efnahags- og viðskiptaráðherra áður en hann fór. Á stuttum fundi í Seðlabanka Íslands lýsti seðlabankastjórinn þeim breytingum sem orðið hafa síðustu ár á áherslum í efnahagsstjórn Kína og viðhorfi til samstarfs við önnur ríki. Hann segir skipta máli að seðlabankar og ríki heims taki höndum saman í að koma á breytingum sem tryggi stöðugleika.

Dominique Strauss Kahn, framkvæmdastjóri AGS, kallaði, í viðtali við Le Monde í gær, eftir hraðari styrkingu júansins, gjaldmiðils Kína. Hann sagði veikt gengi júansins uppsprettu skaðlegrar spennu í hagkerfum heims og búa til jarðveg fyrir aðra fjármálakreppu.

„Ójafnvægi í alþjóðaviðskiptum heimsins á rót sína að hluta til að rekja til samspils gjaldmiðla, þótt þar skipti aðrir þættir einnig máli,“ sagði Zhou Xiaochuan og benti á að síðustu ár hafi verið afgangur á viðskiptum Kína við útlönd en margvíslegar aðgerðir miði að því að viðhalda vexti um leið og dregið verði til muna úr þeim afgangi. Kína eigi líka hagsmuni af því að tryggja og viðhalda heilbrigðum hagvexti á heimsvísu. „Við reynum að leiðrétta ójafnvægi þar sem það hefur orðið til, en teljum að horfa þurfi til fleiri þátta en gengis gjaldmiðilsins.“

Í inngangsorðum sínum sagði Zhou Xiaochuan að kínverska hagkerfið hafi líka orðið fyrir alvarlegum neikvæðum áhrifum af fjármálakreppunni 2008 og 2009. Það hafi kallað á skjót viðbrögð bankans og breytingar á peningastefnu hans. „Við erum nú á batavegi, jafnvel þótt óþöfnur kunni að vera á þeim vegi og hægt sé farið yfir,“ sagði hann og kvað viðunandi vöxt í augsýn á ný.

Seðlabankastjórinn kínverski kvað Seðlabanka Kína ekki hafa kannað sérstaklega kaup á íslenskum ríkisskuldabréfum, en kvaðst telja að sambærileg áhrif fengjust fram með gjaldeyrisskiptasamningi þeim sem undirritaður var milli Seðlabanka Íslands og Kína í sumar. Hann ýti jafnframt undir áhuga kínverskra fjárfesta á Íslandi.

olikr@frettabladid.is



**Í SEÐLABANKANUM** Már Guðmundsson og Zhou Xiaochuan, sem Már segir að sé valdamesti seðlabankastjóri sem sótt hefur landið heim síðan Paul Walker kom hingað í veiði í tíð Jóhannesar Nordal. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**EINAR K. GUÐFINNSSON** Taldi ályktunina of hliðholla aðild Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Einar K. á fundi ESB-nefndar:

# Gat ekki fallist á ályktunina

**EVRÓPUMÁL** Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vildi ekki standa að ályktun sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins, sem hélt sinn fyrsta fund á þriðjudag.

„Ég taldi þessi ályktun vera of hliðholla hugmyndum um aðild Íslands að Evrópusambandinu til að ég gæti undirritað hana,“ sagði Einar, sem var á fundinum í fjarveru Bjarna Benediktssonar.

Árni Þór Sigurðsson, hinn íslenski formaður nefndarinnar, segir að ályktuninni hafi verið breytt mikið eftir að hún var kynnt nefndarmönnum í síðustu viku.

„Það komu fram nokkrar athugasemdir, meðal annars frá sjálfstæðismönnum, og þær voru allar teknar til greina,“ segir Árni Þór. **- gb**






Höfundur fjögurra ljósmynda í verki Ólafs Elíassonar féllst á afsökunarbeiðni:

# Fjöldi ófeðraðra mynda enn á huldu

**MENNING** „Þeir eru búnir að viðurkenna þessi mistök og málið er úr sögunni af minni hálfu,“ segir Eygló Sigurðardóttir, sem á fjórar ljósmyndir í 35 mynda verki Ólafs Elíassonar.

Myndir Eyglóar eru eins og fleiri í verkinu Cars in Rivers úr albúmum Ferðafélags Íslands í Þórsmörk. Ferðafélagið lét Ólaf hafa myndirnar til að nota í verkið en hvorki félagið né Ólafur könnuðu hverjir væru höfundar þeirra mynda til að fá leyfi fyrir notkun þeirra. Í Fréttablaðinu á miðvikudag kom fram að Sigurður Ó. Sigurðsson á eina mynd í verkinu.

Eygló gerði athugasemdir við bæði Ferðafélagið og talsmenn Ólafs Elíassonar og hefur nú fengið útprent af Cars in Rivers áritað af Ólafi Elíassyni.

Börkur Arnarsson í I8, sem starfaði með Ólafi að Cars in Rivers, vill ekki svara því hversu mörgum myndanna þeir hafi í raun ekki vitað hverjir voru höfundar að og ekki fengið leyfi þeirra fyrir. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þær fleiri úr Ferðafélagsalbúminu en áðurnefndar fimm myndir.

„Það breytir engu hvað þær eru margar, það er bara á milli okkar og Ferðafélagsins,“ svarar Börkur. Hann vill ekki staðfesta að einhverjir ljósmyndaranna hafi verið beðnir afsökunar. „Mér finnst það ekki skipta máli fyrir lesendur Fréttablaðsins. Það hlýtur að vera prívat á milli þeirra aðila sem málið snýr að. Mér sýnist á öllu að þetta sé allt að leysast á farsælan veg.“ **- gar**



**HRAKNINGAR Í STEINHOLTSÁ** Myndin í miðjunni er ein fjögurra sem Eygló Sigurðardóttir tók og er í verkinu Cars in Rivers. MYND/ÚR VERKI ÓLAFS ELÍASSONAR


Þjóð til þings

Stjórnlagaþing 2011

*Þitt sjónarmið á erindi*

*Framboðsfrestur rennur út á hádegi 18. október 2010*

Þjóð til þings

*Stjórnlagaþing - Borgartúni 24 – 105 Reykjavík – sími 422-4400 - www.stjornlagathing.is - www.kosning.is - www.landskjor.is*

vísir.is

*„...ég sá það á vísi“*

# nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*

*bleika slaufan fæst í verslunum nettó*



KJÖTSEL

**LIFUR**
FERSK
30% afsláttur
**199** KR/KG
ÁÐUR 284 KR/KG

**HJÖRTU**
FERSK
30% afsláttur
**299** KR/KG
ÁÐUR 427 KR/KG



**SVÍNASÍÐA**
ÚRB. M/PURU
**699** KR/KG
ÁÐUR 898 KR/KG



**KJÚKLINGUR**
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ
**598**
KR/KG

**LAMBALÆRIS-SNEIÐAR Í RASPI**
30% afsláttur
**1.499**
KR/KG ÁÐUR 2.141 KR/KG
KJÖTSEL

**GRÍSAMÍNÚTUSTEIK**
FERSK
40% afsláttur
**1.139**
KR/KG ÁÐUR 1.898 KR/KG

**LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR**
KEA
32% afsláttur
**1.499** KR/KG
ÁÐUR 2.194 KR/KG

**UNGNAUTAHAKK**
NETTÓ
31% afsláttur
**898** KR/KG
ÁÐUR 1.298 KR/KG

**JÓLAKA**
MYLLAN
35% afsláttur
**298** KR/STK.
ÁÐUR 459 KR/STK.

**VÖFFLUMIX**
450 G
50% afsláttur
**199** KR/PK.
ÁÐUR 399 KR/PK.

**KJÚKLINGABRINGUR**
900 G
Kyckling Bröstfilé
**1.398** KR/PK.

50% afsláttur
**KÍNAKÁL**
**149** KR/KG
ÁÐUR 298 KR/KG

**Hveiti**
Co-Operative
1,5 kg
**129**
kr/pk.
var 159

**Hrísgrjón**
Co-Operative
500 g
**159**
kr/pk.
var 199

**Kornflögur**
Co-Operative
500 g
**199**
kr/pk.
var 289

**Cola**
Co-Operative
2 l
**149**
kr/stk.
var 159

**Taumýkir**
Co-Operative
1 l
**119**
kr/stk.
var 199

**Appelsínusafi**
**Eplasafi**
1,5 l
20% afsláttur
**199**
kr/stk.
var 249

**Hafrakex**
400 g
32% afsláttur
**99**
kr/pk.
var 145

**Repjuolía**
1 l
**249**
kr/pk.
var 298

**Lakkrískonfekt**
500 g
**298**
kr/pk.
var 359

X-tra

**TILBOÐIN GILDA 7. - 10. OKTÓBER**

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

WWW.NETTO.IS | MJÓDD | SALAVEGUR | HVERAFOLD | AKUREYRI | HÖFN | GRINDAVÍK | REYKJANESBÆR

markhonnun.is

**FRÉTTASKÝRING:** Hvaða breytingu þarf að gera á íslenska húsnæðiskerfinu?

# Sjálfseignarkerfið að komast á endastöð

**Á síðustu árum og áratugum hafa langflestar fjölskyldur keypt sitt eigið húsnæði, enda fáir aðrir kostir í boði. Þeir sem hafa þurft eða kosið að fara út á leigumarkaðinn hafa oft á tíðum mátt búa við mikla óvissu. Stjórnvöld telja að breyta þurfi húsnæðiskerfinu og gefa fólki aðra valkosti en eigið húsnæði.**



**EINSLEITT KERFI** Langsamlega flestar fjölskyldur hafa á undanförnum árum og áratugum kosið að eignast sitt eigið húsnæði í stað þess að leigja á almennum markaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is


Með hækkandi húsnæðisverði, mikilli kaupmáttarrýrnun og takmörkuðu aðgengi að hagstæðum lánum virðist endastöðin ekki langt undan fyrir íslenska húsnæðiskerfið, sem hefur byggt á því að langsamlega flestar fjölskyldur búi í eigin húsnæði.

Fyrir þá sem þegið hafa lægstu launin fyrir vinnu sína er þessari endastöð raunar löngu náð. Eins og kannanir sem Efling stéttarfélag hefur gert undanfarin ár leiða í ljós hefur mun lægra hlutfall þeirra sem hafa lágar tekjur átt þess kost að eignast eigið húsnæði á undanförnum árum.

Þeir sem ekki hafa viljað kaupa húsnæði hafa átt fáa góða kosti. Flestir hafa þurft að leigja íbúðir á almennum markaði. Þar er vernd leigjenda afar takmörkuð, og flestir sem það hafa reynt kannast eflaust við að þurfa að flytja, jafnvel ítrekað, þar sem leigusalinn ákvað að ráðstafa húsnæðinu með öðrum hætti, eða selja það.

„Séreignastefnan sem nánast er eini valkostur fólks hefur að mínu viti runnið sitt skeið og nýtt húsnæðiskerfi, þar sem raunverulegt val getur staðið á milli búsetuforma hlýtur að taka við,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í erindi sínu á fjármálastefnu sveitarfélaganna síðastliðinn föstudag.

Jóhanna sagði húsnæðisöryggi fólks ekki eiga að vera „ofurselt duttlungum markaðarins“. Tryggja þurfi virkan leigumarkað, efla búseturéttarformið og „setja bönd á markaðsöflin“ þegar komi að húsnæði fólks.

### Kaupréttur hjá Íbúðalánasjóði

Með lagabreytingu sem gerð var árið 2008 fékk Íbúðalánasjóður heimild til að leigja út íbúðir sem sjóðurinn hefur eignast á uppboðum. Þær munu vera um 1.000 talsins. Sjóðurinn hefur hins vegar ekki viljað fara þessa leið nema í takmörkuðum mæli, auk þess sem sú lausn er hugsuð til skamms tíma þar til sjóðurinn getur selt húsnæðið.

Til stendur að breyta þessum lögum þannig að allir leigusamningar verði með kaupréttarákvæði, segir Guðbjartur Hannesson, félags- og tryggingamálaráðherra. Frumvarp þessa efnis var lagt fyrir á síðasta þingi en ekki afgreitt. Guðbjartur segir að til standi að leggja frumvarpið fyrir að nýju á næstu dögum, og koma því hratt í gegnum þingið.

Guðbjartur segir að hópur fimm ráðherra auk fulltrúa stjórnarandstöðunnar muni fjalla um húsnæðismál á næstunni. Þar verði meðal annars farið yfir þau úrræði sem í boði séu, og hverju þurfi að breyta. Markmiðið sé að tryggja að fólk verði ekki húsnæðislaust, og helst að stöðva uppboð á heimilum meðan verið sé að vinna í úrræðum.

„Fólk verður að geta valið sér búsetuform,“ segir Guðbjartur. Hann segist sjá fyrir sér að í framtíðinni verði minni áhersla lögð á að allir geti átt sitt eigið húsnæði. Fólk muni í auknum mæli velja milli þess hvort það vill vera í séreign eða í leiguíbúð.

### Búseta eða kaupleigukerfi

Flestir sem leigt hafa húsnæði til lengri eða skemmri tíma þekkja þá óvissu sem því fylgir að leigja íbúð hér á landi. Uppsagnarfrestur er stuttur, og gjarnan eru eignir aðeins í tímabundinni útleigu áður en þær eru seldar.

Guðbjartur segir að þetta sé þekkt vandamál. „Það er alveg augljóst að það þurfa að verða breytingar þarna svo við getum tryggt að fólk geti búið í leiguhúsnæði með öruggum hætti ef það velur þetta búsetuform.“

Þar segist Guðbjartur geta séð fyrir sér einhvers konar búsetuform eða kaupleigu, þar sem leigjandinn geti á endanum eignast húsnæði sitt, og mögulega húsnæðissamvinnufélög sem leigi út húsnæði, eins og þekkt er á hinum Norðurlöndunum.

## Skoða verður annars konar fyrirkomulag

„Ég get ekki séð annað en að skoða verði betur leigufélög, bæði félagsleg og á almennum markaði, og svo búseturéttarfélög,“ segir Jón Rúnar Sveinsson, sjálfstætt starfandi sérfræðingur í húsnæðismálum hjá Reykjavíkur-Akademíunni.

Hann segir einnig að skoða verði af fullri alvöru hvort lífeyrissjóðirnir geti ekki komið að þessu verkefni, sérstaklega í ljósi þess að þeir séu farnir að fjárfesta í atvinnurekstri í gegnum Framtakssjóð Íslands. Sú hugmynd að fá lífeyrissjóðina með í verkefni af þessu tagi er ekki ný af nálinni, en sjóðirnir hafa hingað til ekki verið ginnkeyptir fyrir henni, enda talið sig geta fengið betri ávöxtun með annars konar fjárfestingum.

Það félagslega leiguíbúðakerfi sem hér hefur þróast er aðallega í eigu sveitarfélaga, þó félagasamtök eigi eitthvað af íbúðum sem leigðar eru út. Jón Rúnar segir að enginn akkur væri í því að taka upp gamla félagslega verkamannabústaðakerfið aftur. Hann segir það þó mikil mistök að fækka félagslegum íbúðum sem í boði voru fyrir almenning um sjö til átta þúsund eins og gert hafi verið þegar það kerfi var lagt niður.

Félagslegar íbúðir eru nú á milli sjö og átta þúsund, af um 130 þúsund íbúðum á landinu öllu, segir Jón Rúnar. Í gamla kerfinu hafi íbúðir í félagslega kerfinu verið um tólf þúsund, af tæplega 100 þúsund íbúðum á landinu. Hlutfallið í dag sé því miklu lægra en það hafi verið í gamla kerfinu.


Leigðu það sem upp á vantar!
Allt fyrir veisluna í Leigumarkaði BYKO!
Forrétta- og kökudiskar - Aðalréttadiskar - Súpudiskar - Kaffibollar - Undirskálar - Gafflar - Hnífar - Skeiðar - Teskeiðar - Hvítvíns- og rauðvínsglös - Bjórglös - Kampavínsglös, Long drink glös - Vatnsglös - O.fl.



Vnr. 97750214
**Borð**
Leigjum út einstaklega falleg 8 manna borð fyrir veislur og hvers kyns viðburði. Þau eru þægileg í flutningum enda sérhönnuð til útleigu.



Vnr. 97750215
**Stólar**
Hægt er að fá þessa stóla í bláum, vínrauðum, hvítum og svörtum litum. Þetta eru sérhannaðir leigustólar og þykja traustir.



BYKO LEIGUMARKAÐUR
Sími 515 4020 - www.BYKO.is
EXPO · www.expo.is

FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:



VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU
EÐA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild.
Tryggðu þér áskrift í dag!

**Notaðir bílar** Klettháls

TOYOTA

# Bílaleigubílarnir komnir!




## Fjöldi frábærra Hertzbíla á lækkuðu verði

Auris, dísil og bensín 2008. Yaris, dísil og bensín 2009.
RAV4, bensín 2007 og RAV4, dísil 2008.
Corolla, dísil og bensín 2009. Land Cruiser dísil 2007 og 2008.
Allir fá gos og prins!

**Opið á Kletthálsi í dag föstudag frá kl. 09.00 til 20.00**
**Laugardag frá kl. 11.00 til 16.00**
**Sunnudag frá kl. 11.00 til 16.00**

Notaðir bílar Klettháls
Klettháls 2
Sími: 570-5220
www.toyotakopavogi.is

Hertz

Today Tomorrow Toyota

**FRÉTTAVIÐTAL:** Guðmundur Steingrímsson alþingismaður

# Næsta bylting verði innan þingsins

**Sagan segir okkur að Guðmundur Steingrímsson verði einhvern tíma formaður Framsóknarflokksins. Sjálfur segir hann það þó ekki markmið í sjálfu sér. Hann vill bara gera gagn og hugsar með hryllingi til þess þjóðfélags þar sem fólk getur ekki lengur hist í heita pottinum og rætt málin.**

Guðmundur gekk úr Samfylkingunni í ársbyrjun 2009 og til liðs við Framsóknarflokkinn, sem faðir hans og afi höfðu báðir stýrt og farist það vel úr hendi. Það hefur hins vegar ekki farið framhjá þeim sem fylgjast með pólitík að Guðmundur virðist hálfeinangraður í þingflokknum og virðist oft ósammála formanni sínum. Það blasir við að spyrja hann hvort honum líði kannski hreint ekkert vel í Framsóknarflokknum.

„Ég þekki þennan flokk mjög vel, held ég að sé óhætt að fullyrða, þannig að í vissum skilningi fannst mér ég vera að fara heim til mín," segir Guðmundur. „Í þeim skilningi líður mér bara mjög vel í Framsóknarflokknum. Ég kann líka mjög vel við samflokksfólk mitt upp til hópa og finnst nú stundum dálítið of mikið gert úr ágreiningnum. Hann er bara eðlilegur."

Hann segist vera frjálslyndur miðjumaður með samvinnuhugsjónir og hafi viljað taka þátt í að endurreisa Framsóknarflokkinn á grundvelli þeirra gömlu gilda. Hann hafi líka orðið fyrir vonbrigðum með viðbrögð Samfylkingarinnar í kjölfar bankahrunsins og í því einnig af þeim sökum séð sig nauðbeygðan til að yfirgefa vini sína þar.

„Hins vegar er tíðin þannig í pólitík að ég veit ekki hvort nokkrum líður beinlínis vel," segir hann. Vandamálin séu mikil og aðkallandi en þingmönnum hafi gengið illa að setjast niður og leysa þau sín á milli.

Þar fyrir utan, segir Guðmundur, er allt of mikið gert af því að hugsa um stjórnmál á flokkspólitískum nótum. Það sé rangur og skaðlegur hugsunarháttur. Flokkadrættirnir endurspegla ekki umræðuna eins og hún er í þjóðfélaginu. Ef þú situr í heita pottinum þá eru bara allir í sama heita vatninu og þú ert ekkert að spyrja um það í hvaða flokki fólk er. Áður fyrr var þjóðfélagið þannig að þú valdir þér verslun og banka eftir því hvaða flokk þú studdir. Þessi rosalega flokkaskipting var miklu meira gegnumgangandi.

> Það er alveg kristaltært að ég ætla ekkert að vera bara einhver hlunkur á þingi sem gerir ekki neitt.

Þjóðfélagið hefur breyst gríðarlega hvað þetta varðar og nú þarf þingið að breytast líka. Við þurfum að kunna, þegar við erum að leysa vandamál og tala saman á þinginu, að ýta þessum flokkum bara til hliðar."

Hann segir flokkana þó mikilvæga. Þeir séu gagnlegur samráðsvettvangur fyrir fólk svipaðrar skoðunar og flokksmerkin sem menn hengi á sig séu kjósendum til hægðarauka til þess að vita hverrar skoðunar fólk sé. Mikið lengra nái hlutverk flokkanna kannski ekki.

„Ég sé fyrir mér að pólitíkin breytist þannig – og kannski kemur það út úr stjórnlagaþinginu – að til að endurspegla þjóðina væru 20 til 30 prósent þingmanna óflokksbundnir einstaklingar. Ég mundi vilja sjá þannig þing."

Og gæti hann sjálfur hugsað sér að vera slíkur óflokksbundinn þingmaður? „Þess vegna," segir hann. „En ég er mjög mikill framsóknarmaður í klassískri merkingu þess orðs," bætir hann við.

### Lausn á skuldavandanum í fjórum liðum

En hvernig finnst Guðmundi nýrri forystu hafa tekist til við endurreisnina – að hefja flokkinn aftur til vegs og virðingar eftir bankahrunið? „Sumpart ágætlega," er svarið. Hann kveðst ánægður með stefnuna sem mótuð var á síðasta flokksþingi, til dæmis Evrópumálum. „Hún er sáttaleið fyrir þjóðfélagið – ályktun sem segir: förum og könnum þetta mál og verum með það skýrt í huga hverju við hvikum ekki frá. Svo ákveður þjóðin."

Annað sem hugnast Guðmundi vel er að flokkurinn sé óðum að verða grænn „eins og hann á að sér að vera". Flokkurinn sé í grunninn mjög umhverfisverndarsinnaður. Og svo eru það skuldamálin. „Ég hef verið eindregið sammála málflutningi flokksforystunnar í því. Maður á aldrei að segja „I told you so" í pólitík en mér finnst hafa komið betur og betur í ljós á undanförnum dögum að menn hefðu betur tekið alvarlegar hugmyndir okkar um almennar aðgerðir á sínum tíma, strax í kjölfar hrunsins, og ekki ýtt þeim svona rosalega ákaft út af borðinu," segir hann. Þar hafi hann orðið fyrir miklum vonbrigðum með félaga sína í Samfylkingunni.

Og Guðmundur hefur eigin sýn á hvernig leysa skuli úr skuldavandanum. Hún er meira að segja tölusett í fjórum liðum. Fyrir það fyrsta þurfi að kynna fyrir fólki þau úrræði sem þegar séu í boði. Þar hafi stjórnvöld brugðist. „Tökum til dæmis embætti umboðsmanns skuldara sem var sett á fót 1. ágúst. Ég veit ekki betur en að við höfum verið að setja lög um að hann hafi allar heimildir til að taka venjulegt fólk í miklum vanda og gefa því sömu meðferð og sagt er að auðmennirnir séu að fá í bönkunum, hvort sem þeir eiga það skilið eða ekki – líklega ekki. Fólk á að fá þarna skjól og endurskipulagningu á sínum fjárhag þannig að það standi uppi með hreint borð og nýtt líf fjárhagslega. Þessi lög tók ég þátt í að setja og mér þykir mjög leiðinlegt að fólk skuli ekki vita af þessu."

Annar liðurinn er ekki síður aðkallandi, segir Guðmundur. „Það er gamall fjandi og ófreskja að koma upp á yfirborðið af fullum krafti sem heitir fátækt," útskýrir hann. Gegn henni þurfi að ráðast og ekki dugi minna en herferð. Guðmundur bendir á að menn þurfi ekki að vera lengi atvinnulausir til að verða fátækir á Íslandi. Til að taka á þessum vanda þurfi að endurskipuleggja félagslegan leigumarkað og ráðast í átak í atvinnumálum.

Þriðji liðurinn snýr að almennum niðurfellingum skulda, málefni sem hefur verið Framsóknarflokknum mjög hugleikið frá hruni. Hann fagnar breyttum tóni hjá ríkisstjórninni í garð slíkra hugmynda.

Og fjórði og síðasti liðurinn snýr að því að hér þurfi að rísa heilbrigður lánamarkaður til framtíðar. Sá sem fyrir var, með sínum verð- og gengistryggðu lánum, hafi gert þorra Íslendinga að spákaupmönnum. „Þessu þarf að breyta fyrir framtíðina. Það þarf að rísa hér norrænn lánamarkaður með óverðtryggðum lánum og stöðugleika. Þar hef ég hallast að því að Evrópusambandið geti veitt okkur einhver svör."

### Tónninn í flokknum að skána

En þrátt fyrir ánægju með margt í flokki sínum hefur Guðmundi gramist tónninn í pólitíkinni, ekki síst í eigin flokki og ekki farið dult með það. „Síðasta þing var mér satt að segja vonbrigði. Ég upplifði það að við sætum öll í verulegri súpu eftir þetta hrun og þyrftum að vera sanngjörn og umgangast hvert annað af virðingu og auðmýkt til að reyna að koma okkur upp úr þessu. Í staðinn birtist pólitíkin mér rosalega hörð og herská og þar af leiðandi ósanngjörn og mér fannst minn flokkur meðal annars sekur um það." Niðurstaða sveitarstjórnarkosninganna í vor, einkum á höfuðborgarsvæðinu, hafi verið áminning um að þetta þyrfti að breytast, hjá öllum flokkum. „Núna vona ég að það horfi til betri vegar. Ég held að mótmælin á mánudaginn hafi líka haft sitt að segja í því."

Haft var á orði að Guðmundur og formaðurinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefðu í fyrsta sinn verið sammála þegar greidd voru atkvæði um ákærur fyrir landsdómi. Báðir voru alfarið á móti, ólíkt mörgum samflokksmönnum sínum. Hvernig stóð á því að flokkurinn tvístraðist með þessum hætti í málinu? „Framsóknarflokkurinn hefur enga flokkssamþykkt um það hvort eigi að lögsækja ráðherra," útskýrir Guðmundur. „Þetta mál er í eðli sínu bara fyrir hvern og einn að ákveða." Hann hafi verið mjög ánægður með það hvernig tekið var á málinu og segir það raunar í sínum huga gott dæmi um hvernig þingmennska eigi að vera. Menn hafi tekið afstöðu algjörlega á eigin forsendum.

„Ég komst að þeirri niðurstöðu að aðdragandi hrunsins væri bara dæmi um slæma pólitík og slæmt stöðumat og þar af leiðandi slæmar ákvarðanir og prinsipp mitt er að ég ætla ekki að draga slíkt fyrir refsirétt. Þangað vil ég ekki fara með pólitíkina." Hann skilji þó vel að aðrir hafi verið á öndverðum meiði.

En hvað með niðurstöðu málsins? „Ég veit ekki alveg hvaða áhrif hún hefur, en hún var ófyrirsjáanleg. Það sá enginn fyrir að einn maður yrði ákærður og það er í raun og veru alveg önnur tillaga en var lögð fram. Hún var í sjálfu sér aldrei rædd í aðdragandanum og við erum því í raun að fara í ferli sem er órætt. Það á sinn þátt í því að niðurstaðan er vandræðaleg."







**UNGUR OG REIÐUR** „Ef fólk vildi kasta í mig eggjum vildi ég helst bara gefa færi á því," segir Guðmundur um mótmælin við þingsetninguna fyrir viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Saknar þess að ræða pólitík við pabba

Í byrjun febrúar missti Guðmundur föður sinn, Steingrím Hermannsson, sem setti vægast sagt sterkan svip á íslenskt stjórnmálalíf á níunda áratug síðustu aldar og raunar mun lengur. „Það er náttúrlega mjög skrítið að hann sé ekki hérna lengur," segir Guðmundur. „Stundum ímynda ég mér – sérstaklega þegar ég er að velta hlutum í pólitíkinni fyrir mér – hvað hann mundi segja og hvernig okkar samræða yrði. Við töluðum rosalega mikið saman um pólitík og vorum oft mjög sammála en líka oft ósammála. Við gátum deilt um aðildarviðræður við Evrópusambandið í allt upp undir þrjá daga og síðan tekið hlé og haldið áfram." Það sé mikill söknuður að því að geta ekki rætt þjóðmálin við hann lengur.

„En einhvern tímann þurfa samt allir að deyja og hann dó á meðaldánaraldri íslenskra karlmanna, sem er 81 ár – að ég held – og það er nú bara nokkuð vel af sér vikið mundi hann sjálfsagt hafa talið líka. Ég fer ekki í neinar grafgötur með að það var ómetanlegt að geta lært af allri hans reynslu. Hún er mér mikilvæg og ég veit að hann lærði líka af reynslu föður síns. Ég sakna hans en ég held að hann hafi nú farið sáttur vegna þess að hann náði að klára að endurbyggja stofuvegginn uppi í bústað. Það var hans aðalmarkmið undir það síðasta."

Og þá er ekki úr vegi að spyrja Guðmund um hans eigin markmið. Stefnir hann að því að feta í fótspor föður síns og afa, Hermanns Jónassonar, og leiða einhvern tíma Framsóknarflokkinn?

„Það er ekki markmið í sjálfu sér," segir hann. Það sé ekki sjálfgefið að börn stjórnmálamanna fari í pólitík. Sjálfur eigi hann fimm systkini sem ekki starfi á þeim vettvangi. „Sjálfur ætlaði pabbi nú aldrei í pólitík því pólitík hefur líka ýmsar óaðlaðandi hliðar. Það að hafa kynnst pólitík á barnsaldri er ekkert endilega ávísun á að maður fari í hana sjálfur heldur kannski þvert á móti." Hann hafi hins vegar mikinn áhuga á þjóðmálum allt frá því að hann lá sem barn á hleri við stjórnarmyndunarviðræður heima við.

„En höfuðástæðan fyrir því að ég er hérna er að mig langar að gera gagn. Það að verða síðan eitthvað í pólitík, ráðherra eða formaður flokks, held ég að gerist ef maður stendur sig vel í að gera gagn. Og þá gerist það næstum því sjálfkrafa hef ég trú á. En maður spyr sig líka hinnar spurningarinnar: Á maður að hætta þessu? Þegar það er verið að varpa í okkur eggjum og svona er sú spurning mjög aðkallandi. Maður hefur heyrt það sjónarmið að við ættum öll á þingi að segja af okkur. Ég tek það mjög alvarlega. Það er alveg kristaltært að ég ætla ekkert að vera bara einhver hlunkur á þingi sem gerir ekki neitt."

### „Ég vildi bara fá eggin yfir mig"

Töluvert hefur verið skrafað um myndskeið frá þingsetningunni í liðinni viku þar sem þingmenn sjást setja undir sig höfuðin á leið út úr Dómkirkjunni og taka til fótanna undan eggjakasti mótmælenda. Guðmundur tók ekki á rás eins og sést á myndskeiðinu. „Ég vildi bara fá eggin yfir mig. Ef fólk vildi kasta í mig eggjum vildi ég helst bara gefa færi á því," segir hann. Ekkert hafi þó hæft hann.

„Mér fannst satt að segja mjög niðurlægjandi að þurfa að ganga inn bakdyramegin í þingið og sé eiginlega eftir því að hafa ekki heimtað að fá að ganga inn að framan," heldur hann áfram. Hið rólega rölt hafi því átt rætur í virðingu fyrir mótmælunum og reiði yfir niðurlægingunni. „Það var því dálítið reiður ungur maður sem gekk þarna rólega," segir hann. Hann segist skilja reiði almennings og telur að það mundi slá á hana ef þingmenn tækju sig til og ynnu saman sem einstaklingar en ekki alltaf á grundvelli flokkapólitíkur. „Ég veit að margir þingmenn eru að hugsa það sama og ég vona að næsta bylting á Íslandi verði bylting innan þingsins."

Hann segist hins vegar óttast það samfélag sem álítur það vel heppnuð mótmæli þegar víggirða þarf þinghúsið og tuttugu rúður eru brotnar. „Við þurfum að spyrja okkur hvort við séum nokkuð að sigla inn í samfélag þar sem við getum ekki hist í sama heita pottinum. Ég veit ekki af hverju ég er svona upptekinn af heita pottinum, en hann er þetta einkenni á íslensku samfélagi, sem ég vil verja, sama góða heita vatnið og allir ofan í því. Þannig á Ísland að vera."

**Stígur Helgason**
stigur@frettabladid.is



# TÆMUM BÚÐINA

## Á KORPUTORGI

# 50% afsláttur af öllu




LEIKFÖNG




BÆKUR




PÚSL & SPIL




SKRIFSTOFU
OG SKÓLAVÖRUR



TÖSKUR



TÖLVUVÖRUR

# ALLT Á AÐ SELJAST

## VIÐ ÆTLUM AÐ BREYTA BÚÐINNI



Ég ætla að spara í ár!

Office 1

# BORÐUM ÁVEXTI DAGLEGA

Ljúffeng Honey Crunch epli frá Frakklandi




Ný uppskera

EPLI HONEY CRUNCH **359** kr/pk.

# MANGÓ

Mangóin okkar eru fullþroskuð þegar þau koma í búðir og því hægt að borða þau strax!

Mangóið er ríkt af C-vítamíni. Einnig inniheldur það talsvert af A- og B-vítamínum, steinefnum og járni. Mangó er tilvalið eitt og sér sem og í salöt og eftirrétti.



*vissir þú*

að til eru mörg hundruð afbrigði af mangó og er það einn mest notaði ávöxturinn í heiminum.



ávöxtur mánaðarins

Ný uppskera

Perur eru trefjaríkar og innihalda C-vítamín og steinefni

---

*Inniheldur Beta-karótín*



GREIPALDIN RAUTT **298** kr/kg.

**Greipaldin** rautt

*Rík af A-, B- og C-vítamíni*



MELÓNA GUL **239** kr/kg.

**Melóna** gul

*Trefja- og steinefnaríkt*



SELLERÍ **298** kr/kg.

**Sellerí**

*Hvítlaukur eykur upptöku á járni í líkamanum*



HVÍTLAUKUR GEIRALAUS **298** kr/pk.

**Hvítlaukur** geiralaus

---



Læri

Kótilettur

Framhryggur í sneiðum

Framhryggur sagaður í súpukjöt

**974** kr/kg.

Merkt verð 1.498.-

1/2 lambaskrokkur snyrtur og án slaga



TILBOÐ **35%** afsláttur við kassa

---




OTA HAFRAMJÖL 950 G **369** kr/pk.




LA BAGUETTE SNITTUBRAUÐ **389** kr/pk.




SAMSÖLU BEYGLUR **199** kr/pk.




HNETUBAR **30%** afsláttur v/kassa



BLEIUR **1.508** kr/pk.



TÚNFISKUR **149** kr/stk.



STRÁSYKUR **205** kr/pk.




ORKUDRYKKUR **108** kr/stk.

---

Gildir til 10. október á meðan birgðir endast.


24 Hagkaup

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn

Skeifan & Garðabær




# TIKKA MASALA KJÚKLINGALUNDIR fyrir 4

*að hætti Rikku*

2 msk ólífuolía
1 laukur, sneiddur
1 ½ msk rifið engifer
1 ½ msk turmeric
1 ½ msk cumin krydd
2 msk Garam Masala krydd
½ msk cayenne pipar
3 msk tómatþykkni
3 hvítlauksrif, pressuð

800 g kjúklingalundir, skornar til helminga
200 g grískt jógúrt
salt og pipar eftir smekk
handfylli ferskt kóríander
1 límóna, skorin í bita

Hitið ólífuolíuna við meðalhita í meðalstórum potti. Steikið laukinn ásamt kryddunum þar til að hann verður mjúkur í gegn. Bætið tómatþykkninu og hvítlauknum út í ásamt kjúklingnum og steikið hann í gegn. Bætið grísku jógúrtinu út í og látið malla í 15 mínútur. Kryddið með salti og pipar. Berið fram með fersku kóríander, límónu og hrísgrjónum.

Kcal: 425/ 21% LDS*
Prótein: 50 g/ 100% LDS
Fita: 15 g/ 23% LDS
Kolvetni: 8 g/ 3%
Trefjar: 1 g/ 4% LDS
Kalk: 136 mg/ 14% LDS
Járn: 2.3 mg/ 13% LDS

* Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) miðast við 2.000 Kcal (hitaeininga) orkuþörf.













**Fiskborgarinn Mikli**
Fiskdagsborgarinn

**Lambalæri**
Skógarberjamarinerað

**Lambakótilettur**
Ferskar

**Lambafille**
Púrtvínsmarinerað




## Lífrænar vörur

Lífrænt ræktaður matur vex í lifandi jarðvegi og færir okkur ómengaðan lífsþrótt.

Þegar ég vel lífrænt þá er ég að kjósa heilbrigði og lífsþrótt, bæði fyrir mig og umhverfið.

LÍFRÆNT Solla

























HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Varhugavert er að skera niður fæðingarorlof, bæði fyrir börn og foreldra.

## Fæðingarorlof er grunnþjónusta

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Fæðingarorlof er hvergi á Norðurlöndum styttra en hér á Íslandi. Þrátt fyrir það getum við og höfum verið stolt af því hversu margir feður nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs.

Nú liggja fyrir áform um að skera niður í fæðingarorlofssjóði um einn milljarð króna og verður úr vöndu að ráða þegar ákveða á hvar niðurskurðarhnífinn skuli bera niður.

Á að stytta orlofið sem er samtals níu mánuðir og þar með styttra en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við? Eða á að lækka hámarksgreiðslurnar enn frekar en orðið er þótt vitað sé að allar líkur séu á því að það muni skila sér í því að færri feður muni nýta rétt sinn til töku fæðingarorlofs?

Undirliggjandi markmið með því að auka rétt feðra til fæðingarorlofs á sínum tíma var að auka jafnrétti kynja. Ekki bara með því að stuðla að meiri samveru feðra og barna og um leið aukinni þátttöku þeirra í umönnun þeirra og almennri ábyrgð á heimilishaldi. Einnig var vonast til að með tímanum skilaði aukin fæðingarorlofstaka feðra sér í auknu launajafnrétti, því ein skýringin sem til hefur verið tekin á launamun kynja er að konur nái ekki sama starfsframa og launum og karlar vegna þess að á ákveðnu árabili geti þær hvenær sem er horfið frá störfum tímabundið vegna barneigna.

Þrátt fyrir að hvorki fleiri né færri en níu af hverjum tíu feðrum hafi nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs í þrjá mánuði hefur það að því er virðist ekki haft teljandi áhrif á launajafnrétti. Nú gildir það þó um bæði kyn að fólk hverfi frá störfum tímabundið vegna barneigna. Engu að síður hefur ríkt mikil ánægja með þátttöku feðra í orlofinu, sem virðist hafa skilað sér í aukinni þátttöku og ábyrgð á börnum sínum.

Gildandi lög um fæðingarorlof eru tíu ára gömul. Setning þeirra markaði tímamót í stöðu foreldra á Íslandi og færði okkur mun nær fjölskyldu- og barnvænu samfélag. Það verður að teljast varhugavert að hrófla við ágætum árangri sem orðið hefur með aukinni þátttöku og ábyrgð feðra á umönnun barna sinna, sem hlýtur að skila sér í traustari og nánari böndum til framtíðar.

Hámarksgreiðsla úr fæðingarorlofssjóði hefur þegar verið skert þrisvar sinnum frá hruninu sem varð fyrir réttum tveimur árum. Hún nemur nú 300 þúsund krónum og veruleg hætta hlýtur að teljast á því að frekari skerðing muni fyrst og fremst draga úr orlofstöku feðra og þar með grafa undan þeirri góðu þróun sem orðið hefur með auknum samvistum feðra við ung börn sín.

Fæðingarorlof er grunnþjónusta í velferðarsamfélagi. Og fæðingarorlof snýst ekki bara um rétt foreldra til að vera með börnum sínum heldur ekki síður rétt barna til að eiga fyrstu mánuði ævi sinnar í rólegum faðmi foreldra. Á þeim tíma er tengslamyndun afar mikilvæg og það væri sorglegt spor aftur á bak fyrir börn, mæður og feður ef höggvið yrði í þessa grunnþjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Hyggur þú á breytingar, og- eða endurbætur heima fyrir ?**

*Baðherbergið eða eldhúsið. E.t.v. eitthvað annað?*
*Hjá okkur færðu alla þjónustu löggiltra iðnaðarmanna.*
*Vönduð og metnaðarfull vinnubrögð.*
*Hafðu samband og við gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu.*
*Allt á einum stað hjá traustu fyrirtæki.*

Al-Verk

Al-Verk ehf. - Byggingaþjónusta
Símar: 568 0080 • 858 0980 • 858 0981
Einnig er hægt að senda fyrirspurn á alverk@alverk.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Listamenn og venjulegt fólk

Ásbjörn Óttarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, uppskar mikla reiðiöldu þegar hann lýsti því yfir á Alþingi að leggja ætti listamannalaun niður. „Af hverju geta þessir listamenn ekki farið að vinna og komið sér bara í eðlilega vinnu eins og allt venjulegt fólk?" spurði Ásbjörn. Viðbrögð listamanna voru gríðarlega hörð á öllum vefmiðlum og óteljandi bloggsíðum. „Þingmenn framleiða ekki neitt og skila engum tekjum til þjóðarbúsins," sagði Úlfur Eldjárn og var einn af nokkrum sem spurðu Ásbjörn á móti af hverju hann fengi sér sjálfur ekki vinnu eins og venjulegt fólk. Baldvin Esra útgefandi kallaði eftir því að allir listamenn í þjóðfélaginu færu í verkfall til þess að sýna mikilvægi starfa sinna í þjóðfélaginu.



### Nýstárleg viðbrögð

Miðað við andrúmsloftið í þjóðfélaginu og íslenska umræðusiði undanfarin ár er ekki hægt að segja annað en að viðbrögð Ásbjörns hafi verið óvenjuleg. Fyrir hádegi var hann búinn að biðjast afsökunar og sagðist eiga þær málsbætur að hafa látið orðin falla í tímahraki eftir að forseti þingsins var farinn að spila á bjölluna af því að ræðutíminn var liðinn. Ásbjörn sagðist aðallega hafa verið að lýsa óánægju með byggingu tónlistarhússins Hörpu við Reykjavíkurhöfn. Síðar um daginn sagði Vísir frá því að Ásbjörn hefði þegið boð frá stjórn Bandalags íslenskra listamanna þar sem honum voru kynntar tölur um arðsemi lista- og menningarstarfsemi fyrir þjóðarbúið.



peturg@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Stjórnlagaþing meira en 200 milljóna króna virði

Stjórnlagaþing



Bergvin Oddsson

rithöfundur og fyrirlesari

Eftir örfáar vikur fara fram kosningar til stjórnlagaþings. Margir hafa deilt um kosti og galla þess.

En hvað er þetta stjórnlagaþing og til hvers er það? Jú, stjórnlagaþing á að koma saman hinn 15. febrúar næstkomandi og starfa í tvo til fjóra mánuði í lotum. Það besta er að allir mega bjóða sig fram, og ef þú nærð kjöri verður atvinnurekandinn þinn að gefa þér frí. Svo er bónusinn að þú nýtur sömu launa og kjara eins og þú sért alþingismaður. Stjórnlagaþingið ætlar að taka fyrir íslensku stjórnarskrána, sem er í sjö köflum. Stjórnlagaþingið ætlar að fjalla um kosningar, forsetann, þingmenn, já, og ráðherraábyrgð, dómstólana svo ekki sé minnst á mannréttindin.

Það eru margir sem halda að eingöngu lögfræðingar og stjórnsýslufræðingar megi gefa kost á sér. Ég segi bara, það er rangur misskilningur eins og einn Færeyingur orðaði það svo skemmtilega. Allir mega gefa kost á sér til Stjórnlagaþingsins. Allir þeir sem eru orðnir 18 ára og eru ekki þingmenn, varaþingmenn eða dómarar.

Að mínu mati skiptir miklu máli að þetta þing fái tækifæri til þess að fjalla um sjálfa stjórnarskrána. Enda plagg síðan á 19. öld.

Á stjórnlagaþinginu eiga 25 til 31 einstaklingur að skiptast á skoðunum um ráðherraábyrgð, Ísland eitt kjördæmi, þingrof og mannréttindi. Svo ekki sé minnst á forsetaembættið, á það að vera til áfram eða á það að víkja, svo eitthvað sé nefnt.

Ef ég væri stjórnlagaþingmaður myndi ég beita mér fyrir því að hafa mannréttindakaflann fyrsta kaflann í stjórnarskránni, en ekki í síðasta kaflanum líkt og hann er í dag.

Ég hvet þá sem ætla að gefa kost á sér að beita sér fyrir þessu.

Framboðsfrestur er til 18. október. Við Íslendingar höfum allt að vinna og engu að tapa. Ég minni á að kosningarnar eru persónukosningar, svo ekki þarf að kjósa flokka eða hópa. Loksins, loksins fær almenningur að kjósa fólk. Svo verður Ísland eitt kjördæmi, þannig að Gunna á Akureyri getur kosið Jón á Selfossi. Ég hef fulla trú á því að ný stjórnarskrá sameini okkur sem eina þjóð á ný og færi þjóðinni nýja og bjartari tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sýndarlýðræði

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Árið 1971 er merkilegt ár í íslenskri kosningasögu. Það er eina skiptið á lýðveldistímanum sem kjósendum tókst að koma ríkisstjórn frá í almennum kosningum, með þeim hætti að stjórnin tapaði völdum og stjórnarandstaðan tók við. Í öðrum kosningum, hafa ríkisstjórnir haldið velli, og þá sjaldan sem þær hafa fallið hafa menn stoppað upp í stjórnarsamstarfið eða skipt út hluta stjórnarinnar.

Stjórnir á Íslandi falla oftast annað hvort á miðju kjörtímabili eða í leynimakkinu skömmu eftir kosningar. Óánægja eða „þreyta“ í stjórnarsamstarfi á þannig mun meiri þátt í því hver stjórnar landinu og með hverjum heldur en vilji kjósenda. Allir ganga óbundnir til kosninga og bjóða svo hver öðrum í sumarbústaði til að „þreifa fyrir sér“. Væri ekki betra ef baráttan um ráðherraembættin færi fram í kjörklefanum, en ekki á kaffistofu Alþingis?

Á Íslandi er þannig í raun algengast að stjórnir falli fyrst og svo komi kosningar, en þetta ætti í raun að vera öfugt. Með öðrum orðum skila forsætisráðherrar og ríkisstjórnir inn uppsagnarbréfum til þjóðarinnar áður en þau eru rekin, svo finna menn eftirmenn sem þjóðin samþykkir. Svoleiðis er þetta ekki alls staðar. Í Bretlandi hafa kjósendur rekið ríkisstjórnir sjö sinnum frá stríðslokum. Bretland þykir nú samt ekkert óstöðugt lýðræðisríki.

Ástandið á Íslandi er að einhverju leyti afleiðing þess kosningakerfis sem við búum við, í bland við vondar hefðir. Menn græða ekki endilega á því að sammælast um einhverja stefnu fyrir kosningar og bjóða fram saman, það er alveg jafngott að bjóða fram sundruð og skilja málin eftir óleyst þangað til eftir kosningar. Það er ágætis hlutskipti að vera meðalstór miðjuflokkur, sem getur unnið með öllum.

Niðurstaðan hefur því orðið sú að allir flokkar á Íslandi þykjast einmitt vera miðjuflokkar sem geti unnið með öllum.

Einmenningskjördæmi líkt og tíðkast í Bretlandi eru fjarri því að vera fullkomin. Stærsti galli þeirra, mikið ósamræmi milli fylgis á landsvísu og fjölda þingsæta, er á sinn hátt þeirra stærsti kostur, því þar með gerist það oftar að einn flokkur ber skýra ábyrgð á stjórnun landsins og nokkurra prósenta sveiflur eru líklegri til að hafa áhrif á það hvort stjórn heldur eða fellur. Annar ótvíræður kostur er að lýðræðislegt umboð þingmanna er skýrara og tengsl þeirra við kjósendur meiri. Enda er flokksagi almennt minni í löndum þar sem þingmenn eru ekki kosnir af löngum flokkslistum.

Í öllu falli væri heppilegt að auka aðkomu kjósenda að því hver það í raun er sem situr í ríkisstjórn, ýmist með því að flokkar lýsi þá yfir stuðningi við eitthvert tiltekið forsætisráðherraefni eða jafnvel að ríkisstjórnin sjálf verði kosin beint. Þótt eflaust megi finna eitthvað að því kerfi getur það varla verið verra en kerfið sem gerði Björgvin G. að viðskiptaráðherra. Ég er með nafn á það kerfi: Gúbbræði.

Hérlendis eru ráðherrar með meistarapróf sjaldgæf sjón, og nær útilokað er að sjá menn með skírteini frá toppháskólum rata í toppstöður í stjórnmálum. Til þess þyrftu þeir líklegast að brjóta sér leið fram hjá of mörgum verr gefnum en þolinmóðari mönnum sem nýtt hafa tímann í að kreista krumlur í sveitinni og tala vel um yfirmenn sína. En hvers vegna gerum við ekki meiri kröfur? Ég er ekki að segja að lög eigi að krefjast þess að ráðherrar hafi menntun eða reynslu sem hæfi starfinu, ég er að segja að við sjálf eigum að gera það.

> Ég er ekki að segja að lög eigi að krefjast þess að ráðherrar hafi menntun eða reynslu sem hæfi starfinu, ég er að segja að við sjálf eigum að gera það.

Staðreyndin er nefnilega sú að langflestir ráðherrar seinustu áratuga hefðu ekki einu sinni þorað að bjóða sig fram til setu í þeim ráðherraembættum sem þeir á endanum hlutu, ef kosið hefði verið um þau. Hefði Árni Matthiesen þótt sterkur kandídat í stöðu fjármálaráðherra? Hefði konan sem ekki kunni ensku þótt koma sterklega til greina sem utanríkisráðherra? Nei, ég held að þau og margir aðrir hefðu ekki einu sinni þorað að mæta í atvinnuviðtöl um þessi störf, hvað þá að nokkurt skynsamt fyrirtæki hefði ráðið þau. Við eigum betri umsækjendur. Við þurfum bara kerfi sem finnur þá.

# Stórkostlegt starfsfólk

Þakkir

Anna Kristinsdóttir, Sigurbjörn Magnússon, María Ellingsen, Gunnar Örn Harðarson, Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir, Loftur Atli Eiríksson, Kristín Steinarsdóttir, Katrín Friðriksdóttir
foreldrar barna í Reykjadal

Það er sameiginleg reynsla foreldra fatlaðra barna að baráttan fyrir barninu og betra lífi því til handa er í fyrsta sæti þegar kemur að forgangsröðun í lífinu. Jafnvel þótt slík sé forgangsröðunin er ekki hægt að taka þátt í öllum þeim verðugu verkefnum sem birtast á leiðinni. Dagleg verkefni taka mesta orkuna og því er oft ekki mikið eftir þegar óvæntar áskoranir birtast.

Samfélagið býr sem betur fer yfir fólki sem er tilbúið að leggja á sig ómælda vinnu og erfiði til þess að gera líf þessara einstaklinga innihaldsríkara. Oft eru það vinir og ættingjar sem benda á baráttumálin en sjaldnar er það hópur einstaklinga sem finnur sig knúinn til þess að rísa upp og bæta það sem hefur farið aflaga í þjónustu við þennan hóp. Einn slíkur hópur kom fram á síðustu vikum. Starfsfólk Reykjadals gerði það mögulegt að börnin okkar njóti á næstu mánuðum skemmtunar og ánægju í helgardvöl í Reykjadal. Þetta er alfarið að þakka starfsfólki Reykjadals undir stjórn Sólveigar Hlínar Sigurðardóttur, sem neitaði að taka það gilt að lokað yrði fyrir þessa þjónustu yfir vetrartímann.

Við foreldrar barnanna viljum þakka ykkur öllum, hverju og einu, fyrir árangur söfnunarinnar til styrktar Reykjadal. Þetta var ykkar verk og það eruð þið sem gerið starfið svo mikilvægt bæði fyrir okkur foreldrana og börnin og ungmennin.







Námskeið og einkaráðgjöf danska læknisins
Charlotte Bech
9. – 14. október næstkomandi
Upplýsingar á www.ihugun.is

Íslenska íhugunarfélagið, Skúlatúni 2, sími 557 8008

## AF NETINU

### Nýta þarf sambönd

Fundur Bjarna Benediktssonar með David Cameron er af hinu góða. Við Íslendingar þurfum að nýta okkur öll þau sambönd og áhrif sem við getum haft erlendis í okkar málum.

Vonandi hefur Bjarni komið því til skila til Camerons hve ósanngjarnt það er að hver íslenskur skattborgari sé krafinn um 25 sinnum hærri upphæð en breskur skattborgari vegna máls sem siðferðilega er á ábyrgð stjórnvalda beggja þjóða, burtséð frá lagatæknilegum atriðum.

omarragnarsson.blog.is

**Ómar Ragnarsson**

### Óvenjulega tækifærissinnaður

Sigmundur Ernir Rúnarsson er óvenjulega tækifærissinnaður þingmaður. Hlustar vel á landsbyggðarvæl og neitar að samþykja niðurskurð í kjördæmi sínu. Gott dæmi um Ekki-ég úr Litlu gulu hænunni. Er ósáttur við friðun Þjórsárvera, því að þar gæti verið gott að hafa virkjun. Ég held hann eigi heima í sönnum stóriðju- og landsbyggðarflokki, Sjálfstæðisflokknum. Hann sé bara fyrir sögulega tilviljun í Samfylkingunni sem er meira úr hverfi 101. Í Flokknum fengi hann sálufélag ábyrgðarleysis við Jón Gunnarsson og Ásbjörn Óttarsson. Hótar nú að hætta að styðja stjórnina. Ætti sem fyrst að láta verða af því.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

# Brugðist við gagnrýni

Opinberar ráðningar

Ögmundur Jónasson
mannréttindaráðherra



Forkostuleg og ósanngjörn umræða hefur farið fram í fjölmiðlum um ráðningu skrifstofustjóra í landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti. Hún er ósanngjörn vegna þess að sá sem ráðinn var í stöðuna hefur ekki verið látinn njóta sannmælis. Jóhann Guðmundsson heitir maðurinn. Hann hefur starfað í aldarfjórðung í stjórnsýslunni, þar af í ellefu ár sem skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu. Í fjögur ár var hann einn af fulltrúum stjórnarráðsins í Brussel. Hann hefur m.a. haft þann starfa að undirbúa lagafrumvörp í landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti og verið aðstoðarmaður tveggja ráðherra. Meðal annars vegna þessarar reynslu sinnar, auk þess sem hann hefur tilskilda menntun, var Jóhann metinn hæfastur af starfsmönnum dómsmálaráðuneytisins, sem fóru yfir málið. Reynsla Jóhanns og þekking réð þar mestu um en þess skal getið að margir hæfir einstaklingar voru um hituna. Þrátt fyrir það var niðurstaðan afgerandi. Rökin voru sannfærandi fyrir þessari niðurstöðu og var Jóhann ráðinn á grundvelli hennar.

**Tími húsmennsku er liðinn!**

Nú kemur að hinni forkostulegu hlið þessa máls. Jóhann hefur verið aðstoðarmaður tveggja ráðherra. Á þeirri forsendu leggja nú ýmsir kapp á að tortryggja ráðningu hans. Um það vil ég segja tvennt. Jóhann Guðmundsson er ekki, alla vega svo ég viti til, skráður í neinn stjórnmálaflokk. Í öðru lagi hefði það ekki átt að útiloka hann jafnvel þótt svo væri. Tími „húsbænda og hjúa“ er liðinn – eða á að vera það. Aðstoðarmenn ráðherra eru ekki verkfæri þeirra heldur sjálfstæðir einstaklingar sem á að meta sem slíka og láta þá ekki gjalda starfa sinna þótt þau tengist stjórnmálamönnum. Slíkt væri í anda McCarthys, bandaríska öldungadeildarþingmannsins, sem á tíma Kalda stríðsins hamaðist gegn öllum sem grunur lék á að hefðu vinstri sinnaðar skoðanir og varð frægur að endemum. Eða Berufsverbot í Þýskalandi eftirstríðsáranna, sem lét félagslega þenkjandi fólk gjalda skoðana sinna. Nú er þessu ekki einu sinni fyrir að fara. Heldur er það gert tortryggilegt að umsækjandi um stöðu starfaði með einstaklingum með tilteknar skoðanir!

**Sama niðurstaða**

Ýmsir hafa orðið til að leggja orð í belg í þessari umræðu. Þannig segir prófessor við Háskóla Íslands í fréttum RÚV að slæmt sé að ráðherrar hafi „afskipti“ af ráðningum. Nokkrir fjölmiðlamenn dylgja um annarleg sjónarmið. En hvaða „fagfólk“ vilja þeir að hafi ráðningarvaldið? Prófessorar? Ráðningarskrifstofur? Eða er það kannski í lagi að stjórnmálamenn, sem þurfa öðrum fremur að standa skil gerða sinna, hafi ábyrgðina á hendi? Að mínu mati er það vinnsluferlið og niðurstaðan sem endanlega skiptir máli. Eða snýst ekki spurningin um að rétt sé að verki staðið? Að niðurstaðan sé sanngjörn? Að allir njóti sannmælis? Umsækjandinn, og kannski líka stöðuveitandinn – jafnvel þótt hann sé stjórnmálamaður? Hefði Jóhann Guðmundsson sloppið við ómaklegar dylgjur ef starfsmenn dómsmálaráðuneytisins hefðu ráðið hann til starfa án milligöngu minnar? Niðurstaðan hefði verið hin sama.

**Skiljanleg gagnrýni**

En hvað veldur gagnrýninni? Hún er ekki einskorðuð við skrif í prentmiðlum eða fréttir í fjölmiðlum. Hún nær miklu víðar og birtist til dæmis víða í bloggheimum. Mín tilfinning er sú að verið sé að gagnrýna mismunun og leyndarhyggju sem viðgengist hefur til margra ára og áratuga. Þótt það sé þessi ráðning sem gagnrýnin beinist nú að, þá þykir þeim sem gagnrýna hana hún vera dæmigerð um það sem viðgengist hefur um langan aldur, leyndarhyggju og pólitíska mismunun. Krafan nú er um gerbreytt vinnubrögð hvað þetta varðar, nokkuð sem ég get tekið undir. Þá er viðfangsefnið þetta: Hvernig má tryggja að allir fái notið sannmælis, og þá ekki síst sá sem sækir um stöðu og hlýtur hana? Hvernig á að haga málum þannig að pólitísk ábyrgð sé fyrir hendi en byggð á eðlilegu og sanngjörnu mati? Viðfangsefnið er að eyða tortryggni þar sem hún á ekki heima. Fyrsta skrefið er að þeir sem hafa ráðningarvaldið á hendi séu reiðubúnir að ræða málin opinskátt og bregðist við gagnrýni. Þetta greinarkorn er viðleitni í þá átt.

> Viðfangsefnið er að eyða tortryggni þar sem hún á ekki heima. Fyrsta skrefið er að þeir sem hafa ráðningarvaldið á hendi séu reiðubúnir að ræða málin opinskátt.


# Prýðir þín mynd forsíðuna um helgina?

Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og þú átt möguleika á því að komast á forsíðu næsta helgarblaðs og vinna glæsileg verðlaun. Þema myndarinnar er **„Fólk um haust“**.

Sigurvegarinn fær gjafabréf fyrir tvo til einhvers af áfangastöðum Iceland Express í Evrópu auk þess sem sigurmyndin verður á forsíðu Fréttablaðsins laugardaginn 9. október. Verðlaun fyrir annað og þriðja sæti eru gjafakort frá Þjóðleikhúsinu fyrir tvo á almenna sýningu.

Myndir skal senda á **ljosmyndakeppni@frettabladid.is**, til hádegis föstudaginn 8. október.

Hver ljósmyndari má senda eina mynd inn, fyrsta myndin gildir.

Tilkynnt verður um val forsíðumyndarinnar um miðjan dag á föstudag.










Allt sem þú þarft...

www.visir.is/ljosmyndasamkeppni

# 20-30% AFSLÁTTUR

HEITIR & KALDIR

# Dagar Í OKTÓBER

ÚRVAL HEIMILISTÆKJA Á TILBOÐSVERÐI

## 3 TÆKI Í PAKKA TILBOÐ



AEG

ÞÚ SPARAR 101.800,-

- AEG OFN [B-4101-5-M]
- AEG HELLUBORÐ [HK634000 XB]
- AEG VEGGHÁFUR [DK 3160-M]

LISTAVERÐ 311.700,-

**TILBOÐSVERÐ: 217.900,-**

30% afsláttur



AEG

ÞÚ SPARAR 83.800,-

- AEG OFN [B-3051-5-M]
- AEG HELLUBORÐ [HK634000 XB]
- AEG VIFTA [DF 6164-M]

LISTAVERÐ 263.700,-

**TILBOÐSVERÐ: 184.900,-**

30% afsláttur



AEG

ÞÚ SPARAR 66.800,-

- AEG OFN [B-3051-5-W]
- AEG HELLUBORÐ [HK-61400XB]
- AEG VIFTA [DU 4361-W]

LISTAVERÐ: 216.700,-

**TILBOÐSVERÐ: 149.900,-**

30% afsláttur

Tefal

POTTAR OG PÖNNUR



**20% AFSLÁTTUR**

DRAUMARYKSUGURNAR ERU FRÁ AEG

*Þær gerast ekki betri!*

**20% AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM AEG RYKSUGUM



**20% AFSLÁTTUR**

AF AEG OFNUM, ELDAVÉLUM, HELLUBORÐUM og VIFTUM/HÁFUM



AEG

**40% AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM AEG GAS-HELLUBORÐUM

## AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

## FRYSTIKISTUR FRYSTISKÁPAR



**TILBOÐSVERÐ Á KÆLISKÁPUM, FRYSTISKÁPUM OG FRYSTIKISTUM**

Lítið eitt útlitsgallaðir frystiskápar á flottu verði

**KANNAÐU ÚRVALIÐ!**

## ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

GÓÐ ÞJÓNUSTA GOTT VERÐ

# ORMSSON

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751

ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000

ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515

ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038

ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900

ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

# tímamót

timamot@frettabladid.is

BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR AÐSTOÐARREKTOR: FAGNAR FIMMTUGU

## Strákarnir stærsta afrekið



**LÍTUR SÁTT UM ÖXL** Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektor Samvinnuháskólans á Bifröst og fyrrverandi alþingismaður, er fimmtug í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég geri mér yfirleitt einhvern dagamun á afmælinu mínu og í kvöld ætla ég á sinfóníutónleika með góðum vinum og út að borða,“ segir Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektor Samvinnuháskólans á Bifröst, þegar Fréttablaðið forvitnast um afmælisplönin en Bryndís er fimmtug í dag.

Tvíburasynir Bryndísar eiga afmæli á morgun og undanfarin 13 ár segir Bryndís afmælisdaginn yfirleitt hafa farið í undirbúning fyrir daginn þeirra. Hún sé fjölskyldumanneskja og drengirnir séu hennar stærsta afrek þegar hún lítur um öxl. Sem hún gerir gjarnan á stórafmælum.

„Ég lít um öxl sátt við guð og menn. Börnin manns skipta mestu máli og svo það að vera samferða sjálfum sér í lífinu og við góða heilsu. Ég hef einnig borið gæfu til þess að starfa við það sem ég hef áhuga á,“ segir Bryndís en hún sat á þingi frá árinu 1995 til 2005. Hún segir það skemmtilegan tíma og ævintýri sem hún sá ekki fyrir. Hún sakni þó ekki atgangsins í pólitíkinni.

„Nei ég var mjög sátt þegar ég tók þá ákvörðun að hætta. Þetta eru ekki öfundsverð verkefni sem alþingismenn standa frammi fyrir í dag. Ég gerðist deildarstjóri lagadeildar við Samvinnuháskólann á Bifröst þegar ég hætti í stjórnmálum árið 2005 og er nú aðstoðarrektor skólans. Það er mjög skemmtilegt að starfa í háskólaumhverfinu og gaman að fylgjast með ungu fólki fara út í lífið.“

Bryndís fæddist á Selfossi og bjó fyrstu tíu æviárin í Vestur-Landeyjum þar sem foreldrar hennar voru með búskap. Hún ólst upp í stórri fjölskyldu, á 8 systkini og segir líf og fjör hafa einkennt æskuheimilið. Árið 1970 flutti fjölskyldan í Kópavoginn sem hún kennir sig við.

„Ég hef ákveðnar taugar í sveitina en sterkari í Kópavoginn. Ég bjó þar til rúmlega tvítugs og tel mig Kópavogsbúa ef einhver spyr,“ segir Bryndís, sem í dag býr með drengjunum sínum í Borgarnesi. „Við bjuggum í Vesturbænum og fyrsta árið á Bifröst keyrði ég á milli. Þegar ég sá hús til sölu á besta stað í Borgarnesi stökk ég á tækifærið. Okkur líður mjög vel hér og strákarnir eru gallharðir Borgfirðingar og Skallagrímsmenn í fótboltanum.“

Sjálf spilar Bryndís ekki fótbolta, segist sinna eðlilegu viðhaldi þegar kemur að heilsunni og sé skorpumanneskja í þeim efnum. Hún stundi útivist og gönguferðir og skreppi í veiði yfir sumartímann. Fram undan sé skorpa í andans málum en Bryndís fékk sér nýlega kort í sinfóníuna og í leikhús. Þrátt fyrir hálfrar aldar afmælið er þó ekkert að hægjast um í lífi Bryndísar en í haust sest hún á skólabekk.

„Ég er að byrja í doktorsnámi samhliða vinnu í Óslóarháskóla þar sem ég einbeiti mér að rannsóknum á samskiptum ríkisstjórna og þjóðþinga.“

heida@frettabladid.is

---

*Ástkær vinur, faðir, afi og bróðir,*

**Jóhannes Ingólfur Jónsson**

rafverktaki,

lést föstudaginn 1. október á Hjúkrunarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum 7 í Reykjavík. Hann verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju mánudaginn 11. október kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin.

**Ólöf Sigríður Stefánsdóttir**
**Ásta Guðrún Jóhannesdóttir**
**Jón Kristinn Jóhannesson**
**Elísa Rós Natansdóttir**
**Systkini, vinir og vandamenn**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tendamóðir, amma og langamma,*

**Sigurlaug Fjóla Kristmannsdóttir**

fyrrum húsfreyja, Hvammi í Vatnsdal, Þorragötu 5, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi miðvikudaginn 29. september. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 11. október kl. 13.00.

**Hallgrímur Guðjónsson**
**Hafsteinn Gunnarsson** — **Ásta Jónsdóttir**
**Ingibjörg Rósa Hallgrímsdóttir** — **Gísli Ragnar Gíslason**
**Þuríður Hallgrímsdóttir** — **Finnbogi Kjartansson**
**Margrét Hallgrímsdóttir** — **Gunnar Þ. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Ögmundsdóttir**

Holtsgötu 4, Ytri Njarðvík,

lést mánudaginn 27. september á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Ytri Njarðvíkurkirkju í dag föstudaginn 8. október kl. 14.00.

**Sæmundur Þ. Einarsson**
**Ingigerður Sæmundsdóttir** — **Bjarni Jóhannsson**
**Ögmundur Sæmundsson** — **Heiða Ingólfsdóttir**
**Baldur Sæmundsson** — **Harpa Kristín Einarsdóttir**
**Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir** — **Hleiðar Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,*

**Valný Georgsdóttir**

áður til heimilis í Reykjavík og á Sauðárkróki,

sem andaðist laugardaginn 2. október á Heilbrigðisstofnun Blönduóss, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju mánudaginn 11. október kl. 15.00.

**Erla Höskuldsdóttir**
**Sigrún Höskuldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---



*Ástkær eiginmaður, stjúpfaðir, bróðir, mágur og frændi,*

**Páll Stefánsson**

framleiðslumaður, Asparfelli 6, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 5. október.

**Nataly Stefánsson**
**Tatiana Helgason** — **Haukur Helgason**
**Amalía Stefánsdóttir** — **Leif Bryde**
**Guðný Stefánsdóttir**
**Hafsteinn Stefánsson** — **Sigrún Óla**
**og frændsystkini**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnheiður Valdemarsdóttir**

hjúkrunarheimilinu Skjóli, áður Byggðavegi 89, Akureyri

lést þriðjudaginn 5. október. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 12. október kl. 13.30.

**Valdemar Ragnarsson** — **Liisa Kajo**
**Ásgerður Ragnarsdóttir** — **Gunnar Eydal**
**Óli Þór Ragnarsson** — **Ingibjörg Marinósdóttir**
**Árni Ragnarsson** — **Ásrún Guðmundsdóttir**
**Guðrún Ragnarsdóttur** — **Valdimar Einisson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

## Merkisatburðir

**1720** Skriða fellur úr Vatnsdalsfjalli í Húnavatnssýslu á tvo bæi og farast 6 manns. Einnig stíflar skriðan Vatnsdalsá og myndast stöðuvatn að ofanverðu og kallast það Flóðið.
**1879** Hið íslenska fornleifafélag er stofnað í Reykjavík.
**1910** Enskur togari rænir hreppstjóra og sýslumanni Barðstrendinga og fer með þá til Englands.
**1967** Che Guevara er handtekinn í Bólivíu.
**1969** Peter Ustinov, leikari og leikskáld, er viðstaddur frumsýningu á verki sínu, Betur má ef duga skal, í Þjóðleikhúsinu.
**1994** Donovan, breskur dægurlagasöngvari, skemmtir í Þjóðleikhúskjallaranum.
**2001** Arnold Schwarzenegger er kosinn ríkisstjóri Kaliforníu.
**2005** Gífurlegur jarðskjálfti skekur Pakistan, Afganistan og Indland norðanverð. Yfir 70 þúsund manns farast.

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Þorsteinsdóttir**

Blöndubakka 16, Reykjavík,

lést á kvenlækningadeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 28. september síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey, að ósk hinnar látnu, frá Digraneskirkju miðvikudaginn 6. október. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki kvenlækningadeildar og krabbameinsdeildar Landspítalans fyrir umönnun og hlýju.

**Óskar Ingólfur Þórðarson**
**Þórður Garðar Óskarsson** — **Rannveig Jónsdóttir**
**Jóna Ingibjörg Óskarsdóttir** — **Benedikt Guðni Þórðarson**
**Þorleifur Óskarsson** — **Helga Kristín Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Sýningunni Indian Highway** í Hafnarhúsinu lýkur á sunnudag en þar gefst tækifæri til að skyggnast inn í framandi veröld indversks samfélags. Þar eru sýnd skjáverk eftir 25 indverska listamenn sem fjalla um lýðræði, umhverfi, trúarbrögð, kynþætti, kynjahlutverk og stéttaskiptingu.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja
*með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu*

Humarsúpa
*rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum*

Fiskur dagsins
*það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar*

*** eða / Or ***

Lambatvenna
*með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljáa*

Kókoshnetu Tapioca
*með steiktu mangói og lychee sorbet*

Verð aðeins 7.290 kr.

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Auglýsingasími
512 50 50



Allt sem þú þarft...


**Þóra Dögg Jörundsdóttir vann til verðlauna fyrir brauðtertu sem er á boðstólum í öllum hennar veislum.**



# Gerir villta brauðtertu

Systir Þóru komst yfir uppskriftina árið 2006 og síðan hefur tertan átt sinn fasta sess í veislum fjölskyldunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Matvælafræðingurinn Þóra Dögg Jörundsdóttir, sem starfar við hugbúnaðarprófanir hjá Betware, tók þátt í kökukeppni í vinnunni á dögunum og gerði sér lítið fyrir og hreppti annað sætið. Þrettán framlög bárust í keppnina en Þóra var sú eina sem gerði brauðtertu. Hún ákvað að reiða fram trompið á sínu heimili sem hefur verið á boðstólum í öllum veislum sem hún hefur haldið frá því árið 2006.

„Systir mín fann þessa uppskrift í fermingarblaði á sínum tíma og síðan höfum við notað hana við fjölmörg tækifæri. Hún er létt og svolítið villtari en venjulegar brauðtertur. Ég nota eingöngu heilhveitibrauð og sýrðan rjóma svo hún er líka hollari en gengur og gerist. Þóra breytir uppskriftinni eftir því sem hentar og sleppir stundum dýrum hráefnum eins og parmesan og hráskinku. Þegar hún notar hráskinkuna er það mestmegnis til skrauts en þá vefur hún henni í kringum tertuna og leggur hana í strimlum ofan á salatið.

*vera@frettabladid.is*

## HÁTÍÐARSMURBRAUÐSTERTA



**Salat**
6 egg harðsoðin
100 g marineraðir sólþurrkaðir tómatar
70 g kapers
1 knippi basilika, söxuð
1 knippi graslaukur eða fínt saxaður blaðlaukur
2 stk. hvítlauksgeirar, pressaðir
7 dl sýrður rjómi (4 dósir)
1/2 tsk. salt
1/4 tsk. hvítur pipar

12 sneiðar samlokubrauð (eða eins og þarf í þrjár hæðir)

**Skraut**
30 g parmesan, þunnt skorinn
50 g salami
50 g hráskinka
2 dl ólífur
Blandað salat
Fersk basilika, nokkur lauf

**Aðferð**

*Skorpulausu brauði raðað í springform og salat sett á milli. Það á að duga á þrjár hæðir með salati efst. Blandað salat er síðan sett ofan á og tertan skreytt svolítið villt. Salamisneiðar skornar í tvennt og búin til kramarhús, þeim er svo „troðið" ofan í brauðið.*


Glænýr fiskur alla daga

Ljúffeng ýsa

með hrísgrjónum og súrsætri- eða karrýsósu

NINGS

Gómsætur ís með nýjum og spennandi bragðtegundum er tilvalinn eftirrétur.




Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 við Gullinbrú • Hlíðasmára 12 Kópavogi

Sími 588 9899 • www.nings.is

**Vatn** gegnir margvíslegum hlutverkum og er manninum lífsnauðsynlegt en mannslíkaminn er 66 prósent vatn. Daglegt vatnstap líkamans er um 2 til 2,5 lítrar. Hlutverk vatnsins er að flytja úrgangsefni, sem verða til við efnaskipti, með þvagi úr líkamanum. Vatnsinntaka verður að mæta því tapi sem verður.





Þeim fer að fækka helgunum sem hægt er að hjóla úti á peysunni. Um helgina er því kjörið tækifæri fyrir alla fjölskylduna að njóta haustlitanna saman í skemmtilegum hjólatúr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Gott er að láta þreytuna líða úr sér í heita pottinum í haustblíðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Gönguferðirnar þurfa ekki að vera langar. Stutt ferð niður að læk með vinunum er holl bæði fyrir líkama og sál og góð nýting á góðu helgarveðri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vertu úti í góða veðrinu

**Tími góðra fyrirheita og líkamsræktarkorta er runninn upp en með haustinu flykkist fólk gjarnan í ræktina. Um helgina ætti þó enginn að puða inni í lokuðum sal heldur fara út í góða veðrið.**

Veðurspáin um allt land er með eindæmum góð fyrir helgina. Á morgun er útlit fyrir að léttskýjað verði um allt land og hitinn hlaupi á bilinu 7 til 10 stig. Á sunnudaginn verður veðrið jafngott ef ekki betra. Á Akureyri á til dæmis að vera heiðskírt og 11 stiga hiti, ef marka má www.vedur.is.

Þetta verður að kallast óvenjulegt í októbermánuði hér á Fróni og synd að eyða helginni innandyra. Innihelgarnar verða nógu margar í vetur, þess í stað skal nota tækifærið og fara út.

Hjólreiðar, hlaup og gönguferðir eru holl hreyfing sem ætti að stunda um helgina. Ef línuskautarnir eru ekki þegar komnir inn í geymslu ætti að drífa þá fram í síðustu salíbununa og sundspretturinn í laugum landsins er hressandi í haustblíðunni.

*heida@frettabladid.is*



Salíbuna í rennibrautinni er heilsusamleg skemmtun í góða veðrinu sem verður um helgina. Það er ekki víst að bunurnar verði jafnmargar í frostinu í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skemmtum okkur í geðgóðu umhverfi
Allir velkomnir!

## Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn

Geðheilsa og langvinn veikindi: Þörf fyrir samfellda og samhæfða þjónustu

**Sunnudaginn 10.10.10.**

Dagskrá

- Ragnheiður Jonna Sverrisdóttir, verkefnastjóri opnar hátíðina
- Héðinn Unnsteinsson stefnumótunarsérfræðingur starfandi í Forsætisráðuneytinu flytur ávarp (Geðheilsa okkar – þörf á samþættu átaki)
- Edgar Smári Atlason tekur nokkur vel valinn lög á gítarinn
- Unghugar Hugarafls kynna sitt starf
- Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur flytur erindi
- Garðar Sölvi mun kynna starf geðklofahóps
- Herbertsson feðgarnir leika nokkur lög
- Bergþór Grétar Böðvarsson, fulltrúi notenda - gæðaráð geðsviðs LSH flytur lokaorð

Haldið verður upp á daginn í göngugötunni í Mjódd og húsakynnum Hugarafls að Álfabakka 16, sunnudaginn **10. október** frá **13:00 -16:30**. Dagskráin byrjar með opnunarávarpi og síðan með verður boðið uppá fjölbreytt skemmti - og tónlistaratriði fyrir börn og fullorðna. Kynningarbásar er varða geðheilbrigðismál frá þeim stöðum er vinna að málefninu. Einnig verður boðið upp á veitingar á vægu verði.

**www.10okt.com**



**Íslandsmót skákfélaga** fer fram í Rimaskóla um helgina. Þetta er fjölmennasti skákviðburður ársins en á mótinu tefla á fimmta hundrað skákmenn. Þar á meðal eru sterkustu skákmenn landsins, sterkir skákmeistarar utan úr heimi, konur, eldri borgarar og börn niður í sex ára. Mótið hefst klukkan 20 á morgun.



# Kaffi, majónes og listagnótt

**Gyðja lista hefur nú tekið sér bólfestu í nýuppgerðu Tjarnarbíói sem opnar formlega í kvöld. Þar er nú aftur hægt að njóta spennandi listviðburða og ljúfmetis í Majónesi eftir brauðkast til fugla við Tjörnina.**

„Tjarnarbíó, í hjarta borgarinnar, verður nú kraumandi suðupottur skapandi listgreina því hér bjóðast aðstæður sem henta undir alla sviðslist, kvikmyndir og tónlist,“ segir Gunnar Gunnsteinsson framkvæmdastjóri Tjarnarbíós, sem borgarstjórinn í Reykjavík opnar formlega klukkan 17 í dag eftir gagngerar endurbætur á því einstaka menningarheimili sem Tjarnarbíó er íslensku þjóðinni.

„Húsið er afskaplega merkilegt og byggt 1904 sem íshús, en Tjarnarbíó og Listasafn Íslands voru þá samkeppnisaðilar á ísmarkaði í Reykjavík þar sem bátar sigldu upp Lækjargötuna með viðkomu í þessum tveimur húsum að ná sér í ís áður en þeir héldu til veiða. Enn merkilegra við húsið er þó brunnur frá 17. öld undir sjálfu sviðinu, þangað sem Reykvíkingar sóttu sér vatn í gamla daga, og í miðjum endurbótum kom í ljós gamli tjarnarbakkinn undir miðju anddyri hússins, svo hér býr ýmislegt undir, sem nú hefur verið skjalfest af fornleifafræðingum,“ segir Gunnar og viðurkennir fúslega að andi fortíðar lifi enn í sögufrægu húsinu.

„Andrúmsloftið er rafmagnað, hér streymir upp einhver sérkennilegur kraftur og maður finnur vel fyrir sögu hússins, en líður fyrst og fremst vel að koma hingað inn,“ segir Gunnar í glæsilegu anddyri Tjarnarbíós sem allt hefur fengið allsherjar andlitslyftingu.

„Húsið er allt gjörbreytt eftir endurbæturnar, en svalirnar halda sér í upprunalegri mynd vegna friðunar. Fremsta hluta sviðsins og fyrstu áhorfendabekkjum hefur verið breytt í kassa með færanlegum bekkjum, og byggt hefur verið yfir portið við hliðina þar sem komið er kaffihúsið Majónes sem verður opið alla daga frá því eldsnemma á morgnana. Móttaka gesta hefur því breyst mikið frá því flestir þurftu að híma úti vegna þrengsla, en húsið tekur nú frá 100 upp í 220 gesti, allt eftir því hvað sviðið er haft stórt.“

Og dagskrá Tjarnarbíós byrjar með trukki og dýfu. Meðal viðburða í október verða Keðja Reykjavík, Airwaves, dansverkin Singletrack og Colorblind, útgáfutónleikar Jónasar Sig og Ritvéla framtíðarinnar, og Ódó á Gjaldabuxum, svo fátt sé upptalið.

„Í nóvember verða sunnudagar svo lagðir undir fjölskyldudagskrá, þar sem hægt verður að kíkja til okkar í kakó og kleinu eftir brauðgjöf á Tjörninni og þá ýmist leiksýning, bíó, tónleikar, námskeið eða upplestur í boði fyrir alla fjölskylduna,“ segir Gunnar og minnir á heimasíðuna tjarnarbio.is, þar sem nálgast má upplýsingar um viðburði ásamt því að kaupa miða.

„Hingað er hátíðlegt að koma og Tjarnarbíó staðurinn í Reykjavík. Húsið er hlaðið sjarma og mikilli nálægð listamanna við áhorfendur í fáheyrt góðum hljómburði.“

*thordis@frettabladid.is*



Hér stendur Gunnar Gunnsteinsson, framkvæmdastjóri Tjarnarbíós, í anddyri og miðasölu hússins sem gert var upp í upprunalegum stíl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Tjarnarbíó var upphaflega reist sem íshús, þangað sem bátar sigldu og sóttu sér ís. Síðan varð það fimleikahús og síðast leik- og tónleikahús. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vefsíðunni helgin.is er ætlað að auðvelda fólki að finna viðburði, afþreyingu og skemmtun við sitt hæfi. Hún bendir á það sem er að gerast alla daga vikunnar þó megináhersla sé lögð á helgarnar. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um tónleika og það sem er að gerast í skemmtanalífinu hverju sinni.



**Heimild: helgin.is**



**Kynning**

# My Secret kynnir Beat the Body with Goji

**Í kjölfar mikillar velgengni Aada-drykksins frá My Secret er nú kominn á markað nýr heilsudrykkur með hinum heilsusamlegu Goji-berjum. Drykkurinn, sem heitir Beat the Body with Goji, þykir einstaklega hreinsandi fyrir öll kerfi líkamans en auk goji-berjanna inniheldur hann engifer, rauðrófur, cayenne-pipar, bláber og myntu.**

„Efnin í þessum nýja drykk, Beat the Body with Goji, eru afar kröftug en drykkurinn er ætlaður fyrir fimm daga hreinsun,“ segir Ólafur Sólimann, hugmyndasmiður My Secret. Drykkurinn er mjög sterkur, til dæmis mun sterkari en Aada, enda ekki ráðlagt að drekka Aada og nýja drykkinn á sama tíma.

„Níutíu og níu prósent af okkar kúnnahóp eru konur og við fengum tíu flottar konur á mismunandi aldri og mismunandi í vexti til að prófa drykkinn í svolítinn tíma. Þær sögðu allar að árangurinn hefði verið afgerandi,“ upplýsir Ólafur en meðal efna í drykknum eru engifer, rauðrófur, cayenne-pipar, goji-ber, bláber og mynta.

Öll efnin í drykknum hafa hreinsandi eiginleika á mismunandi hluta líkamans. Þannig eru rauðrófur þekktar fyrir hreinsandi áhrif sín á blóð, ristil og meltinguna, goji-ber eru sögð draga úr matalyst, vera bólgueyðandi, hjálpa lifur við hreinsun og hafa góð áhrif á blóðþrýsting og hjarta. Bláberin hafa fyrir löngu sannað gildi sitt líkt og goji-berin, en cayenne-piparinn er talinn auka fitubrennslu.

Ólafur segir ekki ráðlegt að drekka Beat the body with goji lengur en í fimm daga í einu. „Þá þarf að hvíla í tíu daga áður en annar kúr er tekinn,“ áréttir hann og bendir fólki á að drekka vel af vatni með enda sé of mikil vatnslosun ekki góð.

Á meðan drykkurinn er drukkinn er einnig mikilvægt að huga vel að mataræðinu og leggja áherslu á ferskt hráefni. Til dæmis grænmeti, ávexti, engar hveitivörur, ferskan fisk og kjúkling.

*www.mysecret.is*



Ólafur Sóliman afhendir vinninghafa síðasta leiks, Ágústu Guðrúnu Bernharðsdóttur, verðlaunin í Vegasleiknum. Ágústa hlaut ferð fyrir tvo til Las Vegas í viku, mánaðabirgðir af aada drykknum og inneign í fríhöfninni að verðmæti 20 þúsund krónur.

**HVERNIG Á AÐ DREKKA DRYKKINN?**

2 glös á dag (200 ml): 1 á fastandi maga á morgnana og 1 seinnipartinn.

**EÐA**

3 glös á dag (130 ml): 1 á fastandi maga á morgnana, 1 í hádeginu og 1 seinnipartinn.

Í tilefni af nýja drykknum Beat the Body with Goji efnir My Secret til skemmtilegs leiks.

Með því að svara þremur lauflétttum spurningum á vefsíðunni www.mysecret.is er hægt að vinna fjögurra daga ferð til Boston fyrir 2 með gistingu á Hotel Colonnade. Þá fylgja miðar á sýninguna Blue Man Group, út að borða á veitingastaðinn Cuchi Cuchi, tvö gjafabréf hjá Victoria's Secret í Boston og út að borða á Sjávarkjallaranum.






KINAHOFID
Súpa dagsins og fjórir réttir:
Borðað á staðnum 1.590 kr. á mann
Heimsending 1.590 kr. á mann
Tekið með heim 1.450 kr. á mann
www.kinahofid.is
NYBYLAVEGUR 20 200 KOPAVOGUR SIMI 554 5022


Flottar yfirhafnir fyrir flottar konur
Nokkrar gerðir - nokkrir litir
Stærðir 40-58
vertu vinur á facebook
belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

Basil & Lime
Ristorante
Alvöru
Oktoberfest
3 rétta matseðill
kr. 2990.-
með einum líter...
kr. 3990.-
Gestakokkur er Axel Hoppe „Schnitzel king“ frá Bavaria
Tilboð á krana
Oktoberfest..matur...ekki bara mjöður
Klapparstíg 38 -101 Reykjavík
Sími: 555-3696




Fyrirlesturinn verður haldinn í stofu 104 á Háskólatorgi.

# Efnishyggja leiðir af sér verri líðan

**Fyrirlestur um neyslumenningu og efnishyggju og áhrif þeirra á daglegt líf og líðan fólks verður haldinn á Háskólatorgi í dag.**

Ragna Benedikta Garðarsdóttir fjallar um neyslumenningu og efnishyggju í fyrirlestri sem Þjóðmálastofnun og Edda-öndvegissetur standa fyrir.

„Samfélög nútímans snúast að miklu leyti um neyslu og markaðssetningu,“ segir í tilkynningu. Þar segir jafnframt að stutt sé síðan byrjað var að rannsaka þau sálfræðilegu áhrif sem slíkt samfélag hefur á daglegt líf og líðan fólks og hefur þetta rannsóknarsvið stækkað ört. Fjölmargar nýlegar rannsóknir benda til þess að þau efnishyggjulífsgildi sem neyslusamfélög ýta undir leiði til þess að fólki líður verr. Þau leiða til verri umhverfishegðunar, verri samskipta og verri fjármálastjórnar. Þetta er þvert á þá mynd sem neyslusamfélög gefa af efnislegum gæðum sem vegvísi að hamingju og velgengni.

Erindið mun fjalla um fyrrgreindar rannsóknir en sérstök áhersla verður lögð á íslenskar niðurstöður og þann lærdóm sem draga má af þeim.



Rannsóknir Rögnu Benediktu eiga það sameiginegt að fjalla um neyslusamfélagið. Fréttablaðið/Valli

Dr. Ragna Benedikta Garðarsdóttir er félagssálfræðingur að mennt og starfar sem sérfræðingur hjá sálfræðideild Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar eiga það sameiginlegt að fjalla um neyslusamfélagið, einkenni þess, gildi og afleiðingar.

Fyrirlesturinn, sem er hluti af fyrirlestraröðinni Eilífðarvélin, verður haldinn í stofu 104 á Háskólatorgi og hefst klukkan 12.30. *-ve*

# Tónar og loftfimi

**Teknó- og raftónleikar verða í Íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum annað kvöld, ásamt stuttum en tilkomumiklum loftfimleikum.**

Írski vídeó- og tónlistarmaðurinn Jim Darling heldur tónleika í Íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum á morgun, 9. október klukkan 20. Auk þess verður stutt loftfimleikasýning, sem er upphitun fyrir stóra sýningu 15. október. „Þetta verður hressandi og skemmtilegt,“ segir Ingunn Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri miðstöðvar sviðslista á Austurlandi. „Tónleikarnir hjá Darling eru blanda af hiphop-, teknó- og raftónlist. Maður byrjar eiginlega að dilla tánum um leið og hann byrjar.“ Auk Darlings segir hún skoska dansarann Jennifer Paterson á staðnum og tvo loftfimleikahópa, hinn írska Fidget Feet og franska Cie Drapés Aériens. „Allt þetta fólk er hér í boði Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs. „Þetta er svona tveggja tíma skemmtun, annað kvöld. Brjáluð lýsing, tónlist og búningar. Svolítið í Vesturportstílnum,“ segir Ingunn og tekur fram að miðaverð sé 500 krónur en enginn posi sé á staðnum. *- gun*



Gestir á tónleikunum annað kvöld fá smjörþefinn af sýningunni Madam Silk.

Íslandsdeild Amnesty International afhendir lykil að framtíð Rómabarna í Smáralind á morgun milli 13 og 17 en viðburðurinn er til stuðnings Rómabörnum í Slóvakíu. Gestir og gangandi eru hvattir til að koma þessum börnum sem er mismunað í skólum landsins til aðstoðar og afhenda lykil að framtíð þeirra með undirritun aðgerðakorta sem eru í formi lykils.

**Heimild: www. amnesty.is**



Mótið er nú haldið í þriðja skipti og hafa þátttakendur aldrei verið fleiri.

# Strengjamót á Akureyri

**Hátt í þrjú hundruð ungir strengjaleikarar alls staðar að af landinu taka þátt í strengjamóti á Akureyri um helgina.**

Tónlistarskólinn á Akureyri stendur fyrir strengjamóti um helgina. Um 270 nemendur alls staðar af landinu hafa skráð sig til þátttöku og fylgja þeim um 64 foreldrar og fararstjórar. Þetta er í þriðja sinn sem mótið er haldið og hafa þátttakendur aldrei verið fleiri.

Hópnum verður skipt niður í fjórar sveitir eftir aldri og getu og munu sveitirnar æfa alla helgina. Unga fólkið kemur síðan fram á tónleikum á sunnudag klukkan 13 í Hamraborg í nýja menningarhúsinu Hofi. Nemendurnir leika saman verkið Á Sprengisandi sem Michael Jón Clarke hefur útsett sérstaklega fyrir þetta tilefni. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis. *- ve*

512 50 50
Auglýsingasími


Allt sem þú þarft...

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSI[NS] 8. október 2010




Justin TImberlake slær í gegn sem leikari

# Ekki besti söngvari í heimi

+ TÍSKA + HELGARRÁÐIN + HÁRTÍSKA FRÁ KAUPMANNAHÖFN + AIRWAVES
MYNDIR FRÁ VÍR + THE CHARLIES FLYTJA + Á RÚMSTOKKNUM


250GB



FLAKKARATILBOÐ

WD

Kr. 9.950

WD Passport 250GB
Utanáliggjandi 250GB 2.5" harðdiskur.
Notar straum úr tölvunni. Passar vel í vasa.

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ breyttu til




**ILMUR HAFSINS** Yndisleg freyðandi sturtusápa frá L'Occitane sem hressir bæði sál og líkama. Ilmurinn er ferskur og minnir á fallega sumardaga við sjóinn.

## BLOGG VIKUNNAR

### Tískubóla

Tískubloggið www.stylebubble.typepad.com er nokkuð skemmtileg lesning. Stúlkan sem heldur úti síðunni er afkastamikil og skrifar nánast daglega. Færslurnar eru allar á ensku, en þeir sem ekki nenna að lesa útlenskuna geta bara notið þess að skoða allar myndirnar í staðinn. Enda á ein mynd að segja meira en þúsund orð.



### Klassík

Bloggsíðan www.thesartorialist.blogspot.com þykir á meðal þeirra bestu í dag. Blogginu er haldið úti af ljósmyndara sem myndar fólkið á götum New York, Parísar og Mílanó. Bloggsíðan var kosin ein áhrifamesta tískusíða heims af tímaritinu Time Magazine sem eru ekki slæm meðmæli.

### Frá fjarlægum löndum

Það getur verið skemmtilegt að skoða ríkjandi tískustrauma í fjarlægum löndum á borð við Filippseyjar. Bloggsíðunni www.triciawillgoplaces.tumblr.com er haldið úti af ljósmyndaranum Triciu Gosingtian og eru allar færslurnar skrifaðar á listagóðri ensku.



Hárgreiðslumaðurinn Kristinn Óli leggur línurnar fyrir haustið:

# EINFALT *EN FLOTT*

Hárgreiðslumaðurinn Kristinn Óli Hrólfsson rekur hárgreiðslustofuna Mugshot í miðborg Kaupmannahafnar ásamt dönskum félaga sínum, Mike Nielsen. Þeir sendu frá sér nýja hárlínu fyrir stuttu sem einkennist af hreinum og skörpum línum.

Línan nefnist Youthquacke og er önnur línan sem þeir senda frá sér. Kristinn Óli segir þá félaga hafa sótt innblástur sinn til ungs fólks sem þeim þykir láta mikið til sín taka. „Þar sem þetta er haustlína ákváðum við að vera mjög bókstaflegir og sækja innblásturinn að litunum beint í náttúruna, þaðan er til dæmis þessi sterki rauði litur kominn,“ útskýrir Kristinn Óli. Þetta er önnur línan sem þeir senda frá sér og stefna þeir á að hanna fjórar línur árlega, eina fyrir hverja árstíð.

Kristinn Óli segir gaman að brjóta upp hvunndaginn og komast út af stofunni til að vinna verkefni sem þetta með öðru fagfólki. „Það er alltaf gaman að komast aðeins út úr stofunni og fá að vinna með góðu fólki. Ljósmyndarinn Hildur María er líka alveg ótrúlega fær og það er frábært að fá að hana til liðs við okkur.“ Fötin sem fyrirsæturnar klæddust voru hönnuð af Stine Goya sem er einn fremsti hönnuður Dana í dag. *- sm*



Kristinn Óli Hrólfsson, hárgreiðslumaður í Kaupmannahöfn.



Stutt hár frá Mugshot.



Fastar línur eru einnig í herrahárinu í dag og mikið um skarpar línur og hrein form.



Það heyrir fortíðinni til að falla inn í hópinn, nú þykir flott að vera sýnilegur.

MYND/HILDUR MARÍA VALGARÐSDÓTTIR








Flottir heklaðir skartgripir:

# Dýrindis dýrgripir

Elín Hrund Þorgeirsdóttir heklar hálsmen og armbönd og selur undir nafninu Dýrindi. Elín Hrund hefur tekið þátt í Pop up-mörkuðum síðan árið 2009 með skartgripalínu sína og nú er hægt að nálgast hana meðal annars í búðunum Mýri, Epal, Kisunni og Kraumi. Hálmen og armbönd í alls konar litum og stærðum sem flikka upp á hvaða flík sem er. *- áp*

✻ augnablikið



**DÖMULEG** Leikkonan Helen Mirren leit dásamlega vel út á frumsýningu kvikmyndarinnar Red. Rauði kjóllinn klæðir hana einstaklega vel.
NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon og Álfrún Pálsdóttir **Forsíðumynd** NordicPhotos
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir
*sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



the PIER
Dekurvika í Pier - 3 fyrir 2 tilboð
Vika unaðar 3 fyrir 2
Dekraðu við þig með dásamlegum ilmkertum og mýkjandi kremum.
Þessa viku bjóðum við 3 fyrir 2 af kremum og kertum.
Komdu og njóttu!
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími 522 7860 // Korputorgi / 112 Reykjavík / sími 522 7870

# núna
✻ dekraðu við þig



**HLÝTT OG FLOTT** Þótt það sé kalt í veðri er engin ástæða til að ganga um bæinn með kaldar hendur. Fallegir hanskar setja punktinn yfir i-ið þegar komið er í fallega vetrarkápu og góða kuldaskó. Þessir fást í Sautján í Kringlunni.

The Charlies fluttu á heitasta degi í sögu Los Angeles:

# FLUTTAR NIÐUR Í MIÐBÆ LA

Stúlkurnar í hljómsveitinni The Charlies hafa verið búsettar í borg englanna frá því í byrjun maí og vinna hörðum höndum að tónlist sinni. Þær hafa hingað til búið í fjölskylduvænu hverfi rétt fyrir utan Los Angeles en fluttu nýverið í ys og þys miðborgar Hollywood.

Alma Guðmundsdóttir segir ástæðu flutninganna vera þá að þær voru orðnar þreyttar á löngum bílferðum á hina ýmsu fundi. „Eftir að hafa búið í Woodland Hills í allt sumar vorum við orðnar þreyttar á að þurfa að keyra svona mikið. Stundum þurftum við að eyða rúmum tveimur klukkustundum á dag í bíl þegar umferðin var mikil þannig að við fluttum því til West Hollywood og erum núna nær öllu sem tengist vinnunni,“ segir Alma.

Stúlkurnar leigðu sér flutningabíl og fluttu búslóð sína sjálfar á heitasta degi í sögu Los Angeles. „Það kostaði að vísu nokkra marbletti og þó nokkurn svita þar sem við vorum að flytja á heitasta degi í sögu LA, en við vorum ekkert smá stoltar þegar við vorum búnar.“

Stúlkurnar búa þrjár saman í lítilli eins herbergis íbúð og deila því svefnherbergi og baði. Alma segir sambúðina ganga vel þrátt fyrir þröngan húsakost enda séu stúlkurnar allar góðar vinkonur. „Okkur kemur alveg ótrúlega vel saman, annars væri þetta náttúrulega alveg ómögulegt. Til að þetta gangi upp þurfum við að standa saman í einu og öllu sem viðkemur vinnunni og það er oft á tíðum ekkert grín að eiga við fólk í þessum bransa.“

Fyrsta smáskífa The Charlies verður gefin út í byrjun næsta árs og fara stúlkurnar í mikinn útvarpskynningartúr um Bandaríkin í janúar. „Það verður svakalega skemmtilegt en brjáluð vinna svo okkur veitir ekki af að vera vel undirbúnar. Við ætlum að eyða jólunum í faðmi fjölskyldunnar áður en túrinn hefst en þó við ætlum fyrst og fremst að hlaða batteríin heima höfum við þegar bókað gigg fyrir jólin,“ segir Alma að lokum. *- sm*



**Harðduglegar** Stúlkurnar í The Charlies, Alma, Steinunn Camilla og Klara, hafa flutt sig um set og búa nú í miðbæ Hollywood.






## Á RÚMSTOKKNUM
*Sigga Dögg kynfræðingur*

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. netfangið er kynlif@frettabladid.is*

## Að reyna

Sem kona á barneignaraldri þá verð ég að tjá mig aðeins um þá spurningu sem brennur á vörum samferðamanna minna: Eruð þið að reyna? Áður fyrr, áður en ég varð við, var ég spurð alls konar spurninga sem oftar en ekki sneru að praktískum atriðum, líkt og almennu gengi í lífinu og makaleitinni. Spurningarnar voru alls ekki nærgöngular nema þá kannski helst þegar ég var spurð hvort ég héldi að þessi eða hinn væri „langtímaeign“. Ég var aldrei spurð hvort ég væri kynferðislega fullnægð eða hvort ég notaði getnaðarvarnir. Hvort ég hefði staðsett G-blettinn og hvort ég þyrði að biðja bólfélagann um að leyfa mér að kenna honum að fullnægja mér. Slíkt var ekki rætt og eflaust talið viðkvæmt umræðuefni, jafnvel óviðkomandi og einkamál.

Nú er annað uppi á teningnum. Ég er „gengin út“, og eins og allir telja sig vita eru samfarir einn af fylgifiskum þess að vera í sambandi. Þessi sannindi virðast gefa tilefni til þess að annar hver maður spyr mig hvort við séum ekki að reyna. Þú spyrð kannski, reyna hvað? Jú, við eigum að reyna að búa til barn. Bláókunnugt fólk spyr mig hvort við stundum ekki regluleg og óvarin kynmök. Í sjálfu sér er það „krúttlegt“ að fólki sé umhugað um mitt samlíf en ég skil ekki af hverju fólk talar um barneignartilraunir eins og þær séu algerlega ótengdar kynlífi.

Ætli það sé tilgangurinn sem helgi meðalið? Þegar kynlífi er gefinn annar og jafnvel æðri tilgangur en unaðurinn sjálfur, þá má tala um það opinberlega og jafnvel hvetja til þess. Ég hef prófað að gefa alls konar svör við þessari spurningu. Þegar ég neita, þá pírir viðkomandi augun og ég hraða mér að koma með lífsstílsútskýringu frekar en líffræðilega því það tengist engu óþægilegu, eins og ófrjósemi. Fólk vill eiginlega ekki heyra af slíku, enda fá ráð við því. Ef ég játa, þá æsist viðkomandi allur upp við bumbuleysið og fer að dæla út frjósemisaukandi ráðum tendum vítamínum, nálarstungum og hormónum. Það svar er vekur mestu lukku er „laissez-faire“- viðhorfið, „þetta bara gerist þegar það gerist“. Þá getur viðkomandi andað léttar og treyst á að náttúran sjái um sína.

En nú spyr ég. Er þetta ekki dónaleg spurning? Þú veist ekki hvað gerist bak við luktar dyr og fræðin hafa sýnt að kynlíf með barneignartilgangi getur verið ánægjulítið og streitumikið. Þungun er oftar en ekki gleðiefni sem flestar tilvonandi mæður vilja gjarnan deila með öllum í heiminum. Þetta eru tíðindi sem þér eru tilkynnt um tólf vikum eftir getnað. Þannig að í staðinn fyrir að setja barneignarpressu á kynlífið má bara spyrja einfaldrar en fallegrar spurningar líkt og: „Ertu kynferðislega fullnægð?“


Grillhúsið
LIFE IS BEAUTIFUL
á góðu verði
alvöru grillstaður
Hádegistilboð
mánudaga-föstudaga:
Borgari dagsins: Kr. 1.195
Fiskur dagsins Kr. 1.395
Kjötréttur dagsins. Kr. 1.495
Fimmtudagstilboð:
Borgari og bjór: Alvöru ostborgari og 0,5 ltr. Tuborg/Gull af krana
kr. 1.895
Þriðjudagstilboð:
Route 66, franskar, kokteilsósa og 0,5 ltr gos
kr. 1.695
Helgarmatseðill
Með frábærum réttum!
Grillhúsið
www.grillhusid.is - Sími 527 5000
Grillhúsið, Sprengisandi - Grillhúsið, Tryggvagötu - Grillhúsið - Express, Kringlunni

# VARÐ AÐ YFIRSTÍGA FRÆGÐINA



**Justin Timberlake** Popparinn hermdi eftir öðrum söngvurum þegar hann var lítill. Hann segist ekki vera sérlega góður söngvari.

**Popparinn Justin Timberlake leikur í kvikmyndinni The Social Network sem verður frumsýnd hérlendis í næstu viku. Freyr Bjarnason hitti hann á blaðamannfundi í París þar sem hann ræddi um takmarkaða sönghæfileika sína og hljómsveitina Sigur Rós.**

*Viðtal:* **Freyr Bjarnason**
*Ljósmyndir:* **NordicPhotos**

Poppstjarnan Justin Timberlake leikur í kvikmyndinni The Social Network, sem fjallar um upphaf Facebook-síðunnar og málshöfðanir gegn stofnanda hennar, Mark Zuckerberg. Timberlake fer með hlutverk annars af stofnendum hinnar alræmdu skráaskiptasíðu Napster, Sean Parker, sem aðstoðaði Zuckerberg við að koma Facebook á kortið. Frammistaða popparans kom blaðamanni á óvart og sýndi að fólki ber að taka hann alvarlega í framtíðinni sem kvikmyndaleikara.

Timberlake er flottur í tauinu í viðtalinu eins og hans er von og vísa, klæddur í dökkblá jakkaföt, svarta skyrtu og með gleraugu með svartri umgjörð. Hann er bæði vingjarnlegur og yfirvegaður, greinilega vel sjóaður í viðtölum sem þessum.

Þú hefur náð langt sem söngvari. Hvers vegna ákvaðstu að reyna fyrir þér í kvikmyndum? „Ég vil nú byrja á að segja að mér finnst ég ekki vera neitt voðalega góður söngvari. Ég er alls ekki besti söngvari í heimi en ég held að ég hafi sérstaka rödd sem mér hefur tekist að þróa með mér. Hið fyndna er að ég þróaði hana mest þegar ég var lítill að herma eftir öðrum söngvurum. En ég ætla ekki að segja hverjir það voru, það er nokkuð sem ég vil halda fyrir sjálfan mig,“ segir Timberlake. „Það sem ég geri þegar ég er að syngja uppi á sviði er ákveðin tegund af leiklist. Maður þarf að setja á svið atriði alveg eins og í leikhúsi. Þetta tvennt er nefnilega ekki eins ólíkt og margir halda. Leiklist er dálítið eins og söngleikur. Samtölin hafa ákveðin takt, rétt eins og samtöl Sorkins,“ segir hann og á við handritshöfund The Social Network, Aaron Sorkin. Hann hefur skrifað handrit að kvikmyndum á borð við A Few Good Men, Charlie Wilson´s War og sjónvarpsþáttunum West Wing, sem hann fékk fjölda Emmy-verðlauna fyrir. „Ég vil skilgreina samtölin sem hann skrifar fyrir myndina sem klassíska tónlist sem er líklega ein virtasta tegund tónlistar. Ef það væri hægt að blanda saman djassi og klassískri tónlist myndi ég líkja henni við handritið hans. Það hvernig leikararnir tala og hvernig þeir haga sér er allt saman mjög taktfast og söngvænt.“

## YFIRSTEIG FRÆGÐINA

Sorkin talaði einmitt mjög vel um Timberlake á stórum blaðamannafundi fyrr um daginn þar sem allir leikararnir og leikstjórinn David Fincher voru einnig samankomnir: „Justin þurfti að yfirstíga sína eigin frægð til að fá hlutverk í þessari mynd. Við vildum ráða í myndina bestu ungu leikarana bæði frá Bandaríkjunum og öðrum löndum. Í hvert skipti sem hann kom í áheyrnarpróf var hann alltaf betri en síðast og það lagði enginn harðar að sér en Justin til að hreppa þetta hlutverk. Ég held að við höfum fengið hann til að koma í hvert áheyrnarprófið á fætur öðru í von um að hann myndi klúðra málum þannig að á endanum gætum við sagt: „Því miður, þú átt ekki eftir að fá þetta hlutverk“,“ sagði Sorkin. „En það gerðist aldrei og hann sannfærði okkur alltaf meira og meira um að hann væri rétti maðurinn. Ég held líka að frægð hans sem tónlistarmanns hafi ómeðvitað hjálpað honum þegar hann birtist í fyrsta atriðinu þegar 50 eða 55 mínútur eru liðnar af myndinni. Þá fær maður á tilfinninguna að þarna sé í raun og veru kominn maður sem mætir í partíið klukkan eitt og segir: „Jæja, nú er partíð byrjað vegna þess að ég er mættur á svæðið“.“

## HRIFINN AF SIGUR RÓS

Það er vissulega dálítið kaldhæðnislegt að Timberlake skuli leika Sean Parker, stofnanda Napster í myndinni, enda kom hann tónlistarbransanum í mikið uppnám þegar hægt var að sækja lög og plötur frítt á síðuna. Henni var á endanum lokað eftir að lögræðingar plötufyrirtækja blönduðu sér í málið. „Ég vil taka það fram að Sean Parker stal ekki neinum peningum frá mér,“ segir Timberlake. „Ég tel að ein manneskja geti ekki umbylt tónlistarheiminum eins og plötufyrirtækin hafa haldið fram. Það þarf sameiginlegt átak til þess. Þegar Napster kom út var ég á menntaskólaaldri og mér fannst ég nánari þessum krökkum sem voru að verja sig í réttarsölum eftir að hafa verið ásakaðir um að „stela“ tónlist. En á móti kemur að ég á vini í Nashville sem semja tónlist fyrir sveitasöngvara. Þeir fá bara litla sneið af kökunni, sem er ekki svo stór til að byrja með. Þeir syngja ekki lögin og geta ekki farið á tónleikaferðir og fengið tekjur af miðasölunni. Þegar ég var nítján ára fylgdist ég með hvernig þetta hafði bein áhrif á þá,“ segir hann. „Radiohead gaf síðustu plötuna sína (In Rainbows) á netinu en í hvert sinn sem þeir halda tónleika í Los Angeles og spila lög af plötunni borga ég fyrir miðann á tónleikana því það er ekki hægt að endurskapa þá tilfinningu og reynslu.“ Þarna grípur blaðamaður inn í og spyr popparann hvort hann þekki nokkuð til íslenskrar tónlistar. Timberlake stendur fyrst á gati en eftir að sessunautur hans Andrew Garfield, sem leikur Eduardo, æskuvin Mark Zuckerberg í myndinni, minnist á Sigur Rós og Jónsa, tekur stjarnan við sér: „Já, Sigur Rós eru frábærir.“

## Konurnar í lífi Timberlake

- **Britney Spears: 1999-2002.** Kynntust við tökur á unglingaþáttunum New Mickey Mouse Club. Um svipað leyti og þau hættu saman var orðrómur uppi um að Spears væri byrjuð með danshöfundinum Wade Robson. Lag Timberlake, Cry Me a River, fjallar um samband þeirra.
- **Cameron Diaz: 2003- 2007.** Kynntust á Nickelodeon Kids' Choice-verðlaunahátíðinni. Fjölmiðlar héldu því margoft fram að þau væru að hætta saman. Á endanum gáfu þau út yfirlýsingu þar sem þau tilkynntu að sambandið væri á enda.
- **Jessica Biel: 2007 - ??.** Fregnir af sambandi þeirra birtust/*eftir að þau sáust renna sér á snjóbrettum í Utah á meðan á Sundance-kvikmyndahátíðinni stóð. Orðrómur um trúlofun þeirra og mögulegar barneignir er tíður í fjölmiðlum.







## Staðreyndir um Justin Timberlake

- Fæddist í Memphis í Bandaríkjunum 31. janúar 1981.
- Sló í gegn með strákabandinu N´Sync á tíunda áratugnum.
- Hefur selt fjórtán milljónir platna á sólóferli sínum og hlotið sex Grammy-verðlaun.
- Vinsæl lög: Cry Me a River, Rock Your Body, SexyBack og What Goes Around Comes Around.
- Reif kjól Janet Jackson í Super Bowl 2004 þannig að sást í brjóst hennar.
- Lék ungan Elton John í myndbandi hans við lagið This Train Don't Stop There Anymore.
- Fékk Emmy-verðlaun fyrir hið vinsæla D**k in a Box-atriði úr þættinum Saturday Night Live.
- Lék í myndunum Alpha Dog, Black Snake Moan og Southland Tales.
- Talaði inn á teiknimyndina Shrek the Third og einnig aðra teiknimynd, Yogi Bear, sem er væntanleg.
- Kjörinn best klæddi karlmaður Bandaríkjanna í fyrra af tímaritinu GQ.




**Ný húðlína frá L'Oréal sem byggir á 10 ára genarannsóknum.**

Þessa nýja genatækni eflir hæfileika húðarinnar til að endurheimta æskuljómann.



**YOUTH CODE** rakagefandi andlitskrem, gefur jafnari og sléttari áferð. Húðin endurheimtir æskuljómann og verður unglegri, ljóminn endurheimtist og þreytumerki í andlitsdráttum minnka. Við notkun er kremið frískandi og gefur fyllingu. Kremið er flauelsmjúkt viðkomu og gerir húðina mjúka sem satín. Smýgur mjög hratt inn í húðina, mjög þægilegt að nota undir farða. Má nota bæði kvölds og morgna.



**YOUTH CODE** concentrate nærir húðina samstundis og gefur henni raka. Dregur úr sýnilegum línum og öldrunarmerkjum. Hefur mjög sléttandi og strkkjandi áhrif á hðuðina, notist á andklit og háls, sérstaklega á þau svæði þar sem línur virðast greinilegri og húðin þarfnast auka styrkingar. Setjið svo rakakremið yfir.



**YOUTH CODE** augnkrem gerir það að verkum að húðin endurheimtir æskuljómann. Hefur sléttandi áhrif á augnsvæðið, húðin virkar sléttari og fínar línur virðast grynnri. Kremið smýgur einstaklega þægilega inn í húðina og lýsir upp húðin umhverfis augun. Notist kvölds og morgna.

L'ORÉAL PARIS




**BOSS BOTTLED. NIGHT.** THE NEW FRAGRANCE FOR MEN
FEATURING RYAN REYNOLDS

BOSS
HUGO BOSS


CACHAREL, haust 2010

NORDICPHOTOS/GETTY

Síðir kjólar og hlýir pelsar halda á okkur hita í vetur:

# Síðkjólar og mjúkir feldar

**Tískan af pöllunum**

Tískan verður til á sýningarpöllum í London, París og Mílanó og þar voru síðir kjólar og pils mjög áberandi í haustlínum tískuhúsanna auk loðfelda og fatnaðs sem innblásinn var af tísku sjötta áratugarins.

Línur tískuhúsanna **Dries Van Noten, Richard Chai Love, Missoni og Michael Kors** innihéldu mikið af síðum, þægilegum kjólum á meðan línur **Marni, Cacharel og Fendi** voru innblásnar af kvenlegum línum sjötta áratugarins. **Burberry Prorsum, Fendi, Lanvin og Matthew Williamson** sýndu meðal annars fallega pelsa, bæði alvöru og gervi, en pelsinn virðist vera sú flík sem ætlar aldrei úr tísku að fara. Fréttablaðið fór á stúfana og þefaði uppi tískuna af pöllunum.


**Zara,** 9.995 kr.


**Zara,** 12.995 kr.


**Warehouse,** 19.990 kr.


LANVIN, haust 2010


**Warehouse,** 18.990 kr.


**Zara,** 15.995 kr.


SOHO MARKET

Vinsælu blúndu **aðhaldstopparnir** komnir aftur.

Blúnda að framan og aftan.

Litir: Svart og húðlitur

Stærðir: S–XXL

**Verð aðeins 3.450 kr.**



SOHO / MARKET Á FACEBOOK

Grensásvegur 16 - sími 553 7300 - Opið mán-fös 14–19. Laugd. 12–17

# GEÐHJÁLP
*í 30 ár*

FÖSTUDAGUR 8. OKTÓBER 2010




**Á ERINDI VIÐ ALLA**
Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn verður haldinn á sunnudag.
*Síða 2*



**FRÆÐSLA MIKILVÆG**
Einar G. Kvaran segir áríðandi að fjalla um geðsjúkdóma í skólum.
*Síða 5*



**REYNAST MÖRGUM VEL**
Sjálfshjálparfundir fyrir félagsfælna eru reglulega haldnir í húsnæði Geðhjálpar.
*Síða 6*



**ÚT MEÐ ÓVISSU**
Sigursteinn Másson telur mikilvægt að greiða úr vanda húseigenda.
*Síða 7*



**„Ég er ekki viss um að það sé gott að leggja of mikla áherslu á hversu hræðileg áhrif geðsjúkdómar geta haft á sálarlíf óharðnaðra barna og unglinga um aldur og ævi. Leiðin til að eyðileggja líf sinna nánustu er hins vegar að fyrirfara sér og þess vegna er maður að reyna að prófa ný lyf og láta loka sig inni á geðdeild,“ segir Harpa Hreinsdóttir.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Snýst ekki um viljastyrk

**Harpa Hreinsdóttir hefur nýverið þurft að leggja árar í bát á vinnumarkaði vegna alvarlegs þunglyndis. Frá árinu 1998, þegar Harpa upplifði fyrsta þunglyndiskastið, hefur hún glímt við sjúkdóminn. Síðustu árin hafa köstin orðið tíðari, staðið lengur yfir og góðu dagarnir á milli hafa orðið æ færri. Harpa segir að hún sé gott dæmi um að geðsjúkdómar geti lagst fyrirvaralaust á fólk, í hvaða störfum sem það er og hvenær sem er.**

„Aðdragandi að þunglyndiskasti er allaf sá sami, köstin koma alltaf eins. Frá því að fyrstu vísbendingar birtast og þar til ég er orðin mjög lasin líða í mesta lagi 24 klukkustundir. Sá tími er mjög erfiður, með miklum tilfinningasveiflum, gráti og örvæntingu yfir því að vita hvað er í vændum. Innan þessara 24 stunda er ég svo orðin eins og uppvakningur, hætti að finna til nokkurs, á erfitt með að tala og svo fara hæfileikar eins og að geta lesið, brosað, haldið uppi samræðum og fleira. Það hverfur allt,“ segir Harpa Hreinsdóttir, sem hefur undanfarin átta ár háð erfiða baráttu við þunglyndi hún þó árið 1998. Það kast kom mjög skyndilega og Harpa var þá lögð inn á bráðamáttöku og sagt að hún væri með „öyndi“, orð sem Harpa hafði einungis heyrt notað í þjóðsögum um konur sem voru fífluð af álfum.

> **E**f maður pukrast ekki með sjúkdóminn og kallar hann sínum réttu nöfnum kemur maður í veg fyrir pískur í hornum,“ segir Harpa.

**UNDI SÉR VEL Í STARFI**

Harpa dvaldi í þrjár vikur á geðdeild Landspítalans og svo í þrjár vikur á Heilsustofnuninni í Hveragerði. Eftir það tóku við ágætis ár þar sem Harpa var ekki mjög lasin. „Fram til ársins 2002 var ég á kafi í vinnu. Að aðalstarfi var ég íslenskukennari við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi en auk þess var ég í alls kyns aukastörfum sem mér fannst skemmtileg, meðal annars í hlutastarfi fyrir menntamálaráðuneytið, var áfram frumkvöðull í upplýsingatækni, sá um erlend samskipti í skólanum mínum, FVA, starfaði fyrir evrópska skólanetið og bjó til námsefni. Ég hafði gaman af mjög mörgu og átti mörg áhugamál. Frá árinu 2002 hef ég þurft að draga æ meir úr vinnu. Fyrst fóru skemmtilegu aukastörfin, svo minnkaði kennslan, ég hef verið í hlutastarfi af og til og nú er svo komið að það er mjög hæpið að ég geti farið að vinna aftur, sem mér finnst hræðilega leiðinlegt því starf mitt er mjög skemmtilegt og ég hef staðið mig vel í því.“

**LYF OG RAFLOSTSMEÐFERÐIR**

Harpa hefur verið afar veik þetta haustið sem og síðasta vetur og lítið getað unnið. Hún átti þó gott sumar, besta tímabil í mörg ár,

FRAMHALD Á SÍÐU 4

# Gegn fordómum



Blaðið Geðhjálp hefur komið út í allnokkur ár og hlotið góðar viðtökur í samfélaginu. Fyrir það eru aðstandendur blaðsins og félagsins afar þakklátir. Hlýhugur og samkennd samferðamanna skipta þá miklu máli sem stríða við sjúkdóma, en sennilega á þetta hvergi betur við en um geðsjúkdóma.

Mikið hefur áunnist í því að eyða misskilningi og fordómum í garð geðsjúkra, þótt enn séu þessi mál ekki í höfn eins og fram kemur í grein Einars Kvaran. En nú er þó svo komið að þeim sem stríða við geðræna sjúkdóma þykir óhætt að ræða þá opinskátt, eins og vera ber, án þess að eiga á hættu að samferðamenn snúi við þeim baki. Það er aðeins með slíkri umræðu sem hægt er að eyða misskilningi og koma í veg fyrir fordóma. Forsíðuviðtalið við Hörpu Hreinsdóttur á vonandi eftir að opna augu margra fyrir því að hið sama gildir um geðsjúkdóma og aðra sjúkdóma: við viljum auðvitað helst vera alveg laus við þá, en það má samt sem áður lifa góðu lífi. Enn og aftur skiptir stuðningur samferðamanna sköpum.

Lesendur geta einnig fræðst um hvernig nokkrir einstaklingar sem haldnir eru félagsfælni hafa tekið höndum saman og stofnað með sér hóp sem hittist reglulega í húsakynnum Geðhjálpar. Stofnandi hópsins er Elís V. Árnason sem lýsir því hvernig hópurinn vinnur og hverju hann getur áorkað í lífi einstaklinga. Hér er líðan félagsfælinna lýst af manni sem þekkir hana af eigin raun, og sem hefur vaxið mjög með því viðfangsefni að aðstoða aðra í sömu sporum.

Sigursteinn Másson lýsir þeirri líðan sem margir eru haldnir í kjölfar kreppunnar. Búast má við að þeim fjölgi fremur en hitt sem eiga eftir að stríða við geðræn veikindi á næstu árum. En það má bregðast við áföllum og vondum tíðindum með margvíslegum hætti; einn þeirra er að vernda geðið eftir fremsta megni.

Það kennir sem sé ýmissa grasa í blaði Geðhjálpar. Vonandi mun það fræða landsmenn um geðræna sjúkdóma og möguleg viðbrögð við þeim – og draga úr fordómum og skeytingarleysi í garð náungans.

*Auður Styrkársdóttir*



● **STJÓRN GEÐHJÁLPAR** Aðalfundur félagsins var haldinn 27. mars og var þá skipt um nokkra einstaklinga í stjórn. Núverandi stjórn skipa þau sem sjást á myndinni. Efri röð f.v.: Lena Hákonardóttir, Einar Kvaran, Sigursteinn Másson formaður, Garðar Sölvi Helgason og Lárus R. Haraldsson gjaldkeri. Neðri röð f.v.: Margrét Ómarsdóttir, Sesselja Jörgensen varaformaður, Auður Styrkársdóttir ritari, Erna Arngrímsdóttir og Björk Agnarsdóttir.




**Útgefandi:** Geðhjálp | **Heimilisfang:** Túngata 7, 101 Reykjavík
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Auður Styrkársdóttir
**Vefsíða:** www.gedhjalp.is | **Sími:** 570 1700



**Flott málningarvinna!** MYND/LAURA HODDAGS



**Sjálfboðaliðarnir bjuggu til þessar fínu steintröppur í matjurtagarðinn.**

# Sjálfboðaliðar í sumar

**Sjálfboðaliðar á vegum SEEDS-samtakanna tóku að sér viðgerðir og endurbætur á húsi Geðhjálpar í sumar. Reynslan opnaði mörgum nýja og jákvæða sýn á þá sem nýta sér geðheilbrigðisþjónustu.**

Í júlímánuði komu átta ungmenni frá Portúgal, Þýskalandi, Ungverjalandi, Bretlandi, Spáni og Lettlandi til þess að starfa sem sjálfboðaliðar í húsi Geðhjálpar við Túngötu í Reykjavík. Sjálfboðaliðarnir komu hingað á vegum íslensku sjálfboðasamtakanna SEEDS en þau taka á móti um 800 sjálfboðaliðum í ár í verkefni sem tengjast umhverfisvernd, menningu eða félagsmálum.

Sjálfboðaliðarnir sem tóku að sér ýmsar viðgerðir og endurbætur á húsinu sáu einnig um málningarvinnu innanhúss, komu upp nýju sorpflokkunarkerfi, hreinsuðu garðinn og settu niður ný blóm jafnframt því sem þeir sáðu í matjurtagarð félagsins. Sjálfboðaliðarnir höfðu einnig gott tækifæri til þess að blanda geði við aðra gesti hússins og settu þannig alþjóðlegan svip á starfsemina þann tíma sem þeir dvöldu þar. Geðhjálp sá þeim fyrir fæði og húsnæði á meðan á verkefninu stóð.



**Liðtækir sjálfboðaliðar í eldhúsinu.** MYND/LAURA HODDAGS

„Þetta var í fyrsta skipti sem þátttakendur tóku þátt í verkefni af þessum toga og voru þeir virkilega ánægðir með reynsluna sem opnaði mörgum nýja og jákvæða sýn á heim þeirra sem nýta sér geðheilbrigðisþjónustu," segir Istvan Balog, hópstjóri SEEDS. Ungmennin segjast afar stolt af því að hafa getað lagt sín lóð á vogarskálarnar í að viðhalda þessu fallega húsi sem Geðhjálp hefur til umráða og styðja við hið mikilvæga starf sem þar er unnið.

Geðhjálp hefur hug á áframhaldandi samstarfi við SEEDS og hlakkar til frekari kynna við ungt fólk hvaðanæva að úr heiminum.

# Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn

Dagskrá geðheilbrigðisdagsins verður fjölbreytt og fer fram í Göngugötunni í Mjódd og í húsnæði Hugarafls að Álfabakka 16 á sunnudag frá klukkan 13 til 16. Hún hefst á ávarpi verkefnastjóra, Ragnheiðar J. Sverrisdóttur, og síðan mun Héðinn Unnsteinsson flytja ávarp. Þá koma Unghugar Hugarafls fram, unglíðahreyfing Hugarafls sem var stofnuð fyrir ári síðan. Hugmyndin þar að baki er að mæta þörfum ungs fólks sem hefur upplifað geðraskanir eða aðra erfiðleika. Garðar Sölvi Helgason, sem strítt hefur við geðklofasjúkdóm frá upphafi áttunda áratugarins, kemur fram fyrir hönd geðklofahóps Geðhjálpar. Einnig mun Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur segja frá samfélagsteymi. Fjölbreytt tónlistatriði verða til skemmtunar og meðal annarra munu Feðgarnir Herbertsson leika nokkur lög.



**Geðræktarbolir verða til sölu í göngugötunni í Mjódd.** MYND/ÚR EINKASAFNI

Geðræktarbolir, svartir með gulu lógói og geðorði nr. 2 á bakinu: Hlúðu að því sem þér þykir vænt um, verða til sölu í göngugötunni á 1.000 krónur. Rennur ágóði í sjóð Styrktarfélags alþjóða geðheilbrigðisdagsins, sem er notaður meðal annars til að standa straum af auglýsingakostnaði og öðru er tengist dagskránni 10. október. Kynningar verða frá félögum og úrræðum er varða geðheilbrigði. Þá verða veitingar á klikkuðu verði. Fróðleikur og góð skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Alþjóða geðheilbrigðissamtökin (World Federation for Mental Health) voru stofnuð 1948 til að berjast fyrir bættri geðheilsu meðal allra þjóða heimsins. Stofnendur komu frá félögum í 46 löndum, en nú eru meðlimir frá yfir 150 þjóðlöndum. Bæði félög og einstaklingar geta átt aðild og í þeirra hópi má finna starfsmenn heilbrigðisþjónustu, notendur hennar, aðstandendur, velunnara og almenning. Samtökin halda stóra ráðstefnu annað hvert ár þar sem þátttakendur bera saman bækur sínar. Þá er sérstakur geðheilbrigðisdagur haldinn árlega 10. október og hefur hann verið haldinn hátíðlegur hér á landi frá 1996.


EINSTAKAR
HERRAVÖRUR
• Rakgel án ilmefna sem tryggir áreynslulausan og öruggan rakstur.
• Rakagefandi andlitskrem sem róar húðina eftir rakstur.
• Ilmefnalaus svitalyktareyðir.
Fæst í næsta apóteki.
ÁN ILM- OG LITAR- EFNA
DECUBAL FOR MEN
SHAVING GEL
2 IN 1
DEODORANT
DECUBAL
KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

FRAMHALD AF FORSÍÐU

og segist hafa verið vongóð um að nýtt lyf sem hún byrjaði á síðasta vor væri að gera gæfumuninn fyrir hana. „Ég hélt að ég væri búin að finna lyfið eina, en það er stundum þannig að lyf geta virkað ágætlega fyrst en hætt svo að virka, eins og reyndin hefur verið með mig. Ég var að vonast til þess að geta kannski sinnt hlutastarfi eftir áramót en þetta kast sem ég fékk núna minnkar mjög líkurnar á því. Eins og stendur á ég bara óprófað lyf úr einum lyfjaflokki þunglyndislyfja en ég hef prófað 24 lyf af ýmsu tagi og líka farið í tvær raflostsmeðferðir án árangurs. Ég er því nýorðin öryrki.“

**AUÐVELT AÐ EINANGRAST**

Líf með þunglyndi er að sögn Hörpu spurning um að lifa af. „Það er ekki hægt að berjast við það, ég reyni bara að lifa það af. Ef ég er mjög mikið veik, það er jafnvel bara á dagsplaninu að fara í sturtu, klæða sig og búið. Margir þunglyndissjúklingar eiga erfitt með að sofa, sem er skelfilegt því þá eru þeir fastir í þessu víti án hvíldar. Ég er heppin að því leyti að þegar ég er mikið lasin get ég þó sofið og sef mikið. Ef ég er ekki þeim mun veikari reyni ég að setja það á dagskrá að fara og hitta einhvern, reyni að einangra mig ekki, en maður einangrast samt mjög mikið af þessum sjúkdómi vegna þess að fólk gefst oft upp á því að hafa samband við mann og spyrja hvort maður vilji koma á kaffihús eða í heimsókn og fá alltaf nei. Ég á samt eina vinkonu sem gefst aldrei upp, þótt það takist bara í tíunda hvert skipti að fá mig með. Ég á líka mjög góða stórfjölskyldu og ef það eru veislur eða eitthvað slíkt er bara sagt við mig; „Og svo ferð þú bara inn í herbergi og leggur þig þegar þú þarft.“ Það er bara gengið út frá því að ég geri eins og ég get. Ég er veik og ef þarf þá dreg ég mig í hlé.“

**EKKI AUMINGJASKAPUR**

Dæmi um að stórfjölskyldur hafi lokað á geðsjúklinga vegna veikindanna eru hins vegar til. „Ég veit dæmi þess að stórfjölskyldur hafa lokað á geðsjúklinga af því að þeim finnst sjúklingarnir vera aumingjar. Þess vegna er afar mikilvægt fyrir geðsjúklinga að fólk skoði aðra sjúkdóma til viðmiðunar. Krabbameinssjúklingur er ekki aumingi af því að hann fær krabbamein. Alveg eins og geðsjúklingurinn þarf hann að fara í lyfjagjöf, er slappur og myndi kannski í fjölskylduboði þurfa að leggja sig. Er hann þá aumingi? Það á ekki annað að gilda um þann sem er þunglyndur,“ segir Harpa.

**TRÉNUÐ ANDLIT**

Harpa hefur lagt sitt á vogarskálarnar við uppfræðslu um geðsjúkdóma og meðal annars verið gestafyrirlesari í sálfræðitímum í FVA. Hún hefur líka skrifað mikið um veikindi sín og heldur úti síðunni harpa.blogg.is þar sem hún skrifar oft um erfiðustu dýfurnar og ýmislegt annað er tengist geðsjúkdómum en hún segir að í veikindunum sé mun auðveldara að skrifa en tala. „Egill Skallagrímsson lýsir að mínu viti þunglyndi mjög vel í Sonatorreki þar sem hann segir: „Mjög erum tregt/tungu at hræra.“ Þunglyndi gerir það að verkum að í slæmu kasti er erfitt að hreyfa munninn, allir litlu vöðvarnir í andlitinu stífna og maður sér á fólki ef það er mjög þunglynt – andlitið verður trénað.



Harpa heldur úti síðunni harpa.blogg.is þar sem hún skrifar um veikindi sín.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GÓÐUR STUÐNINGUR**

Hóparnir í sálfræðinni hafa fengið mismunandi sýn á geðsjúkdóminn. Í fyrra þegar Harpa hélt fyrirlestur skalf hún svo mikið af aukaverkunum að hún gat ekki sopið af glasi en þegar hún fór núna í haust var það rétt áður en hún veiktist aftur og mætti því heldur frískari til leiks.

„Krakkarnir hafa verið mjög opnir og að mínu viti eru unglingar í framhaldsskólum mjög fordómalausir og það hefur aldrei verið neitt leyndarmál að íslenskukennarinn þeirra er geðveikur og jafnvel verið styrkur fyrir þau, því stundum koma krakkar til mín og minnast á einhver vandamál við mig sem þau myndu kannski ekki gera annars. Að sjálfsögðu leysi ég aldrei málið heldur vísa áfram. Ég hef heldur aldrei verið látin gjalda þess á vinnustað að ég er með geðrænan sjúkdóm. Ef maður pukrast ekki með sjúkdóminn og kallar hann sínum réttu nöfnum kemur maður í veg fyrir pískur í hornum. Hræðsla geðsjúklinga við að gangast við eigin sjúkdómi getur bæði alið á fordómum og svo eru viðbrögðin oft betri en fólk heldur. Ég bý í litlum bæ, Akranesi, og þar er fólk ótrúlega almennilegt og stoppar mig jafnvel úti á götu og spyr hvernig mér líði. Ég er óvirkur alkóhólisti, hef verið lengi í AA-samtökunum og fæ einnig gífurlegan stuðning þaðan úr rótgróinni deild sem sýnir hlýhug sinn, ekki endilega með orðum, heldur jafnvel bara faðmlögum.“

**MISSKILINN VILJASTYRKUR**

Misskilnings gætir oft í sambandi við geðsjúkdóma. Misskilningurinn er jafnvel sá að sjúklingarnir geti stjórnað sjúkdómnum, þess vegna með viljastyrk.

„Fólkið í minni deild er ekki þannig, en meðlimur í AA-samtökunum hefur sagt við mig að ég ætti að henda lyfjunum og opna hjarta mitt fyrir guði, ég hafi sjálf valið að lifa í ótta. Þó maður reyni allt þá getur maður ekki komið í veg fyrir alvarlegt þunglyndiskast eða geðsjúkdóma eða gert sjúkdóminn léttbærari með „viljastyrk“. Þeir sem halda að maður geti bara strammað sig af og sýnt kjark og viljastyrk til að vinna á þunglyndi ættu til samanburðar að prófa að nota nákvæmlega sama ráð næst þegar þeir fá niðurgang og ælupest. Halda í sér með viljastyrk og sleppa því að æla og sitja á klósettinu. Viljastyrkur virkar ekki á þunglyndi og í raun er uppgjöfin oft vænlegri kostur vegna þess að baráttan tekur frá manni svo ofboðslega mikla orku. Ef ég fer út að labba í slæmu þunglyndiskasti skríð ég inn um dyrnar heima hjá mér skjálfandi eins og hrísla, því ég þoldi göngutúrinn alls ekki. Ég fer út að ganga ef ég er sæmilega frísk og ég veit að hreyfing virkar gegn léttara tagi af þunglyndi en ekki veikindum af þessu tagi.“

**BARÁTTAN VIÐ AÐ HALDA LÍFI**

Harpa á eiginmann og tvo syni. Hún segist vera heppin með fjölskyldu sína en segir að þótt lífið sé oft erfitt fyrir aðstandendur geðsjúkra séu þeir hins vegar oft ótrúlega sterkir og geti komist ágætlega frá veikindunum.

„Ég er ekki viss um að það sé gott að leggja of mikla áherslu á hversu hræðileg áhrif geðsjúkdómar geta haft á sálarlíf óharðnaðra barna og unglinga um aldur og ævi. Leiðin til að eyðileggja líf sinna nánustu er hins vegar að fyrirfara sér og þess vegna er maður að reyna að prófa ný lyf og láta loka sig inni á geðdeild. Að því leyti verðum við sem erum geðveik að taka ábyrgð á okkur og það er kannski eina baráttan sem maður getur átt við þennan sjúkdóm. Baráttan varðandi geðsjúkdóma snýst einnig um að fá sjúkdómana viðurkennda sem slíka og að sjúklingarnir beri ekki ábyrgð á þeim. Það hjálpar ekki baráttunni fyrir þeirri viðurkenningu þegar sjúkdómsheitið er notað á niðrandi hátt yfir andstæðinga manns í skoðunum til dæmis. Ef menn geta ekki tjáð sig með öðrum hætti til að tala niður til andstæðinga sinna en taka til orða eins og geðveikur, vangefinn eða að viðkomandi sé þroskaheftur ættu þeir bara að sleppa því að tala en ég held reyndar að menn sem nota svona orð, oft vel menntaðir og telja sig vel upplýsta, séu alveg nógu klárir til að finna sér einhver önnur orð til brúks.“

- jma

**BROT ÚR SKRIFUM HÖRPU Á BLOGGSÍÐU HENNAR, HARPA.BLOGG.IS**

„Það eina sem ég get gert er að reyna að bíða af mér helvítis kastið og lifa það af. En í miðju þunglyndiskasti er ekki einu sinni það huggun eða til bóta. Þegar maður syndir gegnum daginn á 38 snúninga hraða og hver sólarhringur verður óendanlega langur er hugsanlegur eða væntanlegur bati svo handan sjóndeildarhringsins að hann er ósýnilegur möguleiki. Skásti raunhæfi möguleikinn er að dobblun lyfjanna skili einhverjum árangri, það ætti að vera ljóst fyrir miðjan október. Þangað til er best að sofa sem mest, sem er guði-sé-lof ekki erfitt því helv. þunglyndið eyðir orku meir en nokkurt fyrirbæri sem ég þekki. Svefn er dásamleg pása úr þessu helvíti.“


# Við þökkum stuðninginn

**Reykjavík**
Stólpi ehf - Alhliða viðgerðaþjónusta, Klettagörðum 5
Aðalvík ehf, Ármúla 15
ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarslóð 9
Arkform, T.G.M. ráðgjöf, Ármúla 38
Athygli ehf, Suðurlandsbraut 30
Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a
B.K.flutningar ehf, Krosshömrum 2
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf, Skipholti 35
Batik ehfk, silkiprent og ísaumur, Bíldshöfða 16
Bílasmiðurinn hf sími: 567 2330, Bíldshöfða 16
Björnsbakarí ehf, Klapparstíg 3 við Skúlagötu
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
Bóksala kennaranema, Kennaraháskólanum við Stakkahlíð
Brauðhúsið ehf, Efstalandi 26
Brim hf, Bræðraborgarstíg 16
BSRB, Grettisgötu 89
Congress Reykjavík - Ráðstefnuþjónusta ehf, Engjateigi 5
Danica sjávarafurðir ehf, Suðurgötu 10
Dímon Lína ehf, Súðavogi 6
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Efnamóttakan hf, Gufunesi
Eignamiðlunin Reykjavík / Mosfellsbæ, Síðumúla 21
Endurskoðun Péturs Jóns ehf, Barmahlíð 34
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Evrópulög ehf, Túngötu 6
Fatabúðin ehf, Skólavörðustíg 21a
Ferðakompaníið ehf, Fiskislóð 20
Félag skrúðgarðyrkjumeistara, Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Fiskbúðin, Freyjugötu 1
Fjallabak ehf, Skólavörðustíg 12
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Gjögur hf, Kringlunni 7
GlaxoSmithKline, Þverholti 14
Grásteinn ehf, Grímshaga 3
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Gull og silfur ehf, Laugavegi 52
Hafgæði sf, Fiskislóð 47
Halldór Jónsson ehf, Skútuvogi 11
Hárgreiðslustofan Hármiðstöðin, Hrísateigi 47
HGK ehf, Laugavegi 13
HM Bókhald ehf, Kringlunni 7
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Ice Consult ehf, Mörkinni 6
Iceland Congress, Eskihlíð 3
Iceland Seafood ehf, Köllunarklettsvegi 2
Igma - Mínerva verslun, Laugavegi 40
Innnes ehf, Fossaleyni 21
Innréttingar og tæki, Ármúla 31
Íbúðargisting.is, Síðumúla 14, 2. hæð
Íslandsbanki hf., útibú 0525, Háaleitisbraut 58

SAMHENTIR KASSAGERÐ ehf.
KOLA PORTIÐ
icepharma
Portfarma
REYKJALUNDUR
Virðing Réttlæti VR

# Hvað vita ungmennin?

**Fjalla þarf um geðsjúkdóma í skólum til að búa nemendur undir þátttöku í þjóðfélaginu segir Einar G. Kvaran.**

Þegar móðir mín lærði um geðsjúkdóma, af norska sálfræðingnum Einari Kringlen, í upphafi áttunda áratugarins voru þeir tveir: Nevrósur og síkósur. Þrátt fyrir að flokkunarfræði Kringlen gefi ef til vill ekki rétta mynd af stöðunni eins og hún var er ljóst að þróunin hefur getið af sér fleiri sjúkdóma. Hlutfall einstaklinga með geðgreiningar hefur einnig farið hækkandi. Á heimasíðu Geðhjálpar er il dæmis vitnað í Alþjóðlegu heilbrigðismálastofnunina (WHO) um að 22–24 prósent fólks veikist á geði einhvern tíma á lífsleiðinni.



Einar G. Kvaran.

Eitt af yfirlýstum markmiðum skólakerfisins er að búa nemendur undir að verða virkir þjóðfélagsþegnar. Þegnar sem eiga annaðhvort eftir að veikjast á geði eða verða aðstandendur samkvæmt WHO. Þetta eru sterk rök fyrir því að unnið sé með þessi mál á heildstæðan og skipulegan hátt í skólum. Í þessu samhengi er til dæmis hægt að vinna með viðhorf ungs fólks til orða og hugtaka sem tengjast umræðu um geðsjúkdóma.

Á árunum 2007 og 2008 fór ég í nokkra framhaldsskólabekki með kynningu á Geðhjálp. Þegar ég spurði nemendur hvað kæmi fyrst upp í hugann þegar þau heyrðu orðið geðveiki eða geðveikur var svarið oft: a) félagslega einangraðir og illa til hafðir öryrkjar, eða b) stjórnlausir og siðlausir glæpamenn. Þetta er ekki gagnlegt veganesti fyrir þá sem eiga sjálfir eftir að glíma við geðveiki í einhverri mynd. Nýlega ákvað ég að kanna þessi mál nánar og fékk að leggja spurningalista fyrir heimspekinema í MH. Beðið var um álit á vel völdum hugtökum. Svörin voru oft frumleg og drógu upp myndir af ólíkum hliðum geðveikinnar. Miðað við fyrri reynslu fannst mér lítið um neikvæðar staðalmyndir og klisjur í viðhorfum þessa hóps. Hér að neðan er samantekt á því helsta sem kom fram. Umfang textans býður ekki upp á greiningu eða miklar vangaveltur. Lesendum er því látið eftir að rýna í niðurstöðurnar og meta þær.



Einar kannaði nýlega skilning nema í MH á geðsjúkdómum og fannst lítið um neikvæðar staðalímyndir og klisjur í viðhorfum til þessa hóps miðað við fyrri reynslu.

### MIKILVÆGT AÐ RÆÐA MÁLIN

Flest tengdu orðið geðveiki einfaldlega við andlegt ójafnvægi. Þau svör sem skáru sig úr voru: a) að geðveiki sé veikindi sem geti lagst á alla; b) manneskja sem er hættuleg sjálfum sér og öðrum; c) afsökun okkar „venjulega fólksins" til að loka fólk inni sem sér hlutina í öðru ljósi en við. Þunglyndi var tengt því að lifa í vonleysi eða að vera hjálparþurfi. Sum lögðu áherslu á að órökréttar hugsanir eða sjálfsvígshugsanir væru einkennandi og að sjúkdómurinn væri algengari en almennt væri haldið.

Um það bil helmingur þekkti til geðhvarfasýki. Einn tengdi hana við að fá köst „af og til". Aðrir nefndu einstaklinga með þennan sjúkdóm, sem þeir þekktu eða höfðu hitt. Geðhvarfasýki var eins skilgreind sem skyndilegar skapsveiflur og mismunandi tegundir þunglyndis. Mun fleiri könnuðust við maníu. Meðal þess sem nemendur tengdu við hana var tímabundin sturlun, veruleikafirring og að vera ýmist mjög glaður eða mjög leiður. Henni var einnig lýst sem þráhyggju. Að festast í fari, kynna sé eitthvað út í ystu æsar og tala um það fram og tilbaka.

Flest þekktu til geðklofa, sem margir tengdu við bíómyndir svo sem A Beautiful Mind, Engla alheimsins og Me, Myself and Irene. Annað sem kom upp var að heyra raddir og vera með ranghugmyndir. Að vera með klofinn persónuleika eða með tvo persónuleika. Almennt voru hugmyndir nemenda um þennan sjúkdóm óljósar. Mikils samræmis gætti hins vegar varðandi félagsfælnina, það er að þeim sem væri með félagsfælni liði illa í návist annars fólks. Fleiri virtust þekkja einstaklinga með félagsfælni en hina sjúkdómana.

Þrátt fyrir að tilgangurinn hafi fremur verið að skapa umræðu en draga ályktanir er rétt að geta þess að 20 nemendur af 23, það er 87 prósent, sögðust þekkja einhvern sem ætti eða hefði átt við geðröskun að stríða. Þetta bendir til þess að mikilvægt sé að hugsa, skoða og ræða þessi mál í skólanum.

*Einar G. Kvaran, meðlimur í stjórn Geðhjálpar.*



**● BROSPINNAR** Geðsvið Landspítala hefur ákveðið að grípa til uppbyggjandi aðgerða til að bæta aðbúnað sjúklinga á geðsviði spítalans. Sviðið hefur fengið margar kvartanir vegna umhverfis og aðbúnaðar á deildunum, m.a. vegna slitinna og gamalla húsgagna og kuldalegs húsnæðis. Starfsmenn ætla að safna fé til endurbóta með því að selja bros á geðheilbrigðisdaginn 10. október. Ágóðinn mun renna óskiptur til endurbóta á aðbúnaði og umhverfi geðdeildanna. Brosin verða til sölu í verslunarmiðstöðvum og á fjölförnum stöðum á geðheilbrigðisdaginn og kosta 1.000 kr. stykkið. Geðhjálp hvetur hér með landsmenn til að leggja sitt af mörkum um leið og félagið þakkar starfsmönnum geðsviðs þetta framtak.

**● GEÐTEYMI HEIM** Velferðarsvið Reykjavíkur og Geðsvið Landspítalans hafa gert samstarfssamning um rekstur vettvangsgeðteymis. Samningurinn er tilraunaverkefni til tveggja ára og kveður á um að geðteymið muni veita geðheilbrigðisþjónustu við íbúa búsetukjarna, búsetuendurhæfingarheimila og annarra sértækra búsetuúrræða á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkur og stjórnendum og starfsfólki stuðning og ráðgjöf um fræðslu og handleiðslu. Markmið er að veita þverfaglega og einstaklingsmiðaða geðheilbrigðisþjónustu við fólk með alvarlegar geðraskanir til að draga úr komum og/eða stytta innlagningartíma á geðdeild með góðum stuðningi og eftirfylgd teymisins.





**● FLOTT USB!** Geðhjálp hefur til sölu þessa flottu minnislykla með merki félagsins. Stykkið kostar 4.500 krónur en góður afsláttur er veittur ef keyptir eru þrír eða fleiri. Lyklarnir fást á skrifstofu félagsins á skrifstofutíma hjá Jóhönnu Erlingsdóttur.

**● VÖFFIN ÞRJÚ** Stjórn Geðhjálpar hefur ákveðið að taka upp þrjú einkunnarorð í baráttu sinni fyrir betri heimi fyrir geðsjúka og aðstandendur þeirra. Þetta eru orðin: Virðing – virkni –velferð. Þau ganga undir nafninu vöffin þrjú, bæði í gamni og alvöru, og verða okkur leiðarljós.

## Við þökkum stuðninginn

Íslandsfundir ehf, Suðurlandsbraut 30
Íslandsstofa, Borgartúni 35
Íslensk endurskoðun ehf, Bogahlíð 4
Íslensk erfðagreining, Sturlugötu 8
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf, Bíldshöfða 12
Kemi ehf www.kemi.is, Tunguhálsi 10
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Kjöthöllin ehf, Skipholti 70 og Háaleitisbraut
KOM almannatengsl, Borgartúni 20
Kristján G. Gíslason ehf, Hverfisgötu 6a
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Leikskólinn Vinaminni ehf, Asparfelli 10
Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
Líf og sál sálfræðistofa ehf, Fiskislóð 75
Lífstykkjabúðin ehf, Laugavegi 82
Loftstokkahreinsun.is símar: - 567 0882, 893 3397, Garðhúsum 6
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Menntaskólinn við Hamrahlíð, Hamrahlíð 10
Minjavernd hf, Amtmannstíg 1
Nethönnun ehf, Ármúla 5
Nexus afþreying ehf, Hverfisgötu 103
Nonnabiti, Hafnarstræti 11
ORKUVIRKNI ehf, Tunguhálsi 3
Ó. Johnson & Kaaber ehf, Tunguhálsi 1
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Ósk Þórðardóttir Tannlæknir, Borgartúni 29
Rafsvið sf, Haukshólum 9
Raftækjaþjónustan sf, Lágmúla 8
Ráðgjafar ehf, Garðastræti 36
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
Sigurjón & Thor ehf, Skólavörðustíg 16
SÍBS, Síðumúla 6
Sínus ehf, Grandagarði 1a
Sjómannadagsráð Reykjavíkur og Hafnarfjarðar,
Sjómannafélag Íslands, Skipholti 50d
Skóarinn í Kringlunni ehf, Kringlunni 4-6
Skólavefurinn.is, Laugavegur 163
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Starfsgreinasamband Íslands, Sætúni 1
Staukur ehf, Krókhálsi 10
Stuðlar, meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, Fossaleyni 17
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
T. ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6
Talnakönnun hf, Borgartúni 23
Tannlæknastofa Björns Þ Þórhallssonar, Háteigsvegi 1
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur, Laugavegi 163
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar, Þangbakka 8

Samhjálp · Alþýðusamband Íslands · Lilly · vistor · Landsvirkjun

# Ef fólk rekst á veggi

„Þetta er krefjandi starf en mér finnst það fjölbreytt og skemmtilegt,“ segir Sólrún Ósk Lárusdóttir sálfræðingur, sem hefur verið ráðgjafi hjá Geðhjálp frá 1. september í ár, ásamt Kristínu Tómasdóttur sálfræðingi. Hvor um sig er í hálfu starfi. „Við veitum ekki meðferð, heldur ráðgjöf og stuðning,“ tekur hún fram. „Erum nokkurs konar vegvísar og gerum okkar besta til að leiða fólk áfram í geðheilbrigðiskerfinu þegar það leitar til okkar gegnum síma, tölvupóst eða með heimsóknum.“ Sólrún segir þetta bæði eiga við um þá sem séu með geðraskanir og aðstandendur þeirra. „Stundum kemur fólk til okkar sem fyrstu hjálpar ef það grunar að einhver nákominn sé þunglyndur og spyr hvað það eigi að gera,“ segir hún. Aðrir eru búnir að prófa flest önnur úrræði og eru svolítið týndir.“ Kristín tekur undir það. „Geðhjálp er hagsmunasamtök og ef fólk rekst á veggi í kerfinu og hefur ástæðu til að kvarta undan úrræðaleysi reynum við að aðstoða það eftir bestu getu.“

Sólrún segir þær Kristínu vera að kynna sér þá þjónustu sem í boði sé fyrir geðsjúka, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. „Við leggjum áherslu á að Geðhjálp er landssamtök og viljum efla starfið og þjónustuna úti á landi. Svo stendur líka til að vera með fræðslufund í nóvember fyrir aðstandendur barna með geðraskanir og í kjölfarið aðstofna stuðningshóp þeirra,“ segir hún og bætir við til skýringar: „Hér innanhúss hafa starfað stuðningshópar. Við viljum efla þá því þeir hafa gefist vel.“

*- gun*



„Við reynum að aðstoða fólk eftir bestu getu,“ segir Kristín.



„Við veitum ekki meðferð heldur ráðgjöf og stuðning,“ segir Sólrún Ósk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Efla hæfni og virkni

„Við erum aðeins að endurskoða starfssemi félagsmiðstöðvarinnar í heild sinni, til að bjóða upp á enn betri fræðslu sem ýtir frekar undir færni og virkni í samfélaginu. Fólk er þá ekki bara að mæta hingað til að drepa tímann,“ segir Höskuldur Sæmundsson, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, um fyrirhugaða dagskrá í höfuðstöðvum félagsins að Túngötu í vetur.

Hann segir að fræðslu- og sjálfshjálparfundir hvers kyns verði eftir sem áður á sínum stað og til standi að efla frekar þjónustu við aðstandendur geðfatlaðra. „Margt er svo enn á hugmyndastigi; til dæmis að hér verði haldnir reglulegir umræðufundir um þjóðfélagsmálin svo fólk sé betur meðvitað um það sem er að gerast í kringum það, líkamleg heilsuefling og í framtíðinni barna- og unglingastarf,“ telur hann upp en slær þann fyrirvara að velflest af þessu sé enn í skoðun. „Við viljum ekki slá neinu föstu fyrr en við erum sannfærð um að dagskráin uppfylli fyrrgreint markmið,“ segir hann og vísar í heimasíðu félagsins gedhjalp.is, þar sem eru allar nánari upplýsingar um starfsemi í húsinu.

*- rve*



Í dagstofu Geðhjálparhússins á Túngötu á fólk oft góðar stundir.



Höskuldur Sæmundsson framkvæmdastjóri og Kristín Tómasdóttir ráðgjafi í húsnæði Geðhjálpar að Túngötu 7 þar sem fundir fyrir félagsfælna hafa verið haldnir síðan 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hjálp fyrir félagsfælna

**Sjálfshjálparhópur fyrir félagsfælna hittist vikulega í húsnæði Geðhjálpar.**

Sjálfshjálparhópur fyrir félagsfælna hefur verið starfandi í húsakynnum Geðhjálpar að Túngötu 7 samfellt síðan árið 2002, þegar undirritaður stofnaði hópinn. Fljótlega varð ljóst að talsverð þörf var fyrir hópinn. Hópur eingöngu fyrir félagsfælna hafði ekki verið starfandi fyrr hér á landi en kvíðahópur hafði verið starfandi áður. Fjölmargir hafa nýtt sér hópinn í þessi átta ár, í skemmri eða lengri tíma og haft gagn af. Það er sérstakt ánægjuefni að hópurinn skuli hafa lifað allan þennan tíma og vil ég þakka Jóni Gunnari Hannessyni sérstaklega fyrir stóran þátt í því. Hópurinn hefur með tilverunni einni saman átt þátt í því að opna umræðuna um eina allra algengustu geðröskunina. Í upphafi var hópurinn í fríi á sumrin en síðustu ár hefur hann verið starfandi allt árið. Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum tíma og umræðan opnast mikið sem þýðir aukna þekkingu, umfjöllun og aðgengi að meðferð.

Hópurinn er hefðbundinn stuðningshópur og hefur hann alla tíð verið ókeypis. Kostir við svona hóp eru fjölmargir. Maður þarf ekki að tilkynna komu sína neins staðar, maður mætir þegar hentar eða þegar maður er tilbúinn en flestir þurfa að telja í sig kjark til að mæta, allavega fyrstu skiptin. Félagsfælnum finnst erfitt að vera innan um aðra í ýmsum félagslegum aðstæðum þar sem þeir óttast að verða fyrir neikvæðu mati annarra. Í þessum hópi þarf fólk ekki að óttast að vera dæmt þar sem hinir skilja óöryggið innan um fólk og vanlíðanina sem því fylgir af eigin reynslu og geta því sýnt samkennd og tilfinningalegan skilning, sem er ómetanlegt. Þetta auðveldar hópmeðlimum að tala um sína líðan en flestir hafa mætt skilningsleysi og hafa átt erfitt með að tala um sín vandamál við aðra sem ekki hafa upplifað fælnina. Reynslan hefur sýnt mér að félagsfælnir eru jafnan gott fólk en misskildir þar sem þeir eiga erfitt með að sýna sinn innri mann.

Fólki líður yfirleitt betur eftir að hafa talað um reynslu sína og líðan við aðra skilningsríka í hópnum. Það er beinlínis mannskemmandi að byrgja vanlíðan sína lengi inni.

Hópurinn hittist öll miðvikudagskvöld klukkan 20 og stendur hver fundur í um tvær klukkustundir. Undirritaður leiðir oftast fundinn. Hver og einn fær sinn tíma til að tjá sig en æskilegt er að tala eitthvað þótt það sé ekki skylda. Aðallega er talað um liðna viku og þá næstu og er allt sem er að gerast í lífi viðkomandi til umfjöllunar með áherslu á áhrifaþætti í tilfinningalegri líðan. Þannig er þeim félagsfælnum sem mæta frjálst að tjá sig um það sem hefur verið þeim efst í huga eins og kvíða, depurð eða þunglyndi.

Hópurinn kemur ekki í stað sálfræðimeðferðar heldur hentar vel ásamt henni og á eftir. Hópurinn er fyrir 17 ára og eldri. Margir sem mæta eru á milli 20-40 ára og sumir um miðjan aldur. Alls konar fólk mætir með ólík áhugamál og markmið en með fælnina sameiginlega. Erfiðast er fyrir fólk að mæta í fyrstu skiptin en það verður smám saman auðveldara. Hver fundur er sérstakur og fer hann eftir því hve margir mæta og því hvað fólki liggur á hjarta hverju sinni. Meðlimir eru með mismikla fælni og er tekið tillit til þess. Þeir sem hafa fengið mest út úr hópnum hafa tekið mætinguna alvarlega og mætt samviskusamlega og reglulega í lengri tíma hvernig sem lundin er. Ég mæli eindregið með þessu. Það þarf mikinn vilja, sjálfsvinnu og sjálfsskoðun til að yfirstíga mikla fælni en yfirleitt gerist hið verðmætasta hægt.

Góður félagsskapur hefur myndast og hittist hópurinn stundum utan funda og gerir eitthvað saman til að styrkja félagsleg tengsl og auka hópsamkennd en allir vita mikilvægi þess að tilheyra einverjum hópi upp á sjálfsmyndina og lífssátt.

Ég hvet loks alla félagsfælna til að mæta og nýta sér þetta einstaka úrræði sem hefur sannað gildi sitt með því að skapa umhverfi sem er hvetjandi og styðjandi, þar sem fólk getur stundað öfluga sjálfsvinnu. Þannig getur fólk dregið úr kvíða og aukið sjálfsöryggi og innra jafnvægi sem er félagsfælnum hjartfólgnara en mörgum öðrum. Frekari upplýsingar má fá á www.gedhjalp.is undir „hvert er hægt að leita?“ og „sjálfshjálparhópar“ og hjá undirrituðum í netfangið vilbergea@live.com.

*Elís V. Árnason*

**● GÓÐ GJÖF** Börn Ingibjargar Björnsdóttur og Lárusar Harrýs Eggertssonar færðu Geðhjálp góða gjöf fyrir skömmu. Þau bjuggu á Sólvallagötu og fannst leiðin úr miðbænum upp Túngötuna helst til löng. Afkomendum hjónanna fannst tilvalið að minnast þeirra með þessum hætti, og nú geta borgarbúar hvílt lúin bein á fallegum bekk í garði Geðhjálpar.



Afkomendur hjónanna ásamt hluta stjórnar Geðhjálpar á bekknum góða.

# Að ná tökum á vandanum

**Sigursteinn Másson telur að stjórnvöld verði að eyða óvissu hjá húseigendum meðal annars til að fyrirbyggja öldu geðraskana í vetur.**

Þótt Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, ríkisstjórnin og aðrir tali eins og kreppan sé að baki og tiltölulega bjart sé framundan búa þúsundir Íslendinga við ótta og öryggisleysi um afdrif sín. Höggið sem Ísland varð fyrir á útmánuðum 2008 var firnaþungt. Það gleymist stundum í umræðunni að mörg þúsund milljarðar sem fólk trúði að væru til hreinlega gufuðu upp. Það tekur langan tíma að koma heilli þjóð á jörðina eftir að hún hefur verið látin svífa í skýjaborgum árum saman í fullkominni firringu og ímyndunarveiki um efnisleg gæði sem aldrei var nokkur innistæða fyrir. Sumir hafa jafnvel látið sig dreyma um það að hægt sé að skapa með einhverjum hætti það ástand sem var fyrir hrun með því að setja aftur í gang gömlu stóriðjuvélina og allt ruglið í kringum það. Það sem aldrei var til nema sem loftkastalar getur auðvitað ekki komið til baka. Sem betur fer. Hagfræðingar virðast lítið hafa lært og alls ekki það að kapítalisminn er að sýna sig vera jafn ónýtt og hættulegt hugmyndakerfi og kommúnisminn var.



Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar

Hvað hefur allt þetta að gera með geðheilbrigðismál? Árið 2000 lýsti Gro Harlem Brundtland, þá framkvæmdastjóri Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar WHO, því yfir að geðraskanir yrðu hin nýja plága 21. aldarinnar. Þótt aðeins séu liðin tíu ár þá er þessi spá að rætast æ betur. Sérstaklega fer ástandið versnandi í hinum vestræna heimi. Þótt sumir vilji einkum ræða geðraskanir út frá brengluðum boðefnaskiptum og erfðum fjölgar þeim sem setja aukinn geðheilsuvanda jafnframt í samband við lífshætti og aðstæður fólks. Orð eins og ótti, öryggisleysi og tilgangsleysi en einnig réttlætiskennd heyrast oft hjá fólki sem glímir við erfiða andlega stöðu. Sjálfur þekki ég það að veikindi mín í gegnum tíðina hafa yfirleitt tengst erfiðum upplifunum, eins og þeim að finna til vanmáttar gagnvart þjóðfélaginu eða ákveðnum þjóðfélagsöflum og að vera gróflega misboðið vegna framferðis mannsins gagnvart náttúrunni. Margir aðrir þekkja slíkar tilfinningar sem geta brotist út í oflætis- eða þunglyndiseinkennum.



**„Með allt það auða húsnæði sem er til á Íslandi í dag hlýtur að vera hægt að þróa á skömmum tíma nýtt og betra verkamannabústaðafyrirkomulag með möguleika á eignaleigu til langs tíma," segir Sigursteinn meðal annars.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Það á enginn á Íslandi að þurfa að vera heimilislaus," segir Sigursteinn.

Nú berast fréttir af hrinu uppboða á húseignum fólks sem ekki hefur getað staðið í skilum á lánum. Sumir voru óvarkárir og fjárfestu í of stórum eignum með allt of háu lánshlutfalli. Það fólk verður að minnka við sig og ekkert óeðlilegt við það. Aðrir sem sýndu hagsýni en máttu ekki við því að forsendur breyttust vegna lágra tekna eru í óþolandi stöðu. Í vetur má búast við öldu geðraskana hjá örvæntingarfullum húseigendum ef ekki verður gripið til aðgerða. Með allt það auða húsnæði sem er til á Íslandi í dag hlýtur að vera hægt að þróa á skömmum tíma nýtt og betra verkamannabústaðafyrirkomulag með möguleika á eignaleigu til langs tíma. Það á enginn á Íslandi að þurfa að vera heimilislaus. Ef stjórnvöld gæfu slíka tryggingu strax þá mundi það breyta miklu. Ótti fólks við fátækt og óhamingju er mjög raunverulegur í dag og stjórnvöldum ber skylda til að reyna að eyða þeim ótta. Með réttri stjórnun og ákvarðanatöku á hann að vera ástæðulaus þrátt fyrir hið mikla efnahagshrun. Það sem skiptir líka máli er að fólk slaki á kröfunum um að vera skráðir eigendur að íbúðum sínum, enda er hvergi í N-Evrópu jafn fáir á leigumarkaði eins og hér. Það er hvorki sjálfsagt né endilega æskilegt.

### ÓTTINN ER EKKI ANDSTÆÐINGUR

Í fyrra flutti ég fjölda fyrirlestra um andlega sjálfsvörn á vegum Geðhjálpar um leiðir til að verjast andlegu áreiti, neikvæðum hugsunum og uppákomum en einnig það hvernig með breyttum lífsstíl má lágmarka áhættuna á geðröskunum. Fyrirlestrana byggi ég á eigin reynslu. Eitt af því sem ég legg áherslu á er að þegar við förum í gegnum erfiðleika, ótta og kvíða að við einbeitum okkur þá að því að hugsa um það sem mestu máli skiptir í lífinu. Með því að spyrja stórra spurninga, jafnvel spurninga sem eru mun stærri en við sjálf, þá hjálpar það okkur að sjá lífið og tilveruna í víðara og kannski jákvæðara samhengi. Stórar spurningar kalla á stór svör sem geta jafnvel hafið okkur yfir áhyggjur hversdagsins og hjálpað okkur að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Þegar ég spyr um þetta á fyrirlestrunum nefnir enginn húsið sitt eða starfið sem það mikilvægasta í lífinu. Okkur hættir til að festa okkur í áhyggjum og ótta sem við getum oft yfirstigið með því að einangra vandann, skilgreina hann og með því að setja hann svo í stærra samhengi. Óttinn er ekki andstæðingur okkar eins og sumir hafa reynt að telja okkur trú um. Það er ekki aðeins eðlilegt heldur nauðsynlegt að finna stundum fyrir ótta og efa því að annars varar maður sig ekki á hættum og tapar dómgreind eins og dæmin rækilega sanna. Óttasleginn maður er hins vegar sleginn út af laginu og þá stjórnast hann ráðalaus af óttanum. Á þessu þarf að gera skýran greinarmun. Það gerðu hvorki fjármálafyrirtæki né stjórnvöld, og því fór sem fór.

# Frumkvæðisverðlaun afhent

Í tilefni af 30 ára afmæli Geðhjálpar 2009 voru frumkvæðisverðlaun Geðhjálpar veitt í fyrsta skipti. Þá voru verðlaunin veitt þremur aðilum, Norðlingaskóla, Björginni, geðræktarmiðstöð Suðurnesja og Jónu Rut Guðmundsdóttur, verkefnisstjóra hjá Reykjavíkurborg. Verðlaunin eru veitt þeim sem Geðhjálp þykir hafa skarað framúr með nýjungum í þjónustu við geðsjúka og úrræði sem fallin eru til þess að bæta geðheilsu.

Í ár verða verðlaunin veitt í annað sinn og verða verðlaunahafar kynntir á afmælisdegi Geðhjálpar á morgun, laugardaginn 9. október næstkomandi. Velunnarar félagsins eru velkomnir til athafnarinnar sem hefst að Túngötu 7 klukkan 16.30. Guðbjartur Hannesson, velferðar- og félagsmálaráðherra, mun afhenda verðlaunin.



**Frumkvæðisverðlaunahafar Geðhjálpar 2009 ásamt þáverandi ráðherra félagsmála.**



**● GEÐHLAUP** Geðhlaupið sívinsæla verður haldið á morgun, laugardaginn 9. október. Hlaupið fer að venju fram frá Nauthólsvíkinni klukkan 13.00 og verður boðið upp á 10 km hlaup og 2 km skemmtiskokk. Í 10 km vegalengdinni verður hlaupið sem leið liggur eftir Fossvogsdalnum upp í Elliðaárdal, þar snúið við og sömu leið til baka og í markið sem er fyrir ofan ylströndina. Kostnaður vegna þátttöku er 1.000 kr. á einstakling vegna 10 km og 500 krónur vegna 2 km skemmtiskokks. Skráning fer fram á www.hlaup.is til klukkan 21.00 föstudagskvöldið 8. október en einnig er hægt að skrá sig á staðnum eða í síma 570-1700 á föstudegi. Ekki verður posi á skráningarstað þannig að um er að gera að mæta með sem réttasta skiptimynt.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hefur styrkt hlaupið með vatni og verður því dreift við bæði rásmark og á vendipunkti í Elliðaárdal.

Allir þáttakendur fá verðlaun en veitt verður sérstök viðurkenning fyrir fyrstu þrjú sætin bæði í karla- og kvennaflokki.



**● AUGLÝST EFTIR FÉLÖGUM** Geðhjálp eru félagasamtök sem eru algjörlega háð velvilja almennings, bæði fjárhagslega og félagslega. Félagið er að mestu rekið fyrir félagsgjöldin og skilvísar greiðslur þeirra eru mikilvægar. Rödd hvers einasta félagsmanns skiptir máli því sjónarmið okkar og reynsla geta verið mismunandi. Við hvetjum þá sem áhuga hafa á að styrkja og styðja félagið að gerast félagsmenn. Það kostar aðeins 2.000 krónur á ári og má t.d. gera með því að hringja í síma 570 1700 eða á heimasíðu félagsins: www.gedhjalp.is.

# Við þökkum stuðninginn

Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Terra Export ehf, Nethyl 2b
Trausti Sigurðsson tannlæknir, Síðumúla 15
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins, Skólavörðuholti
V.R., Kringlunni 7
Vagnasmiðjan - Húsvagnar ehf, Eldshöfða 21
Veiðiþjónustan Strengir, Smárarima 30
Veitingahúsið Caruso, Þingholtsstræti 1
Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164
Verslunarskóli Íslands, Ofanleiti 1
Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
Verslunin Brim - Hylling ehf,
Verslunin Brynja ehf, Laugavegi 29
Verslunin Fríða frænka, Vesturgötu 3
Vímulaus æska, Foreldrahús, Borgartúni 6
Ögurvík hf, Týsgötu 1

**Seltjarnarnes**
About Fish Íslandi ehf, Austurtrönd 3
Seltjarnarneskirkja, Kirkjubraut 2

**Kópavogur**
Ísfrost ehf, Smiðjuvegur 11e
Léttfeti ehf - Sendibíll, Engihjalla 1
Axis-húsgögn ehf, Smiðjuvegi 9
Átak ehf bílaleiga, Smiðjuvegi 1
Bifreiðastillingin ehf, Smiðjuvegi 40d
Bílaþvottastöðin Löður ehf,
Blindrabókasafn Íslands, Digranesvegi 5
Debenhams á Íslandi ehf, Hagasmára 1
Fagsmíði ehf, Kársnesbraut 98
Hegas ehf, Smiðjuvegi 1
Hellur og garðar ehf, Kjarrhólma 34
Húnar ehf, Bæjarlind 12
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Kópavogsbær, Fannborg 2
Kríunes ehf, Kríunesi við Vatnsenda
Lyfja hf, Bæjarlind 2
Marás ehf, Akralind 2
Mecca Spa ehf, Nýbýlavegi 24
Púst ehf, Smiðjuvegi 50
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8
Ship Equip ehf, Hlíðasmára 10
Smáralind,
Smurstöðin ehf, Dalvegi 16a
Strikamerki hf, Hlíðasmára 12
Söluturninn Smári, Dalsvegi 16c
Tölvutækni ehf, Hamraborg 14a
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar, Nýbýlavegi 32
Vetrarsól, Askalind 4
Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf, Dalvegi 16d

**Garðabær**
Bókasafn Garðabæjar, Garðatorgi 7
G.M. Byggir ehf, Krókamýri 58
Garðabær, Garðatorgi 7
Geislatækni ehf Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c
H.Filipsson sf, Miðhrauni 22
Manus ehf, Smiðsbúð 7
Miklatorg hf - IKEA, Kauptúni 4
Nostra Ræstingar ehf, Miðhrauni 14
Silfursmári ehf, Birkihæð 1
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

**Hafnarfjörður**
Bílaverk ehf, Kaplahrauni 10
Endurskoðun Ómars Kristjánssonar slf, Bæjarhrauni 8
Hafnarfjarðarbær, Strandgötu 6
Héðinn Schindler lyftur hf, Gjótuhrauni 4
Höfn öldrunarmiðstöð, Sólvangsvegi 1
Jón I. Garðarsson ehf, Klausturhvammur 13
Krossborg ehf, Stekkjarhvammi 12
Kæling ehf, Stapahrauni 6
Opal Seafood ehf, Hvaleyrarbraut 33
Rafgeymasalan ehf, verkstæði, Dalshrauni 17
Rafal, Hringhellu 9
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8
Sjúkraþjálfarinn ehf, Strandgötu 75
Stálorka, Hvaleyrarbraut 37
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarsso nar sf, Reykjavíkurvegi 60

Varma & Vélaverk ehf, Dalshrauni 5
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Verkþjónusta Kristjáns ehf, Reykjavíkurvegi 68

**Reykjanesbær**
ÁÁ verktakar ehf, sími : 421 6530; 898 2210, Fitjabraut 4
Ásberg fasteignasala ehf, Hafnargötu 27
DMM Lausnir ehf, Iðavöllum 9b
Fitjavík ehf, Fitjum
Hársnyrtistofan Hár-inn sími: 421 4255, Hafnargötu 44
Hjalti Guðmundsson ehf, Iðavöllum 1
Íslenska félagið ehf, Iðavellir 7a
Kaplavæðing ehf, Hólmgarði 2c
Málverk sf, Skólavegi 36
Reiknistofa fiskmarkaða hf, Iðavöllum 7
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Iðavöllum 12
Tannlæknastofa Einars Magnússon ehf, Skólavegi 10
TÍ slf, tannlæknastofa, Miðgarði 11
Trésmíðaverkstæði Stefáns og Ara TSA, Brekkustíg 38
Varmamót ehf, Framnesvegi 19
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Krossmóa 4a
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum, Hafnargötu 90

**Grindavík**
Grímsnes ehf, Hafnargötu 31
Marver ehf, Stafholti
Vísir hf, Hafnargötu 16
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

**Sandgerði**
Fiskmarkaður Suðurnesja hf, Hafnargötu 8
Verk- og tölvuþjónustan ehf, Holtsgötu 24

**Mosfellsbær**
Blómagarðurinn - rósarækt, Laugabóli 1
Garðyrkjustöðin Gróandi, Grásteinum
Ísfugl ehf, Reykjavegi 36
Kjósarhreppur www.kjos.is, Ásgarði
Kvenfélag Lágafellssóknar, Skálatúnsheimilið,

**Akranes**
Apótek Vesturlands ehf, Smiðjuvöllum 32
Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar, Dalbraut 6
Elkem, Ísland ehf, Grundartanga
Runólfur Hallfreðsson ehf, Álmskógum 1
Sjúkraþjálfun Georgs Janussonar, Kirkjubraut 28
Straumnes ehf, rafverktakar, Krókatúni 22-24
Vignir G. Jónsson hf, Smiðjuvöllum 4

**Borgarnes**
Borgarverk hf, vinnuvélar, Sólbakka 17-19
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf, Böðvarsgötu 11
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hjarðarfelli 2
Félagsbúið Mófellsstöðum sf, Mófellsstöðum
Kvenfélag Stafholtstungna,
Vélaverkstæði Kristjáns ehf, Brákarbraut 20
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf, Húsafelli 3
Reykholt Borgarfirði
Garðyrkjustöðin Varmalandi, Reykholtsdal

**Stykkishólmur**
Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf, Aðalgötu 20
Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild, Sundabakka 1

**Ólafsvík**
Kvenfélag Ólafsvíkur,
Tannlæknastofa AB, Túnbrekku 11
TS Vélaleiga ehf, Stekkjarholti 11

**Hellissandur**
Hjallasandur ehf, Helluhóli 3

**Ísafjörður**
Ferðaþjónustan í Heydal, Mjóafirði
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Aðalstræti 24
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12
Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7
Spýtan ehf, Njarðarsundi 2

**Bolungarvík**
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf, Hafnargötu 12
Glaður ehf, Traðarstíg 1
Jakob Valgeir ehf, Grundarstíg 5
Jakob Valgeir ehf, Grundarstíg 5
Vélvirkinn sf, Hafnargötu 8

**Súðavík**
Víkurbúðin ehf, Grundarstræti 1-3

**Þingeyri**
Brautin sf, Vallargötu 8
Svalvogar ehf, Aðalstræti 51

**Norðurfjörður**
Hótel Djúpavík ehf, Árneshreppi

**Hvammstangi**
Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5
Skrúðvangur ehf, Gilsbakka 5
Steypustöðin Hvammstanga ehf, Melavegi 2
Villi Valli ehf, Eyrarlandi 1

**Blönduós**
Búnaðarþing Húnaþings og Stranda, Húnabraut 13
Glaðheimar sumarhús á bökkum Blöndu opið allt árið,

**Sauðárkrókur**
Bókhaldsþjónusta KOM ehf, Víðihlíð 10
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Sjúkraþjálfun Sigurveigar ehf, Aðalgötu 20b
Útgerðarfélagið Sæfari ehf, Hrauni
Vörumiðlun ehf, Eyrarvegur 21

**Varmahlíð**
Akrahreppur Skagafirði,
Fljót
Kvenfélagið Framtíðin, Þrasastöðum

**Akureyri**
Betra brauð ehf, Skarðshlíð 17
Brauðgerð Axels ehf, Tryggvabraut 22
Eggjabúið Gerði ehf, Þórsmörk
Félagsbúið Hallgilsstöðum, Hallgilsstöðum
Friðrik Páll Jónsson, háls, nef og eyrnalæknir, Tryggvabraut 22
Gúmmívinnslan, Réttarhvammi 1
Helgi Bergþórsson, Klettaborg 39
Hlíðarból, leikskóli Hvítasunnukirkjunnar, Skarðshlíð 20
Húsprýði sf, Múlasíðu 48
Ísgát ehf, Lónsbakka
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Myndlistaskólinn á Akureyri, Kaupvangsstræti 16
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Samherji hf, Glerárgötu 30
Valsmíði ehf, Brekkugötu 14
Vaxtarræktin ehf, Grenilundi 2

**Grímsey**
Sigurbjörn ehf, útgerð

**Dalvík**
G.Ben útgerðarfélag ehf, Ægisgötu 3
Tannlæknastofan á Dalvík, Hólavegi 6

**Ólafsfjörður**
Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

**Húsavík**
AS - verk ehf, Ketilbraut 5
Flóki ehf, Árholti 16
Höfðavélar ehf, Höfða 1
Lindi ehf, Ketilsbraut 13
Sorpsamlag Þingeyinga ehf, Víðimóar 2

**Laugar**
Kvenfélag Reykdæla, Lautir

**Mývatn**
Eldá ehf, Helluhrauni 15

**Raufarhöfn**
Hótel Norðurljós, Aðalbraut 2

**Egilsstaðir**
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5

**Seyðisfjörður**
Rauði kross Ísl., Seyðisfirði
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44
Tækniminjasafn Austurlands, Hafnargötu 44

**Reyðarfjörður**
Launafl ehf, Hrauni 3
Þvottabjörn ehf, Búðareyri 25

**Eskifjörður**
Fjarðaþrif ehf, Kirkjustíg 2

**Neskaupstaður**
Síldarvinnslan hf, útgerð, Hafnarbraut 6

**Breiðdalsvík**
Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra, Ásvegi 31

**Höfn í Hornafirði**
Hornabrauð ehf, Litlubrú 1
Skinney - Þinganes hf, Krossey

**Selfoss**
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf, Hrísmýri 3
Bílverk B Á ehf, bílamálun og bílaréttingar, Gagnheiði 3
Búnaðarfélag Grafningshrepps, Villingavatni
Dýralæknaþjónusta Suðurlands sími 482-3060, Stuðlum
Jeppasmiðjan ehf, Ljónsstöðum
Kjarna-bókhald ehf, Austurvegi 6
Set ehf, röraverksmiðja, Eyravegi 41
Tré og straumar ehf, Björnskoti
Þjónustumiðstöðin, Þingvöllum

**Hveragerði**
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði www.hnlfi.is, Grænumörk 10

**Þorlákshöfn**
Fiskmark ehf, Hafnarskeiði 21
Járnkarlinn ehf, Hafnarskeiði 28
Sveitarfélagið Ölfus, Hafnarbergi 1

**Flúðir**
Hrunamannahreppur,
Hrunaprestakall, Hruna

**Hvolsvöllur**
Búaföng, Bakkakoti 1
Hvolsskóli, Vallarbraut 16
Rangárþing eystra, Hlíðarvegur 16

**Vík**
Mýrdalshreppur, Austurvegi 17

**Kirkjubæjarklaustur**
Hjúkrunar og dvalarheimilið Klausturhólar, Hótel Laki s: 487-4694, Efri-Vík

**Vestmannaeyjar**
Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun, Ofanleitisvegi 15-19
Vélaverkstæðið Þór ehf, Norðursundi 9
Vöruval ehf, Vesturvegi 18


www.linde-healthcare.is



Ware-
house,
15.990 kr.



Sautján,
4.990 kr.



Zara,
7.995 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Vero Moda,
2.990 kr.

MICHAEL KORS,
haust 2010



BURBERRY PRORSUM,
haust 2010




4 vikna
Lúxusnámskeið
NORDICASPA
fyrir konur og karla

Hjá okkur nærðu árangri!

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30**
- **Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon**

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Daglegur fróðleikur um mat & næringu fullt af uppskriftum

heitir pottar og herðanudd eftir hvern tíma

Vikulegar mælingar mikið aðhald



Ertu að glíma við:

- Matarópol
- Matarfíkn og sykurlöngun
- Maga- og ristilvandamál
- Verki og bólgur í liðum
- Streitu, þreytu og svefnleysi
- Þunglyndi
- Aðra lífsstílssjúkdóma

28 daga
hreinsun
NORDICASPA
með mataræði
og hreyfingu

- Fimm tímar í viku – hreinsun, liðleiki og styrkur
- 3 tímar – jóga, liðleiki og öndun
- 2 tímar – léttar styrktaræfingar í tækjasal
- Tímar: 6:45 og 17:20 mán/mið/fös.
- Þjálfari er Sigríður Guðjohnsen

Á námskeiðinu hreinsum við líkamann af óæskilegum eiturefnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl!

**Bæði námskeiðin hefjast 16. ágúst**
Fyrirlestur 14. ágúst
**Verð kr. 34.900**
Skráning er hafin í síma 444-5090
eða nordicaspa@nordicaspa.is

NORDICASPA
WWW.NORDICASPA.IS

# tíðin

✻ brostu hringinn




**GAMLAR MINNINGAR** Á tímum stafrænna myndavéla er einhver rómantík í því að fara og framkalla myndirnar sínar og raða svo minningunum inn í myndaalbúm. Það er líka skemmtilegra að skoða myndirnar þannig en á tölvuskjá.



**Rúnar Ágústsson og Halldór Eyjólfsson** voru á meðal gesta.




**Sigríður Ásgeirsdóttir og Steinþór Helgi Arnsteinsson** létu sig ekki vanta.




**Góðir gestir** Helga Viðarsdóttir, markaðsstjóri hjá 66°Norður, Marsibil Sigurðardóttir og Viktor Erlingsson voru á meðal gesta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vinnufatabúðin Vír opnuð með pompi og prakt:

## Margmenni í VÍR

Vinnufataverslunin Vír, sem er nýtt merki í eigu 66°Norður, var opnuð með pompi og prakt á þriðjudaginn var. Margmenni var viðstatt opnunina og virtist almenn ánægja ríkja með verslunina og vöruúrvalið sem þar fæst. Hinn stórskemmtilegi Ari Eldjárn var með uppistand á opnunardaginn auk þess sem Harðasti iðnaðarmaður Íslands var valinn. Sá sem bar sigur úr býtum heitir Tómas Axel Ragnarsson og þótti hann bera höfuð og herðar yfir rúmlega fjörutíu aðra iðnaðarmenn. *- sm*



**Kátir karlar** Jakob Frímann Magnússon, uppistandarinn Ari Eldjárn og Þórður Snær Sigurjónsson.




Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

## MÆLISTIKAN

### Á uppleið



**Að klæða sig eftir veðri** Nú þegar prjónapeysur og ullarfatnaður er í hátískunni er ekki málið að ganga um göturnar með bert á milli, gæsahúð og bláa putta. Stórar ullarpeysur, munstraðir vettlingar og síðir treflar eiga heima fremst í fataskápnum í vetur.



**Súpur** Maríneraðar kjúklingabringur og bakaðar kartöflur víkja fyrir rótargrænmeti og súputeningum. Hvað er betra en heit og matarmikil súpa við kertaljós á köldu haustkvöldi?

**Hjólahjálmar** Ekki allir hjálmar eru litríkir og sporöskjulaga og fá mann til að líða eins og smábarni. Það eru komnir einfaldari og látlausari hjálmatýpur í búðirnar sem passa við hvað sem er og því engin afsökun fyrir því að hjóla um hjálmlaus lengur.



### Á niðurleið

**Ofbeldi og eignaspjöll í mótmælum** Það er ekki töff að taka út reiði sína gagnvart stjórnvöldum á almenningseigum á borð við bekkina á Austurvelli og Alþingishúsið. Þegar öllu er á botninn hvolft er bara verið að bæta ofan á skuldasúpu ríkisins með þessum gjörðum. Mótmælum friðsamlega takk.



**Pinnahælar** Straumar og stefnur tískunnar segja að nú getum við pakkað pinnahælunum ofan í geymslu í bili. Í staðinn skulum við njóta þess að geta gengið stöðugar á breiðum og fylltum hælum vetrarins.



**Tillitsleysi í umferðinni** Munum að veita gangandi vegfarendum forgang í umferðinni. Nú fer hitastig lækkandi og vindstigum fjölgandi og því ekkert verra en að þurfa að bíða lengi eftir að komast yfir a gangbraut.



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 51902 10/10




Við hjá Icelandair erum stolt af því að hafa tekið þátt í að skapa og styðja við Iceland Airwaves frá upphafi.

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

# tíðin

✻ vertu jákvæð



**JARÐLITIR Á HÖNDUNUM** Naglalökk í hinum ýmsu litum eru skemmtilegir fylgihlutir og hafa vinsældir litríkra naglalakka verið miklar undanfarið misseri. Nú er hins vegar kominn tími til að tóna sig niður í litavalinu og lakka neglurnar í jarðlitum á borð við hermannagrænt, ljósbrúnt og ljósgrátt. Flest snyrtivörumerki bjóða upp á liti í þessum dúr og því ekki seinna vænna en að birgja sig upp.




## ÞORBJÖRN ÞÓRÐARSON, 27 ÁRA

**starfar sem fréttamaður á Stöð 2. Hann er býr í fallegri íbúð við Framnesveg í gamla Vesturbænum og segist líka vel. „Ég hef búið þar í tæpt eitt og hálft ár og mér líkar mjög vel. Það er friður hérna um helgar, en maður er samt aðeins í sjö mínútna göngufæri við miðbæinn, menninguna og mannlífið. Þetta er mitt hverfi.“**



**ÆFINGASKÓRNIR** Ef ég ætti mína eigin prívat líkamsræktarstöð myndi ég æfa berfættur, en á meðan svo er ekki nota ég þessa.



**ÚR FRÁ ARMANI** Ég er mjög hrifinn af úrum, enda eiginlega eini skartgripurinn sem ókvæntir karlmenn geta borið með góðri samvisku. Sölvi vinur minn á eins, en hans er með hvítri skífu.



**GALLABUXUR FRÁ HUGO** Þessar gallabuxur eru frá Hugo og eru slim-fit í sniðinu, sem er eina sniðið sem ég geng í. Ég var alltaf í dimmbláum og á nokkrar þannig, en þessar eru málið. Frábærar við stakan jakka eða bol. Ganga við allt.



**FRELSIÐ** eftir John Stuart Mill. Það er með ólíkindum að Mill hafi skrifað þessa bók árið 1859. Þetta eru tímalaus skrif og viskan drýpur af hverju strái. Frelsið er ranglega flokkað sem biblía einhverra frjálshyggjumanna en ritið á erindi við alla. Þessi bók hafði mikil áhrif á mig.



**JAKKI** Þessi aðsniðni blazer er hluti af jakkafötum. Ég nota hann hins vegar mjög oft stakan við gallabuxur. Allir karlmenn þurfa að eiga flottan stakan jakka.



**MACBOOK** Ég hef alltaf fundið fyrir mjög ríkri þörf fyrir að skrifa. Ég gaf út mitt eigið blað í grunnskóla og ritstýrði skólablöðum bæði í menntaskóla og í háskólanum. Macbook er fyrir hugleiðingar og hugmyndir sem ég fæ þegar ég er ekki á fréttavaktinni.



**IPOD** Þetta er iPod frá árinu 2004. Hann gengur enn, svo ég hef aldrei séð ástæðu til að skipta honum út. Þessi hlunkur sér mér fyrir fögrum tónum þegar ég er heima.



**STÍGVÉL FRÁ SAND** Ég á önnur svipuð frá Boss, en þessi eru klárlega uppáhalds. Það er eitthvað rokk við svona stígvél, en það er samt ákveðinn klassi yfir þeim líka.



**MYNDIN AF AFA JÓNI** Ég er svo heppinn að eiga nóg af góðum fyrirmyndum í kringum mig. Afi minn, Jón Halldórsson, er einn harðasti nagli sem Ísland hefur alið af sér. Hann var hetja sem andaðist 91 árs, þremur mánuðum eftir bankahrunið 2008. Mér þykir mjög vænt um þessa mynd af honum sem var gjöf frá Óla Hilmari, nánum vini mínum og frænda.



**KAFFIVÉLIN** Þegar stóra systir endurnýjaði sína gaf hún mér þessa. Ein af bestu stundum dagsins er yfir góðum latte og dagblöðunum á morgnana.



**Seiðandi söngkona** Eitt af einkennum söngkonunnar Gwen Stefani eru eldrauðar varir.



**Tískutákn** Mary-Kate Olsen fylgist með tískunni.

## ROÐNANDI rauðar varir Í HAUSTINU

Rauðar varir eru nokkuð tímalausar en með upphefð tíunda áratugarins í tískunni hafa hin ýmsu litbrigði rauða varalita farið að láta á sér kræla. Helst mattur og dökkur.

Rósrauður, hárauður, appelsínurauður, rústrauður og rauðbrúnn. Eitthvað fyrir alla. Eitt fljótlegasta förðunarráðið er að skella á sig rauðum varalit og maður er fær í flestan sjó. *- áp*




**Rauðar varir eru málið í vetur.**



**Sæt** Chlóe Sevigny með rauðar varir.

KVENNAFRÍ
25. OKTÓBER 2010
KLUKKAN 14:25


ZIK ZAK OG VESTURPORT KYNNA
★★★★★
Með því stórbrotnasta sem sést hefur.
- DV, J.V.J.
★★★★
Allir í gallana!
- Fréttablaðið, H.V.A.
HAFIÐ GEFUR...
HAFIÐ TEKUR...
BRIM
INGVAR E. SIGURDSSON NINA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARÐARSSON
ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON
VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
ZIK ZAK KVIKMYNDIR OG VESTURPORT KIDFILM KVIKMYNDAMIDSTOD ISLANDS POLISH FILM INSTITUTE & NORDISK FILM OG TV FOND „BRIM"
INGVAR E. SIGURDSSON NINA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARDARSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
BÖRKUR JÓNSSON G. MAGNI ÁGÚSTSSON VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR & EVA LIND HÖSKULDSDÓTTIR INGVAR LUNDBERG & KJARTAN KJARTANSSON MARGRÉT EINARSDÓTTIR ÁSTA HAFÞÓRSDÓTTIR SLOWBLOW
OTTÓ G. BORG ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON INGVAR E. SIGURDSSON NÍNA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARDARSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
JÓN ATLA JÓNASON ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON SKÚLI FR. MALMQUIST GRÍMAR JÓNSSON & VESTURPORT ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON
SMÁRA BÍÓ
NÚ Í BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ


**María Rut Reynisdóttir** segir Airwaves-hátíðina í ár vera þá stærstu sem haldin hefur verið. Margar skemmtilegar hljómsveitir koma fram.

ÞAÐ STYTTIST Í MESTU GLEÐIHELGI ÁRSINS:

# FLOTT NÖFN Í ÁR

Hin vinsæla tónlistarhátíð Iceland Airwaves fer að bresta á með látum og að venju verður úr nægu að velja fyrir áhugasama tónlistaraðdáendur. Hátíðin fer fram dagana 13. til 17. október og er nú þegar orðið uppselt á hana. Þeir sem ekki hafa nælt sér í miða í tæka tíð þurfa þó ekki að örvænta um of því nóg verður um skemmtilega utandagskrárliði.

Meðal þeirra sem fram koma er sænska tónlistarkonan Robyn, en hún er ein vinsælasta söngkona Svía um þessar mundir og sló í gegn árið 2005 með laginu With Every Heartbeat. Vinsældir Robyn urðu enn meiri árið 2008 þegar hún fylgdi Madonnu á Sticky'n' Sweet; tónleikaferðalagi þeirrar síðarnefndu. Robyn þykir sérstaklega hress á sviði og því ættu menn ekki að verða sviknir af tónleikum hennar hér á Íslandi.

Kanadíska tónlistarkonan Basia Bulat treður einnig upp og leikur skemmtilega tónlist í anda Beach Boys og Bítlanna og syngur undir hásri röddu. Stúlkan er einkar fjölhæf og leikur meðal annars á úkulele, banjó, píanó, gítar og saxófón svo fátt eitt sé nefnt. Hún hefur fengið góða dóma víða og meðal annars lofsöng tímaritið Q Magazine hana fyrir fyrstu plötu hennar.



**Robyn er þekktasta stjarnan sem kemur fram á hátíðinni í ár.**

María Rut Reynisdóttir, verkefnastjóri Iceland Airwaves, segir allan undirbúning hafa gengið mjög vel og verður hátíðin með stærra sniði í ár en oft áður. „Það verða fleiri erlend bönd á dagskrá, um 80 talsins, og íslensku böndin verða um 170 talsins. Við vorum að ganga frá „off venue" dagskránni sem verður mjög viðamikil í ár þannig að þeir sem náðu ekki að kaupa miða geta samt sem áður tekið þátt í hátíðinni."

Mikill fjöldi umsókna barst í ár og að sögn Maríu Rutar var erfitt að velja úr öllum umsóknunum. Hún segir mikið af spennandi hljómsveitum koma fram á hátíðinni í ár og segist sjálf mjög spennt fyrir Tunng, Hercules and Love Affair, Toro Y Moi og Moderat. „Svo ætla ég auðvitað að sjá Robyn, sem er stærsta númer hátíðarinnar. Hljómsveitin The Amplifeties er líka mjög skemmtilegt og töff band sem mig langar mikið að sjá."

- sm





**Litaglöð** Um að gera að prufa sig áfram með litasamsetningar eins og Peaches Geldof. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


**Leður** Leðurbuxur og -jakkar eru venjulegur klæðnaður hjá tónleikagestum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Tónleikatíska

Nú er ein stærsta tónleikahátíð á Íslandi, Iceland Airwaves, á næsta leiti og miðborg Reykjavíkur að fyllast af tónlistarunnendum frá hinum ýmsu heimshornum. Tónleikahátíðum fylgir ákveðin tíska og margt sem þykir óvenjulegt í hvunndeginum er leyft undir formerkjum tónleika.

Hattar og gleraugu með engu gleri eru til dæmis algeng sjón á tónleikum. Leðurbuxur, leðurjakkar og annar fatnaður í rokkuðum stíl verður einnig oft fyrir valinu.

Á tónleikahátíðum sumarsins úti í hinum stóra heimi voru blómakjólar, leðurstuttbuxur og síðir bómullarkjólar áberandi hjá stjörnunum og hér í haustkuldanum á Íslandi er vel hægt að taka mið af því og bæta þykkum svörtum sokkabuxum við. Vert er þó að hafa þægindin í fyrirrúmi þegar farið í fjögurra daga tónlistarveislu.

- áp


**Glastonbury** Ögn kaldara veður á Airwaves en á Glastonbury-hátíðinni en stuttbuxur, sokkabuxur og há leðurstígvél eru þægilegur og rokkaður klæðnaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## ASTAXANTHIN OG BLACKCURRANT

frá hinum virta heilsuvöruframleiðanda Higher Nature er öflugt andoxunarefni sem er sérlega gott fyrir húðina. Það eykur úthald skokkara, íþróttafólks og þeirra sem stunda þrekþjálfun, þeir fá síður harðsperrur og finna fyrir minna líkamlegu álagi. Verð: 2.410,-.
**Fæst í Heilsuhúsinu.**




## FÁTT Í JURTAHEIMINUM INNIHELDUR MEIRA AF ANDOXUNAREFNUM EN RESVERATROL.

Ekki er langt síðan áhugi lækna- og vísindasamfélagsins fór að beinast fyrir alvöru að ítrekuðum og mögnuðum rannsóknarniðurstöðum á áhrifum Resveratrols, þær sýndu hvað eftir annað hversu öflugt Resveratrol er gegn öldrun, sem og fjölmörgum sjúkdómum sem nútímalæknavísindi hafa átt erfitt með að koma böndum á.
Verð: 4.580,-.
**Fæst í Heilsuhúsinu.**

## NÝTT Í LYFJU

**1x1 X – Aktive vítamín** freyðitöflur C og B – vítamín blanda með Magnesíum, Taurin, L-carnitine og Koffeini. Þetta vítamín er ætlað til að auka fitubrennslu og til að gefa meiri orku. Taurin er amínósýra sem er mikilvæg vegna niðurbrots á fitu og fituleysanlegum vítamínum og öflugt andoxunarefni.
**1x1 Iso Sport vítamín** freyðitöflur Fjölvítamín án A og D vítamína fyrir íþrótta og athafnafólk. Er ísóntískt sem gefur fljóta og góða virkni þar sem að vítamínin nýtast strax og virka fljótt. Góð blanda af ölum vítamínum og steinefnum.
Hálfgerð bylting varð í framleiðslu leikins efnis fyrir sex árum. Og slík dagskrárgerð fór úr því að verða einstakur viðburður í að verða nánast jafn sjálfsagður hlutur og amerískt afþreyingarefni. „Við vissum alltaf að leikið íslenskt sjónvarpsefni væri vinsælt. Á þessum tíma sköpuðust aðstæður, meðal annars með aðkomu Kvikmyndamiðstöðvar, til að ráðast í svona þáttaraðir,“ útskýrir Pálmi en árið í ár verður engin undantekning; Mér er gamanmál, Spaugstofan, Steindinn okkar, Hlemmavídeó og Pressa, svo eitthvað sé nefnt. Hins vegar fer lítið fyrir umfangsmiklum raunveruleikaseríum eins og oft hefur verið hefð fyrir. „Staðan er bara þannig að allir „dagskrártímar“ eru uppteknir fyrir leikið efni, tíðarandinn kallar bara á slíkt.“ - fgg



EKKERT GEFIÐ EFTIR Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri sjónvarpssviðs, segir Stöð 2 ætla að halda áfram að framleiða vandað leikið íslenskt efni.

SHISEIDO

Sérfræðingur í húðumhirðu

Sjáðu muninn.




Shiseido kremdagar í Debenhams 8.-13. október

Sérfræðingur frá Shiseido veitir alhliða snyrtiráðgjöf

**Verið velkomin!**



Kaupauki: Ef þú kaupir krem eða augnkrem þá fylgir með snyrtitaska* sem inniheldur:

- Bio-Performance Super Corrective Serum 9ml,
- Bio-performance Super Eye Cream 2ml
- The Skincare Rince-off Cleansing Gel 12ml.
- Benefiance Eye Treatment Mask í fullri stærð

*meðan birgðir endast

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# sport

sport@frettabladid.is



**7255** **STUÐNINGSMENN** íslenska U-21 landsliðsins voru fjölmennir á Laugardalsvellinum í gær og studdu strákana af krafti. Fáheyrt er að svo margir mæti á leik með landsliði yngri leikmanna Íslands.

Aron Einar Gunnarsson:

## Mæta í pilsum með leiðindi

**FÓTBOLTI** „Þetta var glæsilegur sigur og það eru allir Íslendingar sem standa með okkur," sagði Aron Einar Gunnarsson, sem átti góðan leik á miðjunni hjá íslenska liðinu. „Við vorum þungir og stressaðir í byrjun leiks en náðum svo að finna okkar leik. Þetta er frábært lið og það er mögnuð stemmning í hópnum."

Skotarnir leika mjög varnarsinnaða knattspyrnu og er Aron ekkert sérstaklega hrifinn af þeirra leik. „Þetta er ekki skemmtilegasta liðið sem maður mætir. Þeir mæta í pilsum og eru með leiðindi. Við erum með miklu betra knattspyrnulið en þeir. Við leystum þetta frábærlega og getum verið stoltir af okkar frammistöðu." - jjk

Bjarni Þór Viðarsson:

## Hefðum átt að skjóta meira

**FÓTBOLTI** „Það var mjög mikilvægt fyrir okkur að vinna þennan leik. Það tók okkur smá tíma að leysa varnarvinnuna hjá Skotum og vorum ekki nógu fljótir að dæla boltanum út á kantana en um leið og það gekk upp opnaðist leikurinn," sagði fyrirliðinn Bjarni Þór Viðarsson þegar 2-1 sigur var í höfn.

„Það var mikill léttir að ná að jafna leikinn og við skoruðum tvö frábær mörk í þessum leik. Við hefðum átt að skjóta meira á skoska markvörðinn því hann virkaði ekki öruggur." - jjk



**Ísland 2-1 Skotland**

Laugardalsv., áhorf.: 7.255 — Hendrikus Bas Nijhus (6)

*0-1 Jamie Murphy (19.)*
*1-1 Jóhann Berg Guðmundsson (34.)*
*2-1 Almarr Ormarsson (78.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15-5 (8-2) |
| Varin skot | Arnar 1 – Martin 6 |
| Horn | 6–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–10 |
| Rangstöður | 4–3 |



**SIGURMARKINU FAGNAÐ** Landsliðsstrákarnir fagna þrumufleyg Almars Ormarssonar sem skoraði sigurmark Íslands í gær, skömmu eftir að hann kom inn á sem varamaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Naumt veganesti til Skotlands

**Þrumufleygur Almars Ormarssonar færði U-21 liði Íslands eins marks forskot í rimmunni við Skota. Ísland hefði að ósekju mátt vinna stærri sigur enda mun sterkara liðið þó svo að það hafi ekki sýnt sitt besta í gær.**

**FÓTBOLTI** Síðari leikur Íslands og Skotlands í umspili EM verður afar áhugaverður eftir 2-1 sigur Íslands á Laugardalsvellinum í gær. Ísland stýrði leiknum frá upphafi en vel skipulagðir Skotar stóðu vaktina vel í vörninni.

Það var ljóst strax frá byrjun hver skipun Billy Stark, þjálfara Skota, var. Liðið átti að verjast og fara með ágæta stöðu í síðari leikinn. Íslenska liðið tók því völdin strax í upphafi, strákarnir mjög sprækir til að byrja með og gekk ágætlega að opna skosku vörnina. Þeir fengu ágætis færi og markið lá í loftinu.

Þá dundi áfallið yfir. Saklaus skalli í átt að íslensku vörninni sem Hólmar Örn átti að ráða við. Hann hitti ekki boltann og Jamie Murphy slapp einn í gegn. Hann lét vaða á nærstöngina og inn fór boltinn án þess að Arnar Darri hreyfði sig í markinu. Skelfileg mistök hjá Hólmari og Arnar Darri hefði getað gert betur. Mark algjörlega gegn gangi leiksins úr fyrsta skoti Skota í leiknum.

Íslensku strákarnir létu markið ekki slá sig út af laginu og héldu áfram að sækja. Skotarnir voru afar þéttir fyrir og bökkuðu enn aftar eftir markið. Stórskotaárás íslenska liðsins bar loks árangur á 34. mínútu. Birkir átti magnaðan sprett upp hægri kantinn og gaf boltann fyrir þar sem Skotarnir hreinsuðu frá. Jóhann Berg beið fyrir utan teiginn og smellti boltanum viðstöðulaust í netið. Glæsilegt mark.

Það var greinilega þungu fargi létt af íslensku strákunum að ná inn langþráðu marki. Svo mikið var liðinu létt að það slakaði allt of mikið á og hætti að sækja af sama krafti og áður. 1-1 í hálfleik.

Hálfleiksræða Eyjólfs þjálfara virkaði ekki sem skyldi því það var sama slenið yfir liðinu í síðari hálfleik. Leikur liðsins var allt of kraftlaus. Það virtist vanta allt malt í strákana eins og stundum er sagt. Sóknarleikur liðsins hægur og fyrirsjáanlegur og vel skipulögð vörn Skota var ekki í neinum vandræðum. Leikmenn þess utan að nota allt of margar snertingar á bolta og það hjálpaði ekki til.

Eyjólfur gerði aðeins eina skiptingu í leiknum og hún var heldur betur árangursrík. Almarr Ormarsson kom af bekknum og hann skoraði glæsilegt mark algjörlega upp úr þurru. Fékk boltann fyrir utan teig, lét vaða og boltinn söng efst í markhorninu. Á þessum kafla var ekkert að gerast í sóknarleik íslenska liðsins og fátt sem benti til þess að íslenska liðið væri að fara að skora. Gæðin í liðinu eru þó mikil eins og sást best í þeim glæsilegu mörkum sem strákarnir skoruðu.

Ísland fer með 2-1 forskot í síðari leikinn, sem er lítið veganesti. Íslenska liðið sýndi aftur á móti i gær að það er talsvert sterkara en þetta skoska lið þó svo að strákarnir hafi ekki alveg sýnt allar sínar bestu hliðar að þessu sinni. Þeir fengu þó færi í leiknum til þess að gera betur og það er eiginlega grátlegt að liðið fari aðeins með eins marks forskot í síðari leikinn miðað við færin sem þó komu.

Með þokkalega eðlilegum leik úti í Skotlandi fer Ísland samt áfram í lokakeppni Evrópumótsins. Ég er sannfærður um það enda liðið einfaldlega gott. **henry@frettabladid.is**

## Einkunnir íslenska landsliðsins gegn Skotlandi

| | |
|---|---|
| **Arnar Darri Pétursson** | **4** |
| Reyndi nákvæmlega ekkert á hann nema þegar Skotar skoruðu. Þar átti hann að gera betur. Spyrnur ekkert sérstakar. | |
| **Skúli Jón Friðgeirsson** | **4** |
| Lenti á stundum í vandræðum og var með slakar sendingar oft á tíðum. Getur betur. | |
| **Hólmar Örn Eyjólfsson** | **3** |
| Alls ekki hans dagur. Gaf mark sem og tvær hættulegar aukaspyrnur fyrir utan teig. Var í vandræðum með að standa í lappirnar og fann sig aldrei. | |
| **Eggert Gunnþór Jónsson** | **7** |
| Leysti Jón Guðna af með sóma. Öruggur í sínum aðgerðum og hreinsaði oft vel upp eftir Hólmar. | |
| **Hjörtur Logi Valgarðsson** | **5** |
| Lét lítið fyrir sér fara og fallegu fyrirgjafirnar hans voru í fríi. Hefði mátt koma meira með fram og gefa fyrir. | |
| **Aron Einar Gunnarsson** | **6** |
| Traustur í hlutverki aftasta manns og var ekkert að reyna of mikið. | |
| **Bjarni Þór Viðarsson** | **6** |
| Týndur lengi framan af en vann sig ágætlega inn í leikinn. | |
| **Birkir Bjarnason** | **5** |
| Byrjaði virkilega vel og átti stóran þátt í fyrra markinu. Hvarf síðan algjörlega sjónum. | |
| **Jóhann Berg Guðmundsson** | **7 – Maður leiksins** |
| Virkilega sprækur og duglegur. Átti margar sendingar fyrir sem félagar hans hefðu mátt nýta betur. Skoraði þess utan glæsilegt mark. | |
| **Gylfi Þór Sigurðsson** | **6** |
| Átti nokkrar fínar rispur en datt aldrei almennilega í gang. Var að reyna að axla ábyrgð og gera hlutina sjálfur með litlum árangri. Átti þó margar fínar spyrnur sem sköpuðu usla. | |
| **Kolbeinn Sigþórsson** | **6** |
| Hörkuduglegur og ógnandi. Átti nokkra ágæta skalla sem fóru ekki í markið. | |
| **Varamenn:** | |
| Almarr Ormarsson fyrir Birki Bjarnason á 73. mínútu. | - |

Eyjólfur Sverrisson segir að það hafi verið léttir að hafa unnið Skota í gær:

# Erum með betra lið en Skotar

**FÓTBOLTI** „Það er mikill léttir að klára leikinn með sigri eftir að hafa lent undir," sagði Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari U-21 landsliðsins í leikslok eftir 2-1 sigur gegn Skotum á Laugardalsvelli. Liðið er nú í dauðafæri að tryggja sig inn á Evrópumót landsliða næsta sumar.

„Það var eins og strákarnir fengju smá sjokk við markið hjá Skotum. Við vorum óþolinmóðir og reyndum að vinna boltann strax í stað þess að sýna skynsemi. Liðið sýndi hins vegar karakter og missti ekki trúna. Við sýndum flottan fótbolta í þessum leik og áttum sigurinn fyllilega skilinn."

Eyjólfur er ekki í vafa um að íslenska liðið sé betra en það skoska. „Ég tel okkur vera með mun betra lið. Ég er búinn að sjá ellefu leiki með þeim og þeir spila alltaf eins. Við getum varist vel í seinni leiknum og erum með gríðarlega ógn framar á vellinum. Þegar við erum með boltann munum við sækja af krafti. Núna er hálfleikur og við búum okkur vel undir seinni leikinn."



**ÞJÁLFARANUM LÉTT** Eyjólfur Sverrisson gat leyft sér að anda léttar eftir sigur Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Almarr Ormarsson átti frábæra innkomu í gær og skoraði sigurmark Íslands. „Ég held að þetta hljóti að vera mark ferilsins. Þetta var mögnuð stund fyrir mig. Ég þarf að nýta þau tækifæri sem ég fæ og gerði það svo sannarlega í þessum leik. Við erum með svakalegt lið og allir þeir sem eru að leika fyrir framan vörnina eru að leika með sterkum liðið erlendis. Ég er því mjög sáttur með þau tækifæri sem ég fæ og á örugglega eftir að fara nokkrum sinnum í gegnum þetta mark í huganum," segir Almarr og var landsliðsþjálfarinn ánægður með þessa draumaskiptingu. „Almarr var á heimavelli og er heitur á Laugardalsvellinum." - jjk

Markvörður Keflvíkinga kemur best út úr tölfræði markvarða Pepsi-deildar karla á nýloknu tímabili:

# Ómar fékk á sig fæst mörkin í sumar

**FÓTBOLTI** Ómar Jóhannsson, markvörður Keflavíkur, kemur best út úr tölfræðinni af markmönnum Pepsi-deildar karla í sumar. Ómar lék 14 leiki með Keflavík og fékk aðeins 12 mörk á sig, sem gera aðeins 0,86 mörk í leik. Hann er bæði sá markvörður sem fékk á sig fæst mörk í leik og sá markvörður sem varði hlutfallslega best. Fréttablaðið tók saman varin skot í sumar.

Ómar varði 81,5 prósent skota sem á hann komu í þessum fjórtán leikjum og var þar rétt á undan markverði Íslandsmeistara Breiðabliks, Ingvari Þór Kale. Ingvar varði 80,8 prósent skotanna sem á hann komu en Ingvar var sá markvörður sem kom best út úr einkunnagjöf Fréttablaðsins og markvörður Blika er í tveimur efstu sætunum á öllum tölfræðilistum markvarðanna í sumar.

Ingvar var sá markvörður sem varði flest skot samtals (97) en Haukamarkvörðurinn Daði Lárusson varði hins vegar flest skot í leik eða 4,45 skot í leik í þeim 20 leikjum sem hann spilaði. Ingvar er þar í öðru sæti með 4,41 skot varin í leik. Hann er líka sá markvörður sem hélt oftast hreinu í sumar eða átta sinnum. Lars Ivar Moldsked, markvörður KR, hélt einnig átta sinnum hreinu en einn af þeim leikjum var þegar hann fékk að líta rauða spjaldið á 13. mínútu.

Ómar Jóhannsson hélt fimm sinnum marki sínu hreinu, þar af voru tveir leikir þar sem hann þurfti að yfirgefa völlinn vegna meiðsla. Meiðsli settu mikinn svip á sumarið hjá Ómari sem missti bæði úr leiki um mánaðamótin maí-júní sem og í ágúst.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, talaði mikið um slæm áhrif þess að missa aðalmarkvörð sinn í meiðsli og tölfræðin sýnir það og sannar. Keflavíkurliðið fékk þannig 19 mörk á sig í þeim 10 leikjum sem Ómar spilaði ekki í sumar og aðeins einn markvörður fékk á sig fleiri mörk að meðaltali en Lasse Jörgensen af þeim markmönnum deildarinnar sem náðu að spila fimm leiki eða fleiri. - óój



**ÓMAR JÓHANNSSON** Varði vel í marki Keflavíkur í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ROY HODGSON** Fær að stýra Liverpool úr þeim ógöngum sem liðið er í. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Starf Hodgsons ekki í hættu:

## Hodgson getur andað léttar

**FÓTBOLTI** Hinir væntanlegu eigendur Liverpool hafa fullvissað knattspyrnustjóra liðsins, Roy Hodgson, um að hann verði áfram stjóri liðsins er þeir taki við stjórnartaumunum.

Eigendur bandaríska hafnaboltaliðsins Boston Red Sox eru við það að eignast enska knattspyrnufélagið eftir að tilboð upp á 300 milljónir punda var samþykkt.

Núverandi eigendur ætla reyndar að fara með söluna fyrir dómstóla þannig að það er ekki alveg útséð með að þessi sala gangi í gegn.

Liverpool hefur byrjaði leiktíðina herfilega og liðið er í fallsæti eftir sjö umferðir. Þrátt fyrir það stendur ekki til að reka Hodgson.

„Nýju eigendurnir eru ánægðir með Hodgson og telja hann rétta manninn til framtíðar. Þeir tala fjálglega um að eyða í leikmenn enda vilja þeir vinna titla. Ég held þeir muni standa við þessi loforð og koma félaginu aftur í fremstu röð,“ sagði Martin Broughton, stjórnarformaður félagsins. - hbg

Breytingar hjá Grindavík:

## Auðun og Grétar á förum

**FÓTBOLTI Grindavík verður án þeirra Auðuns Helgasonar og Grétars Ólafs Hjartarsonar í Pepsi-deildinni næsta sumar.**

**Knattspyrnudeild Grindavíkur komst að samkomulagi við Auðun um starfslok í gær. Auðun hafði leikið í eitt ár með liðinu og átti eitt ár eftir af samningi sínum við félagið. Hann lék 21 leik með liðinu í sumar og skoraði eitt mark.**

**Knattspyrnudeildin ætlar síðan ekki að framlengja samninginn við framherjann Grétar Ólaf, sem hefur lengstum leikið með Grindavík.**

**Grétar hefur átt við erfið meiðsl að stríða undanfarin ár en var allur að koma til í sumar og kemur það talsvert á óvart að Grindavík hafi ekki áhuga á að halda honum.** - hbg





Goran Micic íþróttafræðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

**Superform matartaska**

Matartaskan inniheldur allan mat sem þú þarft yfir daginn og er útbúin sérstaklega af Goran fyrir þig með þína orkuþörf í huga og tryggir þér þannig hámarks árángur í ræktinni.



**Vilt þú:**
- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Kenndir eru 5 tímar á viku og kemst takmarkaður fjöldi að. Þáttakendur fá persónulega næringaráðgjöf hjá Goran og ráðgjöf við matarinnkaup. Boðið er upp á frítt herðanudd í pottum eftir hverja æfingu.

**Þitt er valið:**

| 4 vikna námskeið | 6 vikna námskeið | 8 vikna námskeið |
|---|---|---|
| Verð án matartösku: 29900.- | Verð án matartösku: 39900.- | Verð án matartösku: 49900.- |
| Verð með matartösku: 59900.- | Verð með matartösku: 89900.- | Verð með matartösku: 119900.- |

Námskeiðið er hægt að greiða með léttgreiðslum til þriggja mánaða. Námskeiðið hefst 7. apríl en þú getur byrjað núna!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is

GrandSpa

## ÚRSLIT

### N1-deild karla

| | |
|---|---|
| **Akureyri-Afturelding** | **28-23 (15-12)** |

**Mörk Akureyrar (skot)**: Bjarni Fritzson 9/4 (12/5), Guðmundur Hólmar Helgason 5 (11), Oddur Gretarsson 5 (11), Geir Guðmundsson 4 (5), Hörður Fannar Sigþórsson 3 (4), Heimir Örn Árnason 2 (4).
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 16/2 (39/5, 41%).
**Hraðaupphlaup**: 5 (Heimir 2, Oddur, Bjarni, Hörður,).
**Fiskuð víti**: 5 (Guðmundur 2, Heimir, Oddur, Hörður).
**Utan vallar**: 14 mínútur.
**Mörk Aftureldingar (skot)**: Arnar Theódórsson 5 (8/1), Ásgeir Jónsson 4 (4), Eyþór Vestmann 3 (13), Bjarni Aron Þórðarson 3 (16), Jón Andri Helgason 2 (2), Reynir Árnason 2 (2), Þorlákur Sigurjónsson 2 (3), Fannar Rúnarsson 1 (1), Jóhann Jóhannsson 1/1 (7/3).
**Varin skot**: Hafþór Einarsson 12 (31, 39%), Smári Guðfinnsson 2 (11/1, 18%).
**Hraðaupphlaup**: 6 (Ásgeir 2, Eyþór, Jón, Þorlákur, Fannar).
**Fiskuð víti**: 3 (Jóhann 2, Bjarni).
**Utan vallar**: 8 mínútur.
**Dómarar**: Gísli Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson.

| | |
|---|---|
| **HK-Fram** | **33-29** |
| **Selfoss-Valur** | **32-30** |

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akureyri** | 2 | 2 | 0 | 0 | 69-52 | 4 |
| FH | 1 | 1 | 0 | 0 | 34-24 | 2 |
| **Haukar** | 1 | 1 | 0 | 0 | 30-26 | 2 |
| Fram | 2 | 1 | 0 | 1 | 62-60 | 2 |

### IE-deild karla

| | |
|---|---|
| **KR-Stjarnan** | **108-90 (56-42, 86-86)** |

**Stig KR**: Brynjar Þór Björnsson 23, Pavel Ermolinskij 22 (14 fráköst, 11 stoðsendingar), Ólafur Már Ægisson 13, Fannar Ólafsson 10, Hreggviður Magnússon 9, Finnur Atli Magnússon 9, Jón Orri Kristjánsson 8, Marcus Walker 7, Skarphéðinn Freyr Ingason 4, Martin Hermannsson 3.
**Stig Stjörnunnar**: Justin Shouse 21 (7 stoðsendingar), Fannar Freyr Helgason 17 (9 fráköst), Kjartan Atli Kjartansson 17, Marvin Valdimarsson 11, Jovan Zdravevski 10 (9 stoðsendingar, 5 stolnir), Birgir Björn Pétursson 7 (10 fráköst), Guðjón Lárusson 4, Birkir Guðlaugsson 2, Ólafur Aron Ingvason 1.

| | |
|---|---|
| **Keflavík-ÍR** | **88-77 (50-47)** |

**Stig Keflavíkur**: Gunnar Einarsson 24, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 19 (7 fráköst), Hörður Axel Vilhjálmsson 16 (9 stoðsendingar), Gunnar H. Stefánsson 11, Elentínus Margeirsson 8, Þröstur Leó Jóhannsson 6 (7 fráköst), Jón Nordal Hafsteinsson 4.
**Stig ÍR**: Kelly Biedler 21 (8 fráköst), Vilhjálmur Steinarsson 19, Nemanja Sovic 17 (9 fráköst), Karolis Marcinkevicius 9 (6 fráköst), Hjalti Friðriksson 6, Níels Dungal 4, Ásgeir Örn Hlöðversson 1.

| | |
|---|---|
| **KFÍ-Tindastóll** | **85-70** |

**Stig KFÍ**: Nebojsa Knezevic 17, Carl Josey 14 (6 fráköst), Craig Schoen 13 (9 fráköst, 6 stoðsendingar), Ari Gylfason 13, Edin Suljic 12, Daði Berg Grétarsson 7, Darco Milosevic 5, Pance Ilievski 4.
**Stig Tindastóls**: Josh Rivers 18, Dragoljub Kitanovic 14 (5 fráköst), Halldór Halldórsson 12 (6 fráköst), Helgi Freyr Margeirsson 9, Dimitar Petrushev 7, Hreinn Gunnar Birgisson 4, Helgi Rafn Viggósson 4 (7 fráköst), Radoslav Kolev 2.

# KR-sigur í framlengingu

**KR vann sigur á Stjörnunni í fyrstu umferð Iceland Express deild karla í gær í framlengdum leik, 108-90. KR var með undirtökin lengst af en Stjörnumenn gáfust aldrei upp. Þeir áttu hins vegar aldrei möguleika í framlengingunni.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar unnu virkilega fínan sigur á Stjörnunni í fyrstu umferð Iceland Express deild karla í DHL-höllinni í gær. Framlengja þurfti leikinn en KR-ingar voru sterkari og unnu 108-90 í hörkuleik.

Stjarnan byrjaði leikinn vel og komust í 4-0 en þá tóku KR-ingar öll völd á vellinum og spiluðu gestina sundur og saman í fyrri hálfleik. Staðan í hálfleik var 56-42 og Stjörnumenn vart vaknaðir.

Þegar líða tók á síðari hálfleikinn fóru heimamenn aðeins að gefa eftir og hleyptu Stjörnunni aftur inn í leikinn. Staðan var 75-62 fyrir KR eftir þrjá leikhluta en það sást á leik gestanna að þeir voru hvergi nærri hættir.

Fjórði leikhlutinn var æsispennandi og Stjörnumenn héldu áfram að saxa á forskot KR-inga. Gestirnir náðu að jafna leikinn 84-84 þegar lítið var eftir og komust síðan yfir í næstu sókn. Þegar um tíu sekúndur voru eftir af venjulegum leiktíma nær Brynjar Þór Björnsson, leikmaður KR, að fiska villu á gestina og jafnar leikinn á vitapunktinum. Framlengja þurfti leikinn og það var strax ljóst á fyrstu mínútu framlengingarinnar að gestirnir höfðu notað alla sína orku í að jafna leikinn. KR-ingar rúlluðu yfir Stjörnumenn í Framlengingunni og unnu öruggan sigur 109-90.

Pavel Ermolinskij átti stórkostlegan leik fyrir KR-inga. Hann skoraði 22 stig, náði 14 fráköstum og gaf 11 stoðsendingar.

,,Við gerðum okkur þetta allt of erfitt fyrir,“sagði Pavel Ermolinskij ,leikmaður KR, eftir leikinn í gær.

,,Þetta er bara orðin allt of gömul saga hjá okkur að ná ekki að halda forystunni. Við komust tuttugu stigum yfir en hleypum þeim samt aftur inn í leikinn. Við verðum bara að vinna í einbeitingunni hjá okkur og þá á þetta að vera í lagi,“ sagði Pavel.


**ÖFLUGUR** Pavel Ermolinskij átti stórleik fyrir KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

,,Við vorum algjörlega með leikinn í hendi okkar í fyrri hálfleik og vorum að spila á okkar hraða. Þeir áttu engin svör við leik okkar í byrjun en þegar þeir fara aðeins að sýna klærnar þá dettum við allt of mikið til baka og þeir komast inn í leikinn. Síðan í framlengingunni vöknum við og náum að klára leikinn,“ sagði Pavel nokkuð sáttur að leikslokum.

Teitur Örlygsson var allt annað en sáttur við spilamennsku sinna manna í leiknum í gær.

,,Við hefðum alveg getað stolið þessum leik í lokin á venjulegum leiktíma og það er kannski það eina sem ég er ánægur með frá leiknum í kvöld,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, eftir leikinn í gærkvöldi.

,,Það er með hreinum ólíkindum hvernig við náðum að vera inni í þessum leik og það er kannski það sem ég er stoltastur af hjá mínum leikmönnum, en þeir gáfust aldrei upp,“ sagði Teitur.

,,Þeir gátu skotið alls staðar á vellinum vegna þess að við komum ekki tilbúnir. Síðan vinnum við okkur inn í leikinn og hefðum með smá heppni getað unnið hér í kvöld, en hvort það hefði verið sanngjarnt, það get ég ekki samþykkt,“ sagði Teitur svekktur eftir leikinn í gærkvöldi. **- sáp**

Akureyringar lögðu Mosfellinga með fimm marka mun norðan heiða í gær:

# Akureyri stóðst áhlaup nýliðanna

**HANDBOLTI** Það tók Akureyringa langan tíma að klára baráttuglaða Mosfellinga í N1-deild karla í handbolta í gær. Þeir unnu 28-23 en hleyptu nýliðunum ansi nálægt sér í seinni hálfleik.

Akureyringar náðu ekki upp aðalsmerki sínu, hröðum sóknum, og komust ekki á flug fyrr en í upphafi seinni hálfleiks. Afturelding byrjaði betur en jafnræði var með liðunum lengst af í fyrri hálfleik. Staðan var 15-12 í hálfleik.

Akureyri komst í 21-13 í upphafi þess síðari en gestirnir minnkuðu muninn í 24-21 og gátu skorað en Sveinbjörn varði vel. Akureyri gekk á lagið og kláraði leikinn, lokatölur 28-23.

Lið Akureyrar spilaði ágætan varnarleik en kæruleysi gerði oft vart við sig í sókninni. Liðið tók oft rangar ákvarðanir en var þó aldrei líklegt til að tapa leiknum. Atli Hilmarsson fer vel af stað með liðið en Bjarni Fritzson var frábær í gær eins og gegn HK. Hann skoraði níu mörk en Oddur Gretarsson var einnig góður.

Afturelding er með óslípað lið og verður gaman að sjá hverju Gunnar Andrésson nær út úr liðinu. Menn eins og Bjarni Aron og Eyþór hafa augljóslega hæfileika en þurfa rétta leiðsögn. Liðið er villt og eðlilega skortir það reynslu. Það varð liðinu að falli í gær.

„Þetta var fínt, ég klikkaði á einu víti og einu hraðaupphlaupi en það gerist,“ sagði Bjarni áður en Hafþór markmaður Aftureldingar greip inn í. „Þetta eru fáránleg skot hjá þér úr vítunum, það er ótrúlega óþægilegt að fá þetta á sig,“ sagði Hafþór kíminn og uppskar glott frá Bjarna.


**ODDUR GRÉTARSSON** Skoraði fimm mörk fyrir Akureyri gegn nýliðunum úr Mosfellsbær í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við getum klárlega bætt mikið í okkar leik, kæruleysi og rangar ákvarðanir voru áberandi. Við kláruðum þetta og það er það sem skiptir máli. Það vantaði flæði í sóknina og það má laga margt bæði í vörninni og sókninni,“ sagði Bjarni.

„Við mættum ekki tilbúnir í seinni hálfleikinn og þeir ná góðu forskoti,“ Gunnar Andrésson. „Það var hrikalegt en eftir að ég lét þá heyra það í leikhléi batnaði þetta. Munurinn á liðunum var ekkert stórkostlegur fyrir utan þessar mínútur, við eigum miklu meira inni. Við gerðum allt of mörg mistök og góð lið refsa fyrir það. En það er margt jákvætt í þessu líka og menn þurfa bara smá tíma til að átta sig á því að þetta er barátta upp á líf og dauða í 60 mínútur alla leiki í þessari deild,“ sagði Gunnar. **- hþh**


SKOÐUNAR-
MYNDAVÉL
N1

16108803AL
Þráðlaus 9mm
myndavél með barka
og 3,5" LCD skjá
Tilboðsverð
39.900 kr.
N1 VERSLANIR WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000 Meira í leiðinni




Munum eftir að kveikja útiljósin!
Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín á næturnar til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.
Með fyrirfram þökk,
Pósthúsið
dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga
Blöð og tímarit
Bréfasendingar
Markpóstur
Fjölpóstur
Vörudreifing
Plöstun blaða og nafnamerking
Póst húsið
Við látum það berast
Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft…


www.ellingsen.is
Allt fyrir veturinn
Glæsilegt úrval Columbia, Devold og Didriksons vetrar- og útivistarfatnaðar fyrir alla fjölskylduna. Komdu í Ellingsen og klæddu þig vel.
NÚ KÓLNAR Í VEÐRI
Columbia Sportswear Company
DÖMUR
Alpine Attitude™ dúnúlpa
Einstaklega hlý úlpa fyrir veturinn. Omni-Heat® fóðrun, Omni-Shield® vatnsvörn, góð öndun og renndir vasar. 80% andadúnn, 20% fjaðrir.
Verð 39.900 kr.
Columbia Traverse flíspeysa
Hlý og góð flíspeysa með Omni-Shield® skel, hettu og renndum vösum.
Verð 22.990 kr.
Columbia Shastalavista Omni-Tech® gönguskór
Ökklaháir gönguskór með Omni-Tech® vatnsheldni og góðri öndun. Hannaðir fyrir útivist í hvaða landslagi sem er.
Verð 29.990 kr.
Columbia Sportswear Company
HERRAR
Columbia Alaskan II dúnúlpa
Hlý dúnúlpa með renndum vösum, Omni-Heat® fóðrun og Omni-Shield™ vatnsvörn. 90% gæsadúnn, 10% fjaðrir.
Verð 49.990 kr.
Columbia Venture Route® III úlpa
Góð úlpa fyrir veturinn. Vatnsheld með Omni-Shield® skel og góðri öndun, renndir vasar og hetta sem hægt er að taka af.
Verð 26.990 kr.
Columbia Shastalavista™ gönguskór
Ökklaháir gönguskór með Omni-Tech® vatnsheldni og Omni-Grip® gúmmísóla. Hannaðir fyrir útivist í hvaða landslagi sem er.
Verð 29.990 kr.
Reykjavík
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16
Akureyri
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánudag–föstudag 8–18
Laugardag 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

## > Liam Neeson

„Suma morgna vakna ég og hugsa „Vá, hvað ég lít fáránlega vel út í dag.“ Aðra daga hugsa ég „Hvað í fjandanum er ég eiginlega að gera í kvikmyndum? Ég ætti fara aftur til Írlands og vinna á traktor.“

***Liam Neeson leikur fyrrverandi leyniþjónustumann í hinni hörkuspennandi mynd Taken, sem er á dagskrá Stöðvar 2 kl 23.10 í opinni dagskrá í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR FINNUR SIG Í MIÐJUNNI

# Fullkominn ófullkomleiki

Hefðbundnir amerískir fjölskylduþættir hafa mér þótt sérstaklega leiðinlegir. Þættir eins og „According to Jim“ eða „Everybody Loves Raymond“ fóru í taugarnar á mér því fjölskyldufaðirinn var ófríður, ánægður með sig og óþolandi. Frúin sá um að reka heimilið og þrætuefnin milli hjónanna voru klisjukennd. Ég gerði mér því engar vonir þegar ég sá enn einn slíkan þáttinn auglýstan, „The Middle“, enda fór frúin úr Everybody Loves Raymond með aðalhlutverkið í þessum nýja.

Eftir fyrsta þáttinn var ég hins vegar fallin fyrir þessari amerísku miðstéttarfjölskyldu. Aðallega vegna þess hve ófullkomin hún er og miklu nær raunveruleikanum en aðrar fjölskyldur sem ég hef kynnst á skjánum.



Hjónin vinna bæði úti, eiga þrjú börn, búa í venjulegu húsi sem þarfnast viðhalds og brasa við að ná endum saman. Barnauppeldi með fullri vinnu tekur sinn toll og í þessum þáttum er frúin með bauga undir augum. Ósofin gleymir hún foreldraviðtölum, ruglar saman vikudögum og mætir viku og seint eða of snemma á skólasýningar. Hún vinnur á bílasölu og hefur ekki selt bíl síðan ég byrjaði að fylgjast með, en með æðruleysi og húmor tekst hún á við hvert það vandamál sem upp kemur og þau eru ófá. Þau hjónin virðast jafningjar og þrætuefnin þeirra á milli eru fyndin og fara ekki í taugarnar á mér. Mér finnst ég næstum því geta tilheyrt þessari fjölskyldu og bíð spennt eftir næsta þætti.

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Sonja Zorilla**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fræknir ferðalangar** (66:91)
**17.55 Frumskógarlíf** (2:13)
**18.00 Manni meistari** (18:26)
**18.30 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Í þessum þætti mætast lið Álftaness og Reykjanesbæjar.



**21.20 Ósigrandi** (Invincible) Bandarísk bíómynd frá 2006 byggð á sögu Vince Papale, þrítugs barþjóns í Philadelphiu sem lék með ruðningsliði Eagles árið 1976.
**23.05 Taggart – Yfir strikið** (Taggart - Crossing the Line) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.55 4 mánuðir, 3 vikur og 2 dagar** (4 luni, 3 saptamâni si 2 zile) Rúmensk bíómynd frá 2007 um konu sem hjálpar vinkonu sinni að eyða fóstri með ólöglegum hætti í Rúmeníu á níunda áratug síðustu aldar. Myndin hefur unnið til fjölda verðlauna og hlaut meðal annars Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes. (e)
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Boowa and Kwala, Boowa and Kwala, Lalli, Hvellur keppnisbíll, Kalli litli Kanína og vinir
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.05 Mercy** (1:22)
**11.50 Glee** (16:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (4:4)
**13.50 La Fea Más Bella** (250:300)
**14.35 La Fea Más Bella** (251:300)
**15.25 Wonder Years** (15:17)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Tommi og Jenni
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (10:25)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.20 The Simpsons** (17:21)
**19.45 Auddi og Sveppi** Frábær skemmtiþáttur þar sem félagarnir eru með allskyns skrautleg uppátæki og allt er leyfilegt.
**20.15 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann. Hann hefur einstakt lag á að fá vel valda og landsþekkta viðmælendur sína til að sleppa fram af sér beislinu. Þá er boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur. Fyrir vikið er þátturinn fullkomin uppskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna.
**21.25 Yes Man** Gamanmynd sem fjallar um Carl Allen sem finnst líf hans standa í stað. Hann ákveður því að skrá sig á sjálfshjálparnámskeið og lærir að segja já við öllu.
**23.10 Taken** Hörkuspennendi mynd með Liam Neeson í hlutverki fyrrverandi leyniþjónustumanns.
**00.45 Forgetting Sarah Marshall** Sprenghlægileg gamanmynd um rómantíska kvikmyndaskáldið Peter sem sér ekki sólina fyrir kærustu sinni Söruh Marshall.
**02.35 Across the Universe** Mögnuð ástarsaga sem byggð er utan um bestu lög Bítlanna.
**04.45 A Mighty Heart** Áhrifamikil sannsöguleg mynd með Angelinu Jolie í aðalhlutverki Mariane Pearl.

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Ísland - Skotland** (e)
**18.10 PGA Tour Highlights**
**19.05 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**19.30 Á vellinum**
**20.00 Grillhúsmótið** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
**20.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**21.10 F1: föstudagur**
**21.40 World Series of Poker 2010** Main Event þar sem allir sterkustu spilarar heims koma saman.
**22.30 European Poker Tour 5** Sýnt frá Evrópumótaröðinni í póker en að þessu sinni er spilað í Dortmund.
**23.20 European Poker Tour 5** Sýnt frá Evrópumótaröðinni í póker en að þessu sinni er spilað í Dortmund.
**00.15 Gunnar Nelson í BAMMA 4**



**01.55 Formúla 1 - Æfingar** Sýnt beint frá æfingum liðanna.
**04.45 Formúla 1 2010** Bein útsending frá tímatökunni í Japan.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Sunnudagsmessan**
**17.00 Sunderland - Man. Utd** Enska úrvalsdeildin.
**18.45 Stoke - Blackburn** Enska úrvalsdeildin.
**20.30 Ensku mörkin 2010/11**
**21.00 PL Classic Matches: Liverpool - Chelsea, 1997**
**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu hliðum.
**22.00 Football Legends - Müller** Næstur í röðinni af bestu knattspyrnumönnum samtímans er enginn annar en Gerd Müller.
**22.30 PL Classic Matches: Man. United - Middlesbrough, 1996**
**23.00 Tottenham - Aston Villa** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (4:14) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (4:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Rachael Ray**
**17.25 Dr. Phil**
**18.05 Friday Night Lights** (5:13) (e)
**18.55 How To Look Good Naked 4** (2:12) (e)
**19.45 Family Guy** (3:14) (e)
**20.10 Bachelor** (9:11) Það er komið að úrslitastundinni. Jason verður að gera upp hug sinn og velja þá konu sem hann elskar.



**21.40 Last Comic Standing** (5:14) Grínistar berjast með húmorinn að vopni.
**22.25 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny** (4:8) Breskur gamanþáttur.
**22.50 Hæ Gosi** (2:6) (e)
**23.20 Sordid Lives** (5:12) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegar konur í smábæ í Texas.
**23.45 Secret Diary of a Call Girl** (1:8) (e)
**00.15 Law & Order: Special Victims Unit** (9:22) (e)
**01.05 Whose Line is it Anyway** (5:20) (e)
**01.30 Premier League Poker II** (10:15)
**03.15 Jay Leno** (e)
**04.00 Jay Leno** (e)
**04.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.30 European Tour 2010** (1:4) (e)
**12.30 European Tour 2010** (2:4)
**16.30 Golfing World** (e)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 European Tour 2010** (2:4) (e)
**22.00 Golfing World** (e)
**22.50 PGA Tour Yearbooks** (1:10) (e)
**23.40 Golfing World** (e)
**00.30 ESPN America**

## EXTRA

**18.45 The Doctors**
**19.30 Last Man Standing** (4:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum.
**20.25 Little Britain 1** (1:8) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Williams og færðu þeim heimsfrægð.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 NCIS: Los Angeles** (8:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni.
**22.35 The Closer** (14:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.
**23.20 The Event** (1:13) Hörkuspennandi þættir um venjulegan ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærustunni hans er rænt og hann grunaður.
**00.05 The Pacific** (1:10) Magnaðir verðlaunaþættir frá framleiðendum Band of Brothers.
**01.00 The Mentalist** (23:23)
**01.45 V** (1:12)
**02.35 Mad Men** (13:13)
**03.25 Lie to Me** (5:22)
**04.10 Numbers** (23:23)
**04.55 True Blood** (12:12)
**05.55 Medium** (18:19)

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** með Hildu Jónu Gísladóttur.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin er ekki alveg sátt.
**21.00 Golf fyrir alla** Litið til baka á holurnar 18 á Hamarsvelli.
**21.30 Heilsuþáttur Jóhönnu** Tvær mæður skólabarna og Lukka koma í heimsókn.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 The Truth About Love**
**10.00 My Girl**
**12.00 Shrek 2**
**14.00 The Truth About Love**
**16.00 My Girl**
**18.00 Shrek 2**
**20.00 What Happens in Vegas...**
**22.00 Bride Wars**
**00.00 Snakes on a Plane**
**02.00 The Last Boy Scout**
**04.00 Bride Wars**
**06.00 Marley & Me**




BÍÓ




EXTRA

OPIÐ HÚS Í TILEFNI AF 25. STARFSÁRI STÖÐVAR 2

Í tilefni af því að Stöð 2 hefur 25. starfsár sitt verður Stöð 2 í opinni dagskrá í heilan sólarhring. Í allt kvöld og fram yfir frumsýningu Spaugstofunnar annað kvöld.

Landsmönnum gefst kostur á að njóta þeirrar fjölbreyttu dagskrár sem við bjóðum. Á föstudag fá þættirnir Ísland í dag, Logi í beinni og Sveppi & Auddi á sig sérstakan viðhafnarbrag, þar sem skyggnst verður bak við tjöldin og farið yfir sögu stöðvarinnar.

Á laugardag vaknar Sveppi með börnunum og síðan verður boðið upp á úrval bestu og vinsælustu þátta Stöðvar 2 allan daginn. Kl 19:35 stundvíslega verður svo sjálf Spaugstofan opinberuð í allri sinni dýrð í opinni dagskrá.

Dagskrá Stöðvar 2 Bíó og Stöðvar 2 Extra verður að sjálfsögðu ólæst á sama tíma. Líttu við hjá okkur. Það eru allir velkomnir.

## Í KVÖLD




**STÖÐ 2, STÖÐ 2 BÍÓ OG STÖÐ 2 EXTRA**

**Opið hús á Stöð 2**

Dagskrá Stöðvar 2, Stöðvar 2 Extra og Stöðvar 2 Bíós verður send út ólæst í rúman sólarhring, frá kl. 18 föstudaginn 8. október fram yfir kl. 20 laugardaginn 9. október. Boðið verður upp á sérstakar viðhafnarútgáfur af Loga í beinni og Audda og Sveppa ásamt fyrsta flokks bíómyndum. Sveppi vaknar með börnunum í glænýrri seríu af Algjörum Sveppa á laugardagsmorgun og úrval af bestu og vinsælustu þáttum Stöðvar 2 verður allan laugardaginn. Fyrsti þáttur Spaugstofunnar á Stöð 2 verður svo sendur út í opinni dagskrá laugardaginn 9. október.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.15** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Fjórðungi bregður til fósturs
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Stormur
**15.25** 2+2 eru 5
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.21** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Fjölradda sveiflusöngur
**21.10** Hringsól
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Það myndi vera Top Gear, þremenningarnir sem stjórna þessum þætti eru snillingar og kunna að stjórna sjónvarpsþætti.“*

Óskar Hrafn Þorvaldsson fréttastjóri

# Bankahrunið sem pásumerki



**OSCAR BJARNASON** Oscar býr til afmælismerki á Facebook í frístundum sínum.

Grafíski hönnuðurinn Oscar Bjarnason hefur í frístundum sínum búið til afmælismerki fyrir vini og kunningja á Facebook. Núna eru merkin orðin 106 talsins. Á síðasta ári gerði hann merki fyrir eins árs afmæli bankahrunsins og stutt er síðan tveggja ára afmælismerki þess leit dagsins ljós. „Það er með íslenska fánanum og pásumerki. Það er ekkert búið að gerast síðan síðast,“ segir Oscar um ástand mála eftir hrunið. Spurður hvernig hann haldi að þriggja ára afmælismerkið líti út segist hann ekki hafa hugmynd. „Það væri dásamlegt að sleppa því að þurfa að gera það.“



**2 ÁRA AFMÆLI** Þetta merki lýsir tveggja ára afmæli bankahrunsins.

Oscar hefur það sem reglu að eyða helst ekki meira en tíu mínútum í hvert merki. Notfærir hann sér Facebook til að sjá hver á afmæli í hvert sinn. Á meðal kunnra einstaklinga sem hafa orðið þess heiðurs aðnjótandi að komast á merkjalistann hjá honum eru Hemmi Gunn, Ómar Ragnarsson og John Lennon.

Oscar er margverðlaunaður hönnuður. Hann var á meðal átta sérfræðinga sem heimasíða dagblaðsins New York Times leitaði álits hjá um nýtt merki hjá leigubílum New York-borgar. Japanski fataframleiðandinn UNIQLO keypti einnig af honum merki hans Systm fyrir fatalínu sína. **- fb**


# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15.10. Kl. 20:00 frums. U | Lau 30.10. Kl. 20:00 4. sýn U | Fim 11.11. Kl. 20:00 8. sýn Ö |
| Lau 16.10. Kl. 20:00 2. sýn Ö | Sun 31.10. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 12.11. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 22.10. Kl. 20:00 aukas. Ö | Fös 5.11. Kl. 20:00 6. sýn U | Fös 19.11. Kl. 20:00 |
| Lau 23.10. Kl. 20:00 3. sýn U | Lau 6.11. Kl. 20:00 7. sýn Ö | Lau 20.11. Kl. 20:00 |



**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 9.10. Kl. 13:00 U | Sun 17.10. Kl. 13:00 Ö | Sun 24.10. Kl. 13:00 |
| Lau 9.10. Kl. 15:00 U | Sun 17.10. Kl. 15:00 Ö | Sun 24.10. Kl. 15:00 U |
| Lau 16.10. Kl. 13:00 Ö | Lau 23.10. Kl. 13:00 Ö | |
| Lau 16.10. Kl. 15:00 Ö | Lau 23.10. Kl. 15:00 Ö | |



**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 8.10. Kl. 20:00 U | Lau 23.10. Kl. 20:00 U | Lau 6.11. Kl. 20:00 U |
| Lau 9.10. Kl. 20:00 U | Fös 29.10. Kl. 20:00 Ö | Fim 11.11. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 15.10. Kl. 20:00 U | Lau 30.10. Kl. 20:00 Ö | Fös 12.11. Kl. 20:00 |
| Lau 16.10. Kl. 20:00 Ö | Sun 31.10. Kl. 20:00 Ö | Lau 13.11. Kl. 20:00 |
| Fim 21.10. Kl. 20:00 Aukas. U | Fim 4.11. Kl. 20:00 U | |
| Fös 22.10. Kl. 20:00 U | Fös 5.11. Kl. 20:00 Ö | |



**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 8.10. Kl. 19:00 U | Mið 27.10. Kl. 19:00 U | Sun 14.11. Kl. 19:00 Ö |
| Lau 9.10. Kl. 19:00 U | Fim 28.10. Kl. 19:00 U | Mið 24.11. Kl. 19:00 Aukas. |
| Sun 17.10. Kl. 19:00 U | Mið 3.11. Kl. 19:00 Aukas. Ö | Fim 25.11. Kl. 19:00 Aukas. |
| Sun 24.10. Kl. 19:00 U | Sun 7.11. Kl. 19:00 Ö | Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. |
| Þri 26.10. Kl. 19:00 U | Mið 10.11. Kl. 19:00 Ö | Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. Ö |

GERPLA

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 21.10. Kl. 20:00 U | Lau 13.11. Kl. 20:00 | Fös 3.12. Kl. 20:00 |
| Fös 29.10. Kl. 20:00 Ö | Fim 18.11. Kl. 20:00 Aukas. | |
| Fim 4.11. Kl. 20:00 Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 Ö | |

Leikhúskort 4 miðar á aðeins 9.900 kr.

Leikhúskortið 2010/2011




**ÍSLENSKT HÁGÆÐAILMVATN** Áletrunin á EFJ Eyjafjallajökull er prentuð með 24 karata gulli en Sigrún Lilja Guðjónsdóttir hyggst setja á markað fyrsta íslenska ilmvatnið sem fer í almenna sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SIGRÚN LILJA GUÐJÓNSDÓTTIR:** ALLTAF VERIÐ Á STEFNUSKRÁNNI

# Ilmvatn úr vatni Eyjafjallajökuls á alþjóðamarkað

„Ég held að þetta sé fyrsta íslenska ilmvatnið sem fer í almenna sölu. Það var reyndar íslensk listakona, Andrea Maack, sem bjó til ilmvatn á þessu ári og hafði það hluta af gjörningi,“ segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, oftast kennd við tískuvörumerkið Gyðju. Hún hyggst setja á markað ilmvatnið EFJ Eyjafjallajökull sem er framleitt úr vatni jökulsins. Sigrún mun vera andlit ilmsins en í næstu viku fer hún með hópi tökufólks, leikurum og jarðfræðingnum Birni Oddssyni með þyrlum upp á topp eldfjallsins til að taka upp auglýsingu og stutta heimildarmynd. „Það er búið að gera handrit þar sem kraftur náttúrunnar og kraftur gyðjunnar kemst vel til skila,“ segir Sigrún.

Eins og gefur að skilja tekur langan tíma að búa til eitt stykki ilmvatn. Og Sigrún var búin að reyna mikið af sýnishornum og prófunum á sínum nánustu og sjálfri sér áður en hún varð ánægð með það sem hún fann. „Við prufum sitt lítið af hverju og mér finnst ilmurinn hafa allt til brunns að bera, hann er nógu léttur til að hægt sé að vera með hann á hverjum degi og það er svona ríkjandi sítruskeimur af honum.“ Sigrún er ekki í vafa um að íslenskur ilmur eigi erindi á hinn harða markað ilmvatna og hún hyggst nýta sér það góða orðspor sem tískuvörumerkið Gyðja hefur aflað sér erlendis hjá stórstjörnum á borð við Kylie Minogue og Paris Hilton. „Við ætlum okkur að sjálfsögðu að koma þessu á framfæri við umheiminn. Nafnið Eyjafjallajökull er að sjálfsögðu ákaflega þekkt vegna eldgossins en við ákváðum að nota líka skammstöfunina EFJ þar sem það er frekar erfitt að bera nafnið fram. Mér finnst bara fyrst og fremst gleðilegt að það skuli koma jákvæð vara út úr þessu öllu,“ segir Sigrún en ilmvatnið er framleitt í Suður-Frakklandi.

Sigrún segir það alltaf hafa verið á stefnuskránni hjá sér að gera eigið ilmvatn. Og það verður ekkert til sparað að gera vöruna sem veglegasta. „Áletrunin framan á pakkningunni og á flöskunni sjálfri er prentuð með 24 karata gulli og þetta er með Eau de parfum-stimplinum sem þýðir að þetta er hágæðailmvatn sem endist vel.“

freyrgigja@frettabladid.is






# Sveinn undirbýr matreiðslubók

Sjónvarpsþættirnir Fagur fiskur í sjó, þar sem þau Sveinn Kjartansson og Áslaug Snorradóttir göldruðu fram dýrindis fiskrétti, slógu eftirminnilega í gegn hjá RÚV. Sveinn hyggst fylgja eftir þeim vinsældum með matreiðslunámskeiði og matreiðslubók.

„Allur þessi áhugi kom mér svolítið á óvart. Fólk hefur verið að senda mér spurningar en líka sínar eigin hugmyndir um rétti. Og svo hefur fólk líka hringt og spurt um einhver góð brögð í eldhúsinu,“ segir Sveinn Kjartansson, matreiðslumaður og eigandi Fylgifiska. Sveinn segir vinsældir sjónvarpsþáttarins hafa verið nánast lygilegar. „Fólk hefur greinilega mikinn áhuga á matreiðslu og þetta er svolítið tvíþætt. Annars vegar hefur eldri kynslóðin mikinn áhuga á öllum þessum framandi kryddjurtum og -tegundum sem hafa flætt yfir okkur undanfarin ár en yngri kynslóðina langar kannski mest að vita hvernig eigi að meðhöndla og matreiða heilan fisk.“

Matreiðslumaðurinn hefur getið sér gott orð fyrir fiskrétti sína hjá Fylgifiskum en hann hefur aldrei gefið út sína eigin matreiðslubók, eingöngu lánað uppskriftir í fiskréttabók Hagkaups. „Núna er hins vegar rétti tíminn, ég er að verða fimmtugur og er kominn úr lærlingagallanum.“ **- fgg**



**VINSÆLL** Sveinn Kjartansson hefur öðlast miklar vinsældir með þáttunum Fagur fiskur í sjó. Hann hyggst fylgja þeim eftir með matreiðslubók og námskeiðahaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


512 50 50 Auglýsingasími

FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...

# Nýkomin sending

**af sófasettum, stökum sófum og tungusófum í leður- og tauáklæði.**



model 625

310x222x79 sm. - Leður: Svart, hvítt & brúnt.



model 1052: 270x200x90 sm.
Leður: Svart, hvítt & brúnt.

25% afsláttur af öllum vörum







model 601

3ja: 230x95x82 sm. - Stóll: 110x95x82 sm.
3+1+1 / 3+2. Leður: Svart, hvítt & brúnt.

25% afsláttur af öllum vörum



Tvískipt springdýna með sjálfstæðri pokafjöðrun og memory foam

25% afsláttur af A-direct heilsurúmum

HEIMA HÚSIÐ

Öndvegi mood lifum

GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

Opið virka daga 10-18, lau. 11-16.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VISIR.IS**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sruli sýknaður



Eins og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudag var ástralski hönnuðurinn **Sruli Recht** dreginn fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur vegna regnhlífa sem hann hafði hannað. Höldurnar á þeim líktust hnúajárni en dómari féllst hvorki á að þær væru vopn né hættulegar. Sruli getur því haldið áfram að selja þær í verslun sinni Vopnabúrinu við Hólmaslóð.

### Gissur mætir

Glæpafaraldur stendur nú yfir í Eymundsson og í dag er ætlunin að rithöfundar lesi upp úr nýjum bókum sínum í versluninni á Skólavörðustíg. Einn þeirra er Óskar Hrafn Þorvaldsson sem gefur út sína fyrstu bók, Martröð millanna, í lok mánaðarins. Óskar hyggst þó ekki lesa sjálfur upp úr bókinni heldur hefur fengið fyrrverandi samstarfsmann sinn til verksins, sjálfan morgunhanann af Bylgjunni **Gissur Sigurðsson**. Það verður því notaleg stemning fyrir viðstadda enda Gissur fastur punktur í tilveru margra.



### Sálin tryllir í Höllinni

Sálin hans Jóns míns með **Stefán Hilmarsson** fremstan í flokki er hvergi af baki dottin þótt ekki hafi mikið til hennar heyrst að undanförnu. Metnaðarleysi hefur ekki gert vart við sig í herbúðum sveitarinnar og dugar ekki minna en Laugardalshöll undir næstu tónleika hennar hinn 13. nóvember næstkomandi. Tilefnið er ærið; Upp og niður stigann, nýjasta plata sveitarinnar kemur nefnilega út í lok október. Sálarmenn hafa lofað sínum dyggu aðdáendum að þeir muni leika öll sín bestu lög, dyggilega studdir af þrettán manna brasssveit. **- fgg**



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Listamenn vilja ekki fara í sund með erlendum gestum
2. Uppnám er hjá samtökunum Sjálfstæðu leikhúsin eftir...
3. Bjarni Benediktsson átti einkafund með David
4. Í lagi að leggjast með óvininum
5. Lúbarði þjón sinn og kyrkti





